allt

Andri Ingólfsson:



*Þegar menn byggðu eins og karlmenni*

• fasteignir • heimili

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

Í.R.A.:



*Gefur munaðarlausum drengjum nýtt útvarp*

• ekta amatörar

SÍÐA 34 ▶

Grímur Gíslason:



*Kominn á tíræðisaldur*

• elsti fréttaritari ríkisútvarpsins

SÍÐA 22 ▶

Jaliesky García:



*Týndur og tröllum gefinn*

• hefur frest til kvölds til að tilkynna sig

SÍÐA 26 ▶


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. janúar 2005 – 8. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


## MÁNUDAGUR



**ÓTTAST KLÓRGASSLYS Í KÓPAVOGI** Ekki er vitað hve mikið klórgas er á svæði Mjallar-Friggjar í Kópavogi. Íbúar eru áhyggjufullir. Bæjaryfirvöld taka ákvörun um miðjan mánuð. **Sjá síðu 2**

**YFIRBURÐASIGUR MAHMOUDS ABBAS** Mahmoud Abbas er nýr forseti Palestínu. Hann ætlar endurvekja friðarviðræðurnar við Ísraela eins fljótt og auðið er. Það eru erfiðir tímar framundan að sögn Abbas. **Sjá síðu 4**

**HÆKKANIR LANGT UMFRAM VERÐLAG** Alþýðusamband Íslands hefur áhyggjur af hækkunum ríkis og sveitarfélaga á gjaldskrám og áhrifum þeirra á verðbólgu. **Sjá síðu 6**

**IMPREGILO FÆR EKKI SÉRMEÐFERÐ** Talsmaður Impregilo er ósáttur við gagnrýni á fyrirtækið síðustu daga. Hann telur flestar fullyrðingar verkalýðshreyfingarinnar rangar. **Sjá síðu 8**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**SNJÓKOMA** um sunnanvert landið. Stöku él annars staðar. Frost víðast 1-10 stig, kaldast til landsins. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**NEYÐARHJÁLP Í NORÐRI** Landsöfnunin Neyðarhjálp úr norðri hefst í dag. Söfnunin er til styrktar fórnarlömbum hamfaranna í Asíu. Hámarki nær söfnunin með beinni sjónvarpsútsendingu á laugardaginn.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 30 | Myndlist | 30 |
| Tónlist | 30 | Íþróttir | 24 |
| Leikhús | 30 | Sjónvarp | 32 |







FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BRUNAÐ NIÐUR BREKKUNA MEÐ BROS Á VÖR** Margir nutu útiveru á höfuðborgarsvæðinu í gær og ýmist gengu eða renndu sér á snjóþotum líkt og stöllurnar á myndinni sem tekin var á Miklatúni. Hæglætisveður var víðast hvar á landinu en kuldaboli beit í kinnar. Gert er ráð fyrir snjókomu, vindi og kulda í dag og næstu daga en hlýnandi veðri á fimmtudag. Aftur kólnar á laugardag.

# Hvítasunnusöfnuður stýrir ekki Framsókn

**Alfreð Þorsteinsson er harðorður í garð flokksbræðra. Formaður Framsóknarfélags vill nýja forystu en Alfreð segir hreinar línur að Hvítasunnusöfnuðurinn eigi ekki að stjórna flokknum.**

**STJÓRNMÁL** Nýir frambjóðendur þurfa að leiða lista Framsóknarflokksins í næstu borgarstjórnarkosningum ef árangur á að nást, að mati Gests Gestssonar, formanns Framsóknarfélags Reykjavíkur-norður. Hann segir persónulega hagsmuni Alfreðs Þorsteinssonar innan Orkuveitu Reykjavíkur tekna fram yfir hagsmuni borgarbúa og Framsóknarflokksins í Reykjavík.

Alfreð Þorsteinsson, oddviti framsóknarmanna innan Reykjavíkurlistans, segir eðlilegt að einstaklingar í flokkum geti haft sínar skoðanir. Hann sé hins vegar ósammála Gesti. „Ég efast um að hann tali fyrir hönd almennra framsóknarmanna í Reykjavík því ég hef ekki orðið var við að hann haldi fundi hjá Framsóknarfélagi Reykjavíkur-norður. Annars skilst mér að Gestur sé einhver angi af Hvítasunnusöfnuðinum og það eru hreinar línur að söfnuðurinn stjórnar ekki Framsóknarflokknum í Reykjavík.“





**GESTUR GESTSSON OG ALFREÐ ÞORSTEINSSON**
Harðar deilur eru komnar upp innan Framsóknarflokksins í Reykjavík.

Gestur Gestsson segir ummæli Alfreðs sérlega ósmekkleg. Það lýsi vel fátækri málefnastöðu Alfreðs að aðalatriðið í málflutningi hans sé í hvaða trúfélagi menn séu. „Það er víst trúfrelsi á Íslandi,“ segir Gestur. Hann segir það ekki rétt hjá Alfreð að fundir séu ekki haldnir hjá félaginu því síðasti félagsfundur hafi farið fram í október en á hann hafi Alfreð hins vegar ekki mætt.

„Borgarfulltrúar flokksins njóta ekki trúverðugleika borgarbúa og fylgi við þá talar sínu máli,“ segir Gestur. „Það fer alltaf neðar og neðar og það segir mér að það sé ekki rétt fólk við stjórnvölinn. Skoðanakannanir sýna að flokkurinn er nánast ekki til í huga borgarbúa.“ Framsóknarflokkurinn í borgarstjórn mældist með tæplega fimm prósenta fylgi í nýlegri skoðanakönnun sem gerð var fyrir sjálfstæðismenn.

ghg@frettabladid.is

Klórgasverksmiðja:

## Vill banna starfsemina

**KLÓRGAS** Ómar Stefánsson, framsóknarmaður í bæjarráði Kópavogs, er mótfallinn því að klórgasverksmiðja fái starfsleyfi í Kópavogi. Hann vill að umhverfisráðherra beiti sér fyrir því að banna klórgasverksmiðjur í byggð.

Ómar undrast að Heilbrigðiseftirlit bæjarins nýti ekki heimildir sínar til að beita sér gegn framleiðslu Mjallar-Friggjar en fyrirtækið starfar án leyfa.

Ingvar Árnason, prófessor í raunvísindadeild við Háskóla Íslands, segir að slyppi klórgasið sem geymt sé á svæðinu út yrði meiriháttar stórslys: „Klórgas hefur varanleg áhrif á fólk. Í fyrri heimsstyrjöldinni var klórgas notað sem eiturgas í hernaði. Það ertir slímhúð, bæði augu og öndunarfæri. Það endar með því að menn kafna.“ - gag

Sjá síðu 2

Óveður á Norðurlöndum:

## Tré féllu á fólk

**NORÐURLÖND** Ellefu manns létust í óveðrinu sem gekk yfir í Danmörku og Svíþjóð um helgina. Flestir létust þegar tré féllu á bíla þeirra. Í Suður-Svíþjóð fór vindur mest upp í 42 metra á sekúndu og rifnuðu þar tré upp með rótum.

Rafmagn fór af 411 þúsund heimilum í Svíþjóð og 60 þúsund heimili voru án rafmagns í Danmörku, þar mældist vindur allt upp í 49 metra á sekúndu. í kjölfar óveðursins urðu mikil flóð og í bæjum á Vestur-Jótlandi mynduðust víða þriggja metra djúp vötn.

Óveðrið náði einnig til Bretlandseyja og flæddu árnar yfir bakka sína vegna mikillar úrkomu en þar létust þrír og tveggja er saknað. Einnig þurftu þúsundir manna hjálp björgunarmanna við að yfirgefa heimili sín og voru 76 þúsund heimili án rafmagns. - keþ






## SPURNING DAGSINS

*Er ekki kalt á toppnum, Tóti?*

**Nei, ekki á Toppnum á Eskifirði.**

Þórarinn Hávarðsson opnaði nýlega veitinga- og skemmtistaðinn Toppinn á Eskifirði. Húskaup og framkvæmdir kostuðu rúmar 27 milljónir króna.

Alþýðusambandið:

# Samningar í uppnámi

**KJARASAMNINGAR** Í umræðum um málefni ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo hafa forystumenn Alþýðusambandsins minnt félagsmálaráðherra á að kjarasamningar verða endurskoðaðir 1. nóvember. Með því vilja þeir benda ráðherranum á að framganga hans og stofnana félagsmálaráðuneytisins kunni að hafa áhrif á forsendur samninga.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, segir engar hótanir á ferðinni, aðeins ábendingar um að uppsagnarforsendur séu til staðar, þróist mál þannig. „Það eru raunar allar líkur á að slíkar forsendur skapist miðað við það sem þegar hefur gerst. Hins vegar hefur engin ákvörðun verið tekin enda tekur Alþýðusambandið sem slíkt ekki slíkar ákvarðanir heldur aðildarfélögin og að auki verður það þá ekki gert fyrr en þegar kemur að endurskoðuninni.“

Þrátt fyrir að málið hafi ekki verið skoðað formlega hafa heyrst raddir innan ASÍ þess efnis að forsendur kjarasamninga séu þegar brostnar.

- bþs



**FRÁ KÁRAHNJÚKUM**
Framganga Impregilo og yfirvalda vinnumála kunna að setja kjarasamninga í uppnám.

# Slys í Bandaríkjunum vekur ótta í Kópavogi

**Ekki er vitað hve mikið klórgas er á svæði Mjallar-Friggjar í Kópavogi. Fyrirtækið fær að klára að vinna birgðir sem það flutti með sér úr Reykjavík þó að starfsleyfi vanti. Íbúar eru áhyggjufullir. Bæjarráð tekur ákvörðun um miðjan mánuðinn.**

**KLÓRGAS** Níu létust í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum þegar fragtlest sem flutti klór rakst á aðra kyrrstæða á fimmtudag og klórgas komst í andrúmsloftið.

Um 250 manns þurftu læknisaðstoð og 5,400 íbúum var gert að rýma hús sín í flýti í tæplega tveggja kílómetra radíus. Þeir fá ekki að snúa heim fyrr en í fyrsta lagi á þriðjudag. Enn er reynt að stöðva lekann, samkvæmt fréttum Associated Press, AP.

Íbúar í Kópavogi hafa hringt og lýst áhyggjum sínum við Fréttablaðið af veru klórgasverksmiðju Mjallar-Friggjar í Vesturvör í Kópavogi. Ekkert er vitað um framleiðslu fyrirtækisins en vitað er að þegar fyrirtækið flutti frá Fosshálsi í Reykjavík fylgdu þrýstihylki með klórgasi og hófst vinnsla án tilskilinna leyfa. Sótt var um leyfi til klórframleiðslu. Því var hafnað af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogs. Bæjarráð hefur málið til skoðunar og ætlar að álykta um það 13. janúar.



**SVÆÐIÐ SEM GÆTI MENGAST VIÐ SLYS**
Aðvara þyrfti fólk í allt að 2,7 kílómetra fjarlægð slyppi klórgas út í andrúmsloftið. Mörg þúsund manna byggð er í kringum fyrirtækið Mjöll-Frigg. Bæði sjúkrahús höfuðborgarinnar eru innan svæðisins.



MYND AP

**KLÓRGAS LEYST ÚR LÆÐINGI Í BANDARÍKJUNUM**
Fljótandi klór var farmur fragtlestar sem lenti á annarri kyrrstæðri í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum á fimmtudag. Rýma þurfti byggð í tveggja kílómetra radíus. Fólkið fær ekki að snúa heim fyrr en á þriðjudag. Níu létust. Enn er unnið að stöðvun lekans.

Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs, segir fyrirtækið fá að klára þær birgðir sem það flutti með sér. Heilbrigðiseftirlitið viti ekki hve miklar þær séu né hvort þær séu geymdar á öruggan hátt. Það sé í verkahring slökkviliðsins en litlar líkur séu á slysi.

Bjarni Kjartansson, yfirmaður eldvarnareftirlits slökkviliðsins, segir bráðabirgðaúrbætur hafa verið gerðar á eldvörnum hússins. Þær séu vel ásættanlegar. Í mesta lagi séu sex tonn af klóri í vinnslu og sex tonn í gámi á svæðinu:

„Við höfum skyldu samkvæmt lögum að bregðast við ef slys verður með hættuleg efni. Við höfum hins vegar ekkert að segja um umbúnað og varnir gegn því, það er í umsjón vinnueftirlits og heilbrigðiseftirlits, nema hvað varðar brunaþáttinn. Það segir sig sjálft að eldsvoði í húsi sem hefur að geyma umtalsvert magn af hættulegum efnum getur orðið að umhverfisslysi.“

Ekki fékkst samband við Hinrik Morthens, eiganda eignarhaldsfélags Filtertækni og Mjallar-Friggjar. Hann kjósi að svara ekki fjölmiðlum.

gag@frettabladid.is



MYND AP

**SÖGULEGIR SAMNINGAR**
Stuðningsmaður súdönsku frelsishreyfingarinnar fagnar undirritun sögulegra friðarsamninga í Súdan.

Friðarsamningar í Súdan:

## Borgarastríði lokið

**SÚDAN, AP** Súdönsk stjórnvöld hafa undirritað friðarsamninga við leiðtoga uppreisnarmanna í Suður-Súdan. Samningarnir binda enda á lengsta borgarastríð sem staðið hefur yfir í Afríku. Hann var undirritaður í höfuðborginni Nairóbí í gær.

Um 1,5 milljónir manna hafa látist í stríðinu sem staðið hefur í tuttugu ár á milli múslima úr norðri og kristinna annars vegar og múslima og andatrúarmanna úr suðri.

Friðarsamningurinn nær ekki til Darfur-héraðs. ■

Bílvelta:

## Fimm í skoðun á spítala

**LÖGREGLUMÁL** Fimm manna fjölskylda virðist hafa sloppið vel þegar jeppi sem hún var í valt. Atvikið varð á Vesturlandsvegi sunnan við afleggjarann á Bröttubrekku um kvöldmatarleytið í gær.

Ekki sáust áverkar á þeim en læknir sem kom á staðinn ákvað að senda þau til skoðunar á Landsspítala – háskólasjúkrahús. Fjölskyldan var á suðurleið. Mikil hálka og ísing var á vegum en fjölskyldan komst út úr bílnum og fékk aðstoð vegfarenda. Lögreglan í Borgarnesi segir mesta mildi að ekki skyldi fara verr.

- gag



**DAVÍÐ ODDSSON**
Með svipaðar hugmyndir um uppbyggingu Landspítalans og Samfylkingin.

Landspítalinn:

## Fagnar hugmynd Davíðs

**STJÓRNMÁL** Kristján Möller, þingmaður Samfylkingarinnar, fagnar hugmynd Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra um að fjármagn sem ríkið fengi fyrir sölu Símans verði notað til stórs verkefnis, til dæmis að byggja nýtt sjúkrahús fyrir Landspítalann.

Fyrir ári síðan lagði Kristján og fleiri þingmenn Samfylkingar fram þingsályktunartillögu þar sem þetta var lagt til. „Ég fagna stuðningi Davíðs við þessa hugmynd,“ segir Kristján. Hann segir Landspítalann eiga miklar eignir sem hægt væri að selja ef nýtt sjúkrahús yrði byggt. Þá vantaði fimmtán til tuttugu milljarða króna til að brúa bilið og það mætti gera með hagnaði af sölu Símans sem gæti orðið allt að fjörutíu milljarðar króna.

- ghg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**KVEIKT Í GÁMUM** Tvisvar var kveikt í ruslagámum í Hafnarfirði á sunnudag og var slökkvilið kallað út til að slökkva eldinn. Í fyrra skiptið var um að ræða gám við Lækjarskóla og í seinna kviknaði í gámi við Túnhvamm.






Skíðasvæðin fjölmenn:

# Örtröð var í Skálafelli og fjölmenni á öðrum skíðasvæðum

**ÚTIVIST** Landsmenn flykktust á skíðasvæðin um helgina þar sem fínasta veður var og gott færi. Á laugardaginn voru það Bláfjöll sem drógu fjöldann til sín því lokað var í Skálafelli vegna hvassviðris. Á sunnudeginum snerist dæmið við þar sem mikill vindur var í Bláfjöllum og stólalyftur lokaðar fyrripart dagsins. Fjöldinn fór því í Skálafell á sunnudaginn þar sem sól og blíða ríkjum.

„Það var næstum því örtröð í Skálafelli í gær, slíkur var mannfjöldinn,“ sagði Logi Sigurfinnsson, framkvæmdastjóri Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

„Svæðið annaði ekki fjöldanum og á sunnudagsmorguninn komst fólk hvorki lönd né strönd vegna bílafjölda. Það voru raðir í miðasölu, leigur og lyftur og starfsmenn reyndu eins og þeir gátu að anna fjöldanum. Það er nú samt alltaf ánægjulegt þegar svona mikið er að gera og það sem skiptir mestu máli er að dagurinn gangi slysalaust fyrir sig.“ Logi þorði ekki að slumpa á fjöldann en sagði þó að ekki kæmi sér á óvart að um þrjú þúsund manns hefðu heimsótt Skálafell á sunnudaginn.

Sunnudagurinn bauð Akureyringum einnig upp á heimsókn á skíðasvæðin þar sem sólríkt og fallegt veður var í Hlíðarfjalli.

- bg



**HLÍÐARFJALL Á AKUREYRI**
Gott veður var á Akureyri á sunnudaginn og margir gripu þann væna kost að skella sér í Hlíðarfjall. Þessir krakkar voru ánægðir með daginn.






HVITA HUSID / SIA

Hörð barátta við náttúruöflin í Dakar-rallinu hefur ekki bara skilað okkur 9 sigurverðlaunum, heldur einnig dýrmætri þekkingu sem nýtist við hönnun bílsins. Við hikum ekki við að leggja á okkur langa ferð við erfiðar aðstæður til að skila þér bíl sem uppfyllir ströngustu kröfur um gæði og styrk.

Vertu í forystunni með Mitsubishi

DRIVE ALIVE

MITSUBISHI MOTORS

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 09.01.2005

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,89 | 63,19 |
| Sterlingspund | 118,41 | 118,99 |
| Evra | 83,23 | 83,69 |
| Dönsk króna | 11,184 | 11,25 |
| Norsk króna | 10,1 | 10,16 |
| Sænsk króna | 9,205 | 9,259 |
| Japanskt jen | 0,6022 | 0,6058 |
| SDR | 96 | 96,58 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**113,8162**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Ný raforkulög:

# Grænmetisframleiðslan í óvissu

**LANDBÚNAÐUR** Að öllu óbreyttu stórhækkar verð á rafmagni til garðyrkjubænda um næstu mánaðamót. Unnið er að lausn málsins því verði ekki að gert mun grænmetisframleiðsla í landinu leggjast af.

Með nýju raforkulögunum, sem tóku gildi um áramót, falla niður þeir afslættir sem grænmetisbændur hafa notið en rafmagn er einn dýrasti liður framleiðslunnar.

Vinna við að athuga hvernig hægt er að koma til móts við framleiðendur er nýhafin en að henni koma fulltrúar garðyrkjubænda, landbúnaðarráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og orkufyrirtækjanna. Gömlu taxtarnir áttu að falla úr gildi um áramót en hafa verið framlengdir út janúarmánuð.

Verði ekkert að gert hækkar raforkuverð framleiðenda um 30 til 100 prósent, allt eftir því hvað og hvernig menn rækta.

Helgi Jóhannesson, formaður Sambands garðyrkjubænda, segist bjartsýnn á farsæla lausn málsins en bendir á að óvissan sé óþægileg. Ómögulegt sé að þróa greinina eða gera framtíðarplön á meðan óvissa um svo veigamikið atriði ríkir.

- bþs



TÓMATARÆKTUN
Verði ekkert að gert ganga nýju raforkulögin að grænmetisframleiðslunni dauðri.



ÖGMUNDUR JÓNASSON
Abbas hafði arfleifð Arafats með sér.

Ögmundur Jónasson:

## Áfangi í lýðræðisþróun

**PALESTÍNA** „Verði niðurstöðurnar á þessa leið eru úrslitin í samræmi við skoðanakannanir," sagði Ögmundur Jónasson alþingismaður í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld. Ögmundur fylgdist með kosningunum í Palestínu ásamt fleiri Íslendingum.

„Mustafa Barghouti má una vel við sinn hlut því allt stofnanavaldið hér lagðist á sveif með Abbas sem hafði að auki arfleifð Arafats með sér." Ögmundur telur víst að Barghouti og hans menn uni úrslitunum og veiti Abbas lýðræðislegt aðhald á kjörtímabilinu.

Margir hunsuðu kosningarnar og telja að nær hefði verið að kjósa útlagastjórn: „Þetta eru minnihluta raddir. Yfirgnæfandi meirihluti var fylgjandi kosningunum og lítur á þær sem áfanga í lýðræðisþróun í Palestínu."

- bþs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**FÓLKIÐ SAKAÐI EKKI** Jeppi valt við Svínavatn í umdæmi lögreglunnar á Selfossi um fimmleytið í gær. Tvennt var í bílnum og sakaði ekki. Lögreglan segir bílinn illa farinn og þurft hafi að fjarlægja hann með kranabíl.

# Yfirburðasigur Mahmouds Abbas

Mahmoud Abbas er nýr forseti Palestínu. Hann ætlar að endurvekja friðarviðræðurnar við Ísraela eins fljótt og auðið er. Það eru erfiðir tímar framundan að sögn Abbas.

**PALESTÍNA, AP** Mahmoud Abbas, frambjóðandi Fatah, stærstu fylkingarinnar innan Frelsissamtaka Palestínumanna (PLO), sigraði örugglega í forsetakosningunum sem fram fóru í gær. Samkvæmt útgönguspám fékk hann á bilinu 66 til 70 prósent greiddra atkvæða. Mustafa Barghouti, helsti keppinautur Abbas, fékk um 20 prósent atkvæða. Enginn hinna fimm frambjóðendanna náði tíu prósenta fylgi.

Gríðarleg fagnaðarlæti brutust út víðsvegar um Palestínu þegar spárnar voru kunngjörðar. Fólk söng á götum úti og skotið var úr rifflum upp í loftið. Abbas, sem kallaður er Abu Mazen í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs, hefur lofað að gera endurbætur á palestínska stjórnkerfinu, sem eftir áratuga stjórn Jassers Arafats er talið gjörspillt og óskipulagt. Abbas hefur ennfremur sagst ætla að endurvekja friðarviðræðurnar við ísraelsk stjórnvöld sem hafa legið niðri síðustu fjögur ár. Kosning Abbas er talin þýða að nýir tímar séu framundan í Palestínu. Abbas, sem hefur gagnrýnt ofbeldi palestínskra öfgamanna, nýtur víðtæks stuðnings alþjóðasamfélagsins enda þykir hann hófsamur leiðtogi.

„Það eru erfiðir tímar framundan," sagði Abbas þegar hann ávarpaði fjölda stuðningsmanna sinna í borginni Ramallah. „Verkefnin eru óþrjótandi við að byggja upp palestínskt þjóðfélag og tryggja öryggi borgarana."

Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, segist reikna með að funda með Abbas fljótlega. Hann sagði að sem tákn um vinsemd myndu ísraelsk stjórnvöld á næstunni sleppa hluta af um sjö þúsund palestínskum föngum sem eru í fangelsum í Ísrael.

„Ég held að þessar kosningar sýni að ákveðnar breytingar séu að eiga sér stað í Palestínu," sagði Raanan Gissin, aðstoðarmaður Sharons. „Við tökum þessum breytingum fagnandi og vonum að Abu Mazen leiði palestínsku þjóðina á leið sátta." ■



STUÐNINGSMAÐUR ABBAS
Ungur palestínumaður ber merki Mahmouds Abbas á höfuðfati sínu. Gríðarleg fagnaðarlæti brutust út víðsvegar um Palestínu þegar útgönguspár voru kunngjörðar.



ARIEL SHARON
Sharon ætlar að funda með Abbas fljótlega.






## Veðrið

**VÍÐAST EINHVER OFANKOMA**
Það liggur snjókomusvæði yfir sunnan- og suðvestanverðu landinu og éljaloft víða annars staðar. Vindur verður víðast skaplegur en þó sýnu stífastur á Vestfjörðum og þar kann að skafa nokkuð. Næstu dagar verða kaldir, en þó er ein og ein spá að gera ráð fyrir að það hlýni nokkuð yfir frostmark þegar líður á fimmtudaginn, m.ö.o. hláka. Það eru þó ennþá þrír dagar í það og það er langur tími í veðurfræðinni, ekki síst þegar spár eru misvísandi.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag




### Á morgun




Fremur hægur vindur, síst þó á Vestfjörðum.

### Miðvikudagur




Fremur stíf norðanátt austan til, annars hægari.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12°C | skúrir | Frankfurt | 11°C | alskýjað | Torrevieja | 17°C | léttskýjað |
| Osló | 7°C | skýjað | Prag | 10°C | alskýjað | Róm | 15C | skýjað |
| London | 13°C | skúrir | Amsterdam | 11°C | léttskýjað | New York | 12°C | skýjað |
| París | 11°C | léttskýjað | Varsjá | 7°C | skúrir | Miami | 27°C | léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson spyr:

# Er þessi drykkur OF HOLLUR fyrir þig?

**Kristall PLÚS er nýr léttkolsýrður vatnsdrykkur, bragðbættur með hreinu ávaxtaþykkni og inniheldur B-vítamín en hvorki hvítan sykur né rotvarnarefni. Eftirspurn eftir hollari drykkjum eykst stöðugt en með Kristal Plús er kominn nýr flokkur drykkja sem samræmast áherslu á heilbrigða lífshætti og almenn manneldismarkmið.**

**Dreifing á Kristal PLÚS** hefur tímabundið verið stöðvuð þar sem Ölgerðin sótti ekki um leyfi til vítamínbætingar á drykknum. Ölgerðin stöðvar dreifinguna í þeirri trú að sama muni gilda um aðra innflytjendur og framleiðendur á vítamínbættum vörum sem eru til sölu í verslunum án leyfis.

## Gróft brot á jafnræðisreglu

Almenn jafnræðisregla og samkeppnisforsendur réðu því að Kristall PLÚS var settur á markað án þess að sótt væri um leyfi. Tugir annarra vítamínbættra drykkja eru til sölu á almennum markaði án þess að sótt hafi verið um leyfi. Ölgerðin telur því að um samkeppnishamlandi mismunun sé að ræða við að setja eingöngu skorður við sölu og dreifingu á Kristal PLÚS á sama tíma og aðrar vörur eru óáreittar á markaði svo mánuðum og jafnvel árum skiptir.




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## Hvað gerir Kristall PLÚS fyrir þig?

**Ölgerðin hefur þróað Kristal PLÚS síðastliðna 12 mánuði og kaus að bæta B-vítamínum í drykkinn. Kristall PLÚS inniheldur m.a. fólasín sem tilheyrir B-vítamín-flokknum og er neysla þess: „... raunar undir ráðleggingum í öllum aldurshópum kvenna og karla, nema hjá yngstu körlunum." samkvæmt könnun Lýðheilsustöðvar.***

**Neyta þarf B-vítamína jafnt og þétt þar sem þau eru vatnsleysanleg og líkaminn þarfnast þeirra.**

**Sambærilegir drykkir hafa verið á markaði um nokkurt skeið í fjölmörgum Evrópulöndum og í Bandaríkjunum. Þeir hafa notið mikillar hylli þeirra sem sækjast í auknum mæli eftir hollum og bragðgóðum drykkjum til að svala þorstanum í dagsins önn.**

*Könnun á mataræði Íslendinga 2002 - helstu niðurstöður.

**Þrátt fyrir tímabundna stöðvun á dreifingu er Kristall PLÚS fáanlegur í verslunum á meðan birgðir endast.**

**Náðu þér í flösku af Kristal PLÚS! — Kristall PLÚS er góður, svalandi og hollur.**



## KJÖRKASSINN

*Tekurðu þér vetrarfrí?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 39% |
| Nei | 61% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu búinn að gefa pening í söfnun Rauða krossins vegna hamfaranna í Asíu?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



**MYNDIR AF FÓRNARLÖMBUM**
Ættingjar og vinir fólks sem saknað er eftir flóðbylgjuna í Asíu hafa hengt upp myndir þeim sem saknað er á vegg á eyjunni Phuket.

Erfitt að bera kennsl á fórnarlömb:

# Lík farin að rotna

**ASÍA, AP** Lík fórnarlamba flóðbylgjunnar í Asíu eru mörg svo illa farin vegna rotnunar að erfitt er að bera kennsl á þau. Vegna þessa segjast yfirvöld í Taílandi ekki geta borið á kennsl á meira en tvö þúsund lík.

Líkhús eru yfirfull og hefur hofum og ýmsum öðrum byggingum verið breytt í líkhús. Réttarlæknar vinna nú allan sólahringinn við að reyna að bera kennsl á fólkið sem fórst í hamförunum.

Staðfest er að ríflega 5.300 manns hafa látist í Taílandi en óttast er að allt að 9.000 hafi látist. Af hinum látnu eru um 1.800 Taílendingar, en um 1.300 erlendir ríkisborgarar. Ekki er vitað hver uppruni um 2.200 manna er. ■

Hafrannsóknastofnunin:

# Mikil loðna og kvóti aukinn

**SJÁVARÚTVEGUR** Hægt verður að auka loðnukvótann verulega miðað við þá loðnu sem fundist hefur í rannsóknarleiðangri Hafrannsóknastofnunarinnar. Rannsóknarskipið Árni Friðriksson hélt til leitar ásamt níu loðnuskipum fyrir um viku síðan og hefur verið leitað frá sunnanverðum Vestfjörðum austur að Norðfjarðarflóa.

Gert er ráð fyrir að loðnumælingu ljúki um eða upp úr miðri næstu viku og í kjölfarið mun Hafrannsóknastofnunin gera tillögur um endanlegt aflamark á yfirstandandi loðnuvertíð. Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, segir að mikil óvissa hafi ríkt um hversu mikla loðnu væri hægt að veiða á yfirstandandi vertíð þar sem mælingar hafi gengið illa í haust og áður en þeim var hætt fyrir áramót. Nú sé hins vegar búið að finna loðnuna og sjómenn og útgerðarmenn geti gert ráð fyrir því að kvótinn verði aukinn en um endanlega niðurstöðu mælinga og tillögur stofnunarinnar um aflamark sé ekkert hægt að segja fyrr en að leiðangri loknum. - ghg




**ÁRNI FRIÐRIKSSON**
Rannsóknarskip Hafrannsóknastofnunarinnar hefur fundið loðnu fyrir norðan land en illa hafði gengið að leita hennar fyrir áramót.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**VATNSSKEMMDIR Á ÍBÚÐ** Miklar vatnsskemmdir urðu á íbúðarhúsnæði í Grundarfirði aðfaranótt sunnudags. Festing losnaði undir krana í íbúð á efri hæð í tveggja hæða fjórbýli og sprautaðist vatn út af miklum krafti. Vatnið lak um alla íbúð og tók svo að rigna á hæðina fyrir neðan. Eigendur íbúðarinnar voru staddir erlendis en þegar eigendur íbúðarinnar á neðri hæðinni komu heim flæddi vatn á móti þeim, og á gólfinu var um 5-8 cm vatnshæð.

**MIKILL HRAÐAKSTUR** Fjórir ökumenn voru kærðir fyrir of hraðan akstur á Reykjanesbraut á tæpum tveimur tímum á sunnudagsmorgun. Mesti hraði sem mældist var 115 kílómetrar.

# Hækkanir langt umfram verðlagsbreytingar

## Alþýðusamband Íslands hefur áhyggjur af hækkunum ríkis og sveitarfélaga á gjaldskrám og áhrifum þeirra á verðbólgu. Forseti ASÍ segir að hið opinbera eigi að sýna betra fordæmi.

**OPINBER GJÖLD** „Þessar hækkanir eru þægileg fordæmi fyrir almenna markaðinn,“ segir Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, um þær hækkanir sem ríki og sveitarfélög hafa boðað á gjaldskrá og útsvari. „Ég vitna til þeirrar reynslu að vörur og þjónusta hækka þegar svona hefur gerst áður.“ Hann segir margar hækkanir á gjaldskrá hins opinbera vera langt umfram verðlagsbreytingar á árinu.



**GRÉTAR ÞORSTEINSSON**
Grétar bendir á að fasteignagjöld í Reykjavík séu í raun að hækka um 23 prósent. Slíkar hækkanir komi ekki sjálfkrafa.

Á lista sem ASÍ hefur tekið saman yfir hækkanir á gjöldum ríkis og sveitarfélaga, kemur meðal annars fram að komugjöld á heilsugæslustöðvar hækki um tæp 17 prósent. Þá bendir Grétar á að fasteignaskattur í Reykjavík sé í raun að hækka um 23 prósent, því bæði sé hækkun á fasteignamati og hlutfallinu sem sveitarfélagið tekur af fasteignagjaldinu. „Það er til mikillar fyrirmyndar, vegna þess hve fasteignamatið er að hækka mikið, að Seltirningar eru að lækka hlutfallið. Það sýnir að þetta er ekki endilega sjálfvirk hækkun.“

Ljóst er hvaða sveitarfélög munu hækka útsvarsálagningu sína fyrir þetta ár, en þar á meðal eru Kópavogur og Reykjavík. En þar sem fjárhagsáætlun liggur ekki fyrir í öllum sveitarfélögum er ekki víst hverjar hækkanirnar verða á þjónustugjöldum. Víðast verða þær um fimm prósent, eftir því sem segir á heimasíðu ASÍ.

Í febrúar eða mars mun koma í ljós hvaða áhrif þessar hækkanir hafa á vísitölu neysluverðs og því verðbólgu í landinu. Grétar segir augljóst að þessar hækkanir muni hafa þar áhrif, þrátt fyrir að menn hafi verið að gera að því skóna að gengi íslensku krónunnar og aðgerðir Seðlabankans myndu kannski slá þar á. Áhrif hækkana á verðbólgu komi ekki í ljós fyrr en á haustmánuðum. Ef verðbólga verður ekki innan þeirra marka sem gert var ráð fyrir við samninga, er hægt að segja þeim upp. Hvort af því verður getur Grétar ekki sagt fyrir um: „Það geta hlutir gerst sem við sjáum ekki fyrir í dag, en hættan er fyrir hendi.“

svanborg@frettabladid.is

### HÆKKANIR Á GJALDSKRÁ OPINBERRAR ÞJÓNUSTU RÍKISINS:

Komugjöld á heilsugæslustöðvar 16,7%
Komugjöld ellilífeyrisþega, örorkulífeyrisþega og vegna barna utan dagvinnutíma 14,3%
Gjöld vegna vitjana lækna 15,6%
Gjöld vegna vitjana lækna til ellilífeyrisþega, örorkulífeyrisþega og barna 16,7%
Gjöld vegna heimsókna á slysadeildir sjúkrahúsa 3,4%
Gjald fyrir hverja komu og endurkomu á göngud. sjúkrahúsa vegna þjónustu annarra en lækna 3,3%
Almennt gjald sjúkratryggðra fyrir keiluskurðaðgerðir og hjartaþræðingu 3,5%
Gjald fyrir sjúkraflutninga 2,9%
Hækkun á skrásetningagjöldum háskóla 38,5%
Hækkun bifreiðagjalds 3,5%.
Gjöld fyrir ýmiss konar þjónustu 10,0% (að jafnaði), t.d. ýmis dómsmálagjöld, þinglýsingargjöld og gjöld fyrir útgáfu margvíslegra leyfa, áritana, vottorða og skírteina.
Hækkun áfengisgjalds (tóbak og sterkt vín) 7%.
Umsýslugjald sem húseigendur greiða (0,1% af brunamótamati) er ekki fellt niður.

### HÆKKUN Á GJALDSKRÁ SVEITARFÉLAGA:

**Akureyri**:
Sorphreinsunargjald 31%
Leikskólagjald 2,5%

**Árborg**
Þjónustugjöld 3,5%
Hitaveita Suðurnesja 3,58%

**Mosfellsbær**
Þjónustugjöld 3-4%

**Garðabær**
Sorphreinsunargjald 40%
Frístundaheimili 5%

**Hafnarfjörður**
Sorphreinsunargjald 18%
Leikskólagjöld (með fæði) 15%
Leikskólagjöld, forgangur 21%
Hitaveita Suðurnesja 4,86%

**Kópavogur**
Útsvar 0,09% stig.
Sorphreinsunargjald 11%
Leikskólagjald (með fæði) 6%
Leikskólagjald, forgangur 9%

**Reykjanesbær**
Sorphreinsunargjald 4%
Hitaveita Suðurnesja 4,86%

**Reykjavík**
Útsvar 0,33% stig.
Sorphreinsunargjald 30%
Leikskólagjald 0,65%
Leikskólagjald, forgangur 2%
Gjaldskrá frístundaheimila grunnskólabarna 10%
Orkuveita Reykjavíkur 3,89%

**Seltjarnarnes**
Þjónustugjöld 5%
Hitaveita 10%

Rarik í dreifbýli 7,9%
Orkubú Vestfjarða >10%
Norðurorka fastagjald 4-7%
Raforka til hitunar 15-20%
Hitaveita Suðurnesja 4,86% (utan Vestmannaeyjar og Árborg 3,58%.)

*Heimild: ASÍ*




Erlendir ríkisborgarar á hamfarasvæðunum í Asíu:

# Staðfest að 439 létust

**HAMFARIR** Staðfest er að 439 erlendir ríkisborgarar voru á meðal þeirra ríflega 150 þúsund manns sem talið er að hafi látist. Enn er nokkurra þúsunda erlendra ríkisborgara saknað þannig að líklegt er að mun fleiri hafi látist.

Flestir þeirra erlendu ríkisborgara sem fórust voru Þjóðverjar. Íslenska utanríkisráðuneytið telur að enginn Íslendingur hafi látist eða slasast af völdum flóðbylgjunnar. Um tíma hafði ekki spurst til ellefu Íslendinga en þeir létu vita af sér eftir því sem á leið. Sá síðasti lét vita af sér á föstudaginn svo að nú er talið að allir þeir sem voru á svæðinu þegar hamfarirnar urðu hafi sloppið. Upplýsingar alþjóðlegra fréttastofa um tölur yfir fjölda þeirra sem saknað er eru misvísandi. Þannig greinir Reuters frá því að enn sé ellefu Íslendinga saknað. Fréttastofa AP gerir það hins vegar ekki. - th

**ERLENDIR RÍKISBORGARAR Á HAMFARASVÆÐUNUM**

| | Látnir | Saknað |
|---|---|---|
| Þýskaland | 60 | 1.000 |
| Svíþjóð | 52 | 637 |
| Bretland | 49 | 391 |
| Bandaríkin | 37 | * |
| Sviss | 23 | 330 |
| Japan | 23 | 240 |
| Frakkland | 22 | 90 |
| Ítalía | 20 | 338 |
| Ástralía | 19 | 78 |
| Finnland | 15 | 176 |
| Noregur | 12 | 78 |
| Suður-Kórea | 12 | 8 |
| Austurríki | 10 | 384 |
| Suður-Afríka | 10 | 380 |
| Hong Kong | 10 | 0 |
| Singapúr | 9 | 0 |
| Danmörk | 7 | 57 |
| Holland | 7 | 30 |

**Engar nákvæmar tölur til yfir fjölda þeirra sem saknað er. – Heimild: AP*



**MINNINGARATHÖFN Í BERLÍN**
Minningarathöfn um fórnarlömb hamfaranna í Asíu fór fram í Berlín í gær. Staðfest er að 60 Þjóðverjar létust en óttast er að sú tala eigi eftir að margfaldast.




# Verðlaunajeppinn frá KIA

## KIA SORENTO er íburðarmikill jeppi sem jafnast á við þá allra bestu - nema hvað verðmunurinn er töluverður.

**Verðlaunajeppi sem eftir er tekið.**
Þriðja árið í röð var **KIA SORENTO** valin í efsta sæti í sínum flokki af NWAPA (Northwest Automotive Press Association) í Bandaríkjunum! Í umsögn segir ma: *„Þessi bíll býður upp á alla kosti mun dýrari jeppa og er því öruggur sigurvegari sem bestu kaupin í þessum flokki. Staðalbúnaður Kia Sorento, akstursþæfni á vegum sem vegleysum, útlit, öryggisatriði og alhliða gæði á ótrúlega lágu verði gera hann að sterkum keppinaut á jeppamarkaðnum.“*

**Alvöru jeppi - byggður á sjálfstæðri grind með háu og lágu drifi.**
**KIA SORENTO** er byggður á sjálfstæðri grind með rafstýrðum, handskiptum millikassa eða sjálfvirkum millikassa (TOD) sem deilir afli út í hjólin eftir þörfum í báðum tilfellum. Hann er með lágu drifi og tregðulæsingu á afturdrifi. Frábærir aksturseiginleikar **KIA SORENTO** koma sterkt fram á langkeyrslu - stöðuleiki og klifurgeta eru með því besta sem býðst. Hjólahaf bílsins er 2710 mm sem dugar vel til að losna við allar endahreyfingar um leið og miðja bifreiðar rekst síður niður þegar farnar eru torfærar leiðir. Svo er hann líka nautsterkur og getur dregið allt að 2800 kg.

Þegar útlit **KIA SORENTO** er skoðað ber það glöggt vitni glæsileika, hreinleika og ytri stílfegurðar - að hér sé kominn einn rennilegasti bíll seinni ára. Allur búnaður bílsins, innra sem ytra vitnar um að **KIA SORENTO** verður einungis borinn saman við það besta á markaðnum í dag. Þetta er staðfest í frábærum umfjöllunum erlendra fagtímarita.

**Á fyrsta farrými á lægsta verðinu!**
Sorento LX Bensín beinskiptur **kr. 2.690.000.-** eða **42.980.-** á mánuði!*
Sorento LX Dísil sjálfskiptur **kr. 3.175.000.-** eða **51.570.-** á mánuði!*
*Rekstrar- eða einkaleiga til 39 mánaða.

**kr. 2.690.000.-**

GRAFÍSKA SMIÐJAN EHF. 1.05








## SPORTAGE

## Nýtt ár

## Nýtt upphaf

## Nýr Sportage



Það er kominn tími til að endurnýja gleðina með nýjum **KIA SPORTAGE**. Hvort sem þú vilt kalla hann fólksbíl, jeppa, jeppling, fjölnotabíl eða fjölskyldubíl, þá stendur hann undir öllum þessum nöfnum og gott betur! Þessi nýi frábæri bíll frá KIA er hannaður með aðeins eitt í huga: Að hjálpa þér að takast á við áskoranir daglegs lífs hratt og auðveldlega! Þetta er útivistarbíllinn þinn! Og það besta við hann er fjölvirknin. Þú getur alltaf aðlagað hann að nýjum og nýjum aðstæðum. **KIA SPORTAGE** er notadrjúgur og skemmtilegur ferðafélagi.








*BÍLAR SEM BORGA SIG!*

**KIA MOTORS**
**ÁRFELL - KIA ÍSLAND EHF.**

VIÐ KALPAKRIKA • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 6025 • www.kia.is



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvers vegna bað Alex Fergusson, framkvæmdastjóri Man. Utd., stuðningsmenn félagsins afsökunar?*

2 *Hversu hátt hlutfall háskólanema fær námslán frá Lánasjóði íslenskra námsmanna?*

3 *Hvar í Mið-Austurlöndum voru forsetakosningar í gær?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Tæpar sex milljónir fyrir byggingarrétt hverrar íbúðar í Garðabæ:

# Hátt lóðaverð þrátt fyrir nægt framboð

**LÓÐAVERÐ** Bæjarstjórn Garðabæjar tekur afstöðu á þriðjudag til tilboðanna 49 sem bárust í byggingarrétt tveggja blokka við Bjarkarás í Garðabæ. Hæsta gildandi tilboð hljóðar upp á rúmar 175 milljónir króna, eða um 5,8 milljónir á íbúð.

Ásdís Halla Bragadóttir, bæjarstjóri Garðabæjar, segir verðtilboð í lóðirnar umtalsvert hærra en búist hafi verið við. Aldrei hafi fleiri lóðir verið í uppbyggingu í Garðabæ:

„Verið er að byggja 760 íbúðir í Sjálandi. Það á að fara að byggja milli 400 og 500 íbúðir í Akrahverfi. Við erum að skipuleggja fleiri hverfi og því engin tengsl milli þess hve margar lóðir voru boðnar út núna og þessa háa verðs.“

Björn Þorri Viktorsson, formaður Félags fasteignasala, segir verðið vekja athygli í ljósi góðs framboðs á lóðum víða um höfðuborgarsvæðið. Staðsetning blokkanna hafi ráðið verðinu.

Frjálsi fjárfestingabankinn átti tvö hæstu tilboðin í lóðirnar og dró það hærra til baka. Ekki náðist í forsvarsmenn bankans.

- gag



**MIÐBÆR GARÐABÆJAR**
Fasteignafélagið Hlíð, sem er í eigu Frjálsa fjárfestingabankans, átti hæsta tilboðið sem barst í lóðir við Bjarkarás í Garðabæ. Það var upp á rúmlega 200 milljónir króna en var dregið til baka þar sem bankinn átti einnig næsthæsta tilboðið.



**LÍK FÓRNARLAMBA**
Fimm borgarar létust í sprengjuárás bandaríska hersins í Mosul.

Bandaríski herinn:

## Borgarar skotnir

**BAGDAD, AP** Bandaríski herinn skaut tvo íraska lögreglumenn og tvo almenna borgara til bana fyrir mistök á laugardaginn.

Mistökin urðu eftir að ráðist var á bílalest hersins suður af Bagdad. Talsmenn hersins hafa ekki gefið út neina yfirlýsingu í kjölfar slyssins. Þetta eru önnur mistök hersins á skömmum tíma. Fyrir nokkrum dögum létust fimm borgarar þegar herinn sprengdi hús í borginni Mosul. Forsvarsmenn hersins hafa beðist afsökunar á sprengingunni.

Árásin á bílalestina á laugardaginn varð við Jussifiya sem er innan svæðis sem kallast þríhyrningur dauðans. Þar hafa uppreisnarmenn súnní-múslima haldið uppi árásum um langa hríð. ■

# Impregilo fær ekki sérmeðferð

**Talsmaður Impregilo er ósáttur við gagnrýni á fyrirtækið síðustu daga. Hann telur flestar fullyrðingar verkalýðshreyfingarinnar rangar og ekki rétt að Impregilo hafi hótað Íslendingum.**

**KÁRAHNJÚKAR** Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo, segir að laun erlendra starfsmanna hafi verið greidd samkvæmt samkomulagi við ASÍ frá 10. október 2003. Samkvæmt því skyldu erlendir starfsmenn sem vinna undir virkjunarsamningnum fá íslenskan launaseðil þar sem fram koma vinnutímar og tímakaup. Frá brúttólaunum væri dregin fjárhæð sem svarar til lífeyrissjóðs, skatta og greiðslu til stéttarfélags. Launaupphæðin sem eftir standi sé lágmarksgreiðsla og fari inn á reikning starfsmanns, hvar í heiminum sem það er. Ef erlenda launauppgjörið gefi lægri niðurstöðu en það íslenska fái starfsmaðurinn uppbót svo að hann fái að minnsta kosti sömu upphæð og íslenskir samstarfsmenn. Gefi erlendi samningurinn betri niðurstöðu þá njóti hann góðs af því.

Ómar telur fjarstæðu að Impregilo hafi stjórnvöld í vasanum og komist upp með ýmislegt sem aðrir fái ekki. Fyrirtækið vinni ágætlega með íslenskum stjórnvöldum og fái að kenna á því ef eitthvað sé að. Alrangt sé að fyrirtækinu hafi verið hótað dagsektum fyrir það sem aflaga hafi verið farið og þeim ekki beitt. „Að vissu leyti má segja að í upphafi framkvæmdanna hafi yfirvöld sýnt fyrirtækinu skilning vegna þess hve skammur undirbúningstíminn var en fyrirtækið fær enga sérmeðferð,“ segir Ómar.

Um 1.000 starfsmenn vinna hjá Impregilo á Kárahnjúkum. Ómar segir að um 600 þeirra séu frá löndum innan Evrópu. „Þegar Impregilo bauð í þessa framkvæmd taldi fyrirtækið sig geta gert það á þeim kostnaði sem í tilboðinu stóð vegna þess að það ætlaði að bjóða laun samkvæmt virkjanasamningi. Það stendur ekki til og stóð ekki til að yfirbjóða fólk. Það er ekki þar með sagt að enginn sé yfirborgaður. Það er vissulega samkeppni og margir iðnaðarmenn eru yfirborgaðir og fólk í stjórnunarstörfum og fleiri störfum eru á hærri launum en virkjanasamningurinn kveður á um. Hvað varðar kínverska starfsmenn og starfsmenn utan Evrópska efnahagssvæðisins þá hefur fyrirtækið verið í stóru verkefni í Kína. Þar er meirihluti starfsfólksins Kínverjar. Þeir hafa reynst fyrirtækinu ákaflega vel og unnið við svipuð skilyrði. Fyrirtækið treystir þeim og þætti því æskilegt að geta nýtt þessa starfskrafta á Íslandi líka.“



**UNNIÐ VIÐ KÁRAHNJÚKA**
Um 1.000 starfsmenn vinna hjá Impregilo á Kárahnjúkum. Ómar segir að um 600 þeirra séu frá löndum innan Evrópu.



**ÓMAR VALDIMARSSON**
Talsmaður Impregilo segir að farið sé eftir reglum á Kárahnjúkum og erlendum starfsmönnum greitt samkvæmt samkomulagi frá því í október 2003.

Kína er kommúnistaríki og kínverska þjóðin ein sú kúgaðasta í heimi. Ómar segir að Impregilo sækist eftir því að fá Kínverja til starfa því að fyrirtækið þekki þá og treysti þeim, þeir séu harðduglegir og framleiðnin mikil. Fáránlegt sé að halda að áhugi Impregilo á þeim sé vegna þess að þeir segi hugsanlega síður skoðun sína og láti bjóða sér meira en Íslendingar.

„Þú lætur að því liggja að Impregilo sæki í starfsmenn sem eru fullir þrælsótta. Kína á yfir 6.000 ára sögu sem er langt í frá öll lituð af kúgun núverandi valdboða. Kínverjar hafa ekki alltaf verið kúgaðir þó að þeir hafi kannski verið það síðustu 70 ár.“

Verktakar telja ljóst í upprunalegu tilboði að Impregilo hafi ekki gert ráð fyrir að borga nema þriðjung af íslenskum launum. Ómar segir ekki mikið að marka þessa gagnrýni því hún komi frá Jóhanni Bergþórssyni sem hafi gert tilboð í verkið með öðru fyrirtæki. Hann hljóti að vera litaður af því.

Ómar segir að gerð hafi verið bragarbót á umfjöllum Impregilo á umsóknum. Hæfum umsækjendum sé öllum svarað, hinir mæti afgangi. Betur hefði verið að verki staðið ef öllum hefði verið svarað bréfleiðis.

Hvað varðar gagnrýni á það að erlendir starfsmenn séu fluttir beint að Kárahnjúkum án þess að fara fyrst í heilbrigðisskoðun þá segist Ómar ekki þekkja verklagsreglurnar en heilsugæslan á Kárahnjúkum sé opin allan sólarhringinn og hún sé rekin í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Búist er við að fljótlega liggi fyrir ákvörðun Vinnumálastofnunar um undanþágu fyrir 44 Kínverja, níu Pakistana og einn Kólumbíumann. Ómar segir að takist fyrirtækinu ekki að fjölga starfsmönnum og ná upp framleiðni á svæðinu þá geti vinna við gerð Kárahnjúkavirkjunar dregist „en að kalla þetta hótun er algjörlega fráleitt,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is





# Lanzarote

## Áfangastaður ársins!

Princesa YAIZA ★★★★★ L

## 2 vikur: 58.300,-*

**LÚXUSHÓTEL – SVÍTUR OG FJÖLSKYLDUSVÍTUR**

Princesa Yaiza, Lanzarote
Lúxushótel og heilsulind
**www.princesayaiza.com**

Yaiza er frábært lúxushótel á Lanzarote, nýjum og spennandi áfangastað Sumarferða. Ekki láta verðið rugla þig: þetta er alvöru lúxus á frábærri baðströnd á besta stað í einstæðri náttúruparadís undan ströndum Afríku. Við bjóðum vikulegt flug í allt sumar með nýjum Airbus 321 frá SAS/Spanair í ævintýri sem seint gleymist.

* Verð á mann í tvær vikur, t.d. 7.-21. júní, m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11 ára) og bókun á sumarferdir.is. *Innifalið:* Flug og flugvallaskattar, gisting á svítu með morgunverði og íslensk fararstjórn. Verð m.v. 2 fullorðna í tvær vikur 88.600. Símabókunargjald er 1.500,- pr. farþega.

- Móttaka og þjónusta 24klst
- 5 veitingastaðir
- 64m$^2$ svíta og 12m$^2$ verönd (enn stærri svítur einnig fáanlegar)
- Frábært útsýni úr öllum herbergjum
- Gervihnattasjónvarp, sími, ísskápur, öryggishólf og bað með öllu
- 10.000m$^2$ íþróttaaðstaða inni og úti
- Frábær aðstaða og dagskrá fyrir börn
- Sundlaugar inni og úti
- Heilsulind og tyrkneskt bað
- Staðsett á Playa Blanca ströndinni







Fíton/SÍA FI011538

ÁFRAM
SUMAR FERÐIR

www.sumarferdir.is
575 1515 ▶ BÓKAÐU ALLAN SÓLARHRINGINN



**KOSNINGAR UNDIRBÚNAR**
Íraskur sjálfboðaliði raðar veggspjöldum og bæklingum með kosningaáróðri sem dreift verður um götur Bagdad á næstu dögum. Kosningar verða í Írak 30. janúar.

Blönduós:

# Vilja aðstoð við rækjuvinnslu

**SJÁVARÚTVEGUR** Forsvarsmenn Blönduóssbæjar eiga í viðræðum við þingmenn, ráðherra og fulltrúa Byggðastofnunar vegna atvinnuástands í bænum eftir að rækjuvinnslan Særún hætti störfum.

Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar Blönduóss, segir að forsvarsmenn Særúnar hafi reynt að bjarga rekstrinum en það hafi reynst árangurslaust. Um fimmtán starfsmenn misstu við það vinnuna. Valgarður segir þetta mikla blóðtöku fyrir svo lítið sveitarfélag þar sem munar um hvert starf. Um 920 manns búa á Blönduósi. Það kemur í ljós á næstu dögum hvort fyrirtækið geti hafið rekstur að nýju.

- ghg



**BLÖNDUÓS**
Bæjaryfirvöld vilja aðstoð við rækjuvinnslu í bænum sem hefur hætt rekstri.


www.volkswagen.is

# Árið byrjar betur

18.590 kr. á mán.

**VW Polo**
Verð: 1.440.000 kr. 144.000 kr. út, 90% fjármögnun í 84 mánuði.
Polo 5 dyra beinskiptur, 1,2i Basicline.
Vetrardekk fylgja!
**Aðeins 12 stykki**




Aukabúnaður á mynd er álfelgur og samlitun.

GOTT FÓLK McCANN

SP-FJÁRMÖGNUN
VW er í samstarfi við SP-Fjármögnun

* Verð miðast við bílasamning SP til 84 mánaða og 10% innborgun.
Vextir miðast við 100% erlenda mynt.


Abu Ghraib:

# 230 fangar látnir lausir

**ÍRAK, AP** Bandaríski herinn sleppti í gær 230 íröskum föngum sem höfðu verið í haldi í fangelsinu Abu Ghraib.

Í yfirlýsingu frá hernum segir að mennirnir séu ekki lengur taldir hættulegir. Þetta er í annað skiptið í þessum mánuði sem föngum er sleppt úr fangelsinu.

Þann 1. janúar voru 260 fangar látnir lausir. Enn eru 2.400 fangar í Abu Ghraib. Þá eru um 5.000 fangar í fangelsinu Camp Bucca í grennd við Umm Quasr. Á síðasta ári sleppti bandaríski herinn um 9.000 föngum. Það sem af eru þessu ári hefur samtals 490 föngum verðið sleppt.

Fangelsið Abu Ghraib komst í fréttir á síðasta ári vegna pyntinga bandarískra hermanna á íröskum föngum. ■

Fárviðri á Bretlandseyjum:

# Þrír létust og tveggja er saknað

**ENGLAND, AP** Þrír eru látnir og tveggja er saknað eftir fárviðri í Norður-Englandi. Áin Eden flæddi út fyrir bakka sína og orsakaði flóð í borginni. Maður á sjötugsaldri lést þegar hlaða hrundi ofan á hann í Cumbria og tvær eldri konur létust þegar flæddi inn í íbúðir þeirra í Carlisle.

Þúsundir borgarbúa neyddust til að yfirgefa heimili sín vegna flóðanna.

Fólk er hvatt til þess að halda sig innan dyra og varað er við óhreinu og sýktu vatni. Um sjötíu þúsund heimili voru rafmagnslaus á svæðinu og ekki er vitað hvenær rafmagn kemst á aftur. „Við erum öll í sjokki og trúðum ekki að þetta væri að gerast,“ sagði Peter Graham sem þurfti að yfirgefa heimili sitt vegna flóðanna.

„Fullt af fólki þurfti að sofa á dýnum á gólfinu og við þurfum jafnvel að halda okkur hér í fjóra til fimm daga.“ Lögreglumaður í Carlisle sagði að mögulega yrði hægt að koma rafmagni aftur á í hluta borgarinnar í dag en alls ekki allri. ■



**FLÓÐ Í ENGLANDI**
Björgunarmenn hjálpa íbúa í Carlisle út úr húsi sínu. Þúsundir íbúa neyddust til að yfirgefa heimili sín vegna flóða.

Sjávarútvegurinn og hágengið:

# Sjávarútvegsráðherra skipar nýja nefnd

**STJÓRNMÁL** Nefnd hefur verið skipuð til þess að fjalla um sjávarútveginn og hágengið. Henni er ætlað að gera úttekt á stöðu sjávarútvegsins í ljósi þeirrar hækkunar sem orðið hefur á gengi íslensku krónunnar og væntinga um að gengið haldist hátt um nokkurn tíma. Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra kynnti þetta á fundi í Stykkishólmi í gær. Formaður nefndarinnar er Friðrik Már Baldursson en í henni eru einnig þeir Loftur Ólafsson og Davíð Ólafur Ingimarsson.

Nefndinni er einnig ætlað að fjalla almennt um áhrif mismunandi hagstjórnaraðgerða á stöðu sjávarútvegsins og hvort ástæða sé fyrir stjórnvöld að bregðast með einhverjum hætti við þeirri stöðu sem atvinnugreinin verður í. Ætlast er til að nefndin skili niðurstöðum sínum innan tveggja mánaða. ■



**ÁRNI M. MATHIESEN**
Hann kynnti þá ákvörðun sína í gær að skipa nefnd til þess að fjalla um sjávarútveginn og hágengið.

Fljótsdalshérað:

# Vantar heitt vatn

**ÞENSLA** Vegna mikilla byggingarframkvæmda á Egilsstöðum er sýnt að Hitaveita Egilsstaða og Fella (HEF) mun ekki anna eftirspurn eftir heitu vatni í náinni framtíð en á síðustu misserum hafa verið byggðar um 400 íbúðir í sveitarfélaginu. Til að bregðast við því mun hitaveitan ráðast í framkvæmdir á árinu og er ætlunin að taka 100 milljóna króna lán hjá KB banka.

Vilji er innan bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs til að breyta rekstri HEF í einkahlutafélag en frá og með 1. janúr sl. tók HEF að sér rekstur á vatnsveitu sveitarfélagsins.

- kk



**NÝBYGGINGAR VIÐ SELBREKKU Á EGILSSTÖÐUM**
Óskað var eftir tilboðum í lán vegna hitaveituframkvæmda frá fimm fjármögnunaraðilum og bauð KB banki lægstu vextina, 4,5%.





með Volkswagen

Gerðu betri kaup með SP-bílasamningi – á meðan birgðir endast.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is


Líbanon:

# Friðargæsluliðar létust í árásum

**LÍBANON, AP** Tveir menn létust og tveir særðust í sprengjuárásum Hezbollah-skæruliða í Líbanon við landamæri Ísraels.

Franskur friðargæsluliði Sameinuðu þjóðanna lést sem og ísraelskur hermaður. Sænskur friðargæsluliði og líbanskur maður særðust. Skæruliðarnir segja að einn úr þeirra röðum hafi látist í átökum við ísraelska hermenn. Um tvö þúsund friðargæsluliðar eru í Ísrael þar af eru tvö hundruð Frakkar.

Í yfirlýsingu frá Hezbollah segir að árásin hafi verið gerð til þess að reyna að ná aftur landi sem skæruliðasamtökin segja tilheyra Líbanon. ■

Fasteignaviðskipti á höfuðborgarsvæðinu:

# Veltan jókst um 50 milljarða

**VIÐSKIPTI** Veltan í fasteignaviðskiptum á höfuðborgarsvæðinu jókst um ríflega 50 milljarða króna á milli áranna 2003 og 2004, að því er fram kemur hjá Fasteignamati ríkisins.

Á nýliðnu ári var 10.045 kaupsamningum um fasteignir þinglýst við embætti sýslumanna á höfuðborgarsvæðinu. Heildarupphæð veltu nam 177,0 milljörðum króna. Meðalupphæð á hvern kaupsamning var 17,6 milljónir króna.

Á árinu 2003 var 8.465 kaupsamningum þinglýst og nam upphæð veltunnar 125,6 milljörðum króna. Meðalupphæð á hvern kaupsamning var 14,8 milljónir.

Gríðarleg aukning varð í veltu á fasteignamarkaðinum á milli 4. ársfjórðungs 2003 og 2004, eða 80,9 prósent. Á síðustu þremur mánuðum 2004 var þinglýst 3.337 kaupsamningum, samtals að upphæð 62,8 milljarðar króna á móti 2.298 kaupsamningum upp á 34,7 milljarða á síðustu þremur mánuðum ársins 2003.

- jss

**SAMANBURÐUR**
4. ársfjórðungur 2004 og 4. ársfjórðungur 2003

| | 4. ársfj. 2004 | | 4. ársfj. 2003 | | Breyting | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Velta (m.kr) | Fjöldi | Velta (m.kr) | Fjöldi | Velta (m.kr) | Fjöldi |
| Fjölbýli | 41.316 | 2.707 | 23.674 | 1.793 | 74,5% | 51,0% |
| Sérbýli | 12.423 | 459 | 7.426 | 347 | 67,3% | 32,3% |
| Aðrar eignir en íbúðarhúsnæði | 9.096 | 171 | 3.634 | 158 | 150,3% | 8,2% |
| Samtals | 62.836 | 3.337 | 34.734 | 2.298 | 80,9% | 45,2% |



**FASTEIGNAMARKAÐURINN**
Mikið líf var í fasteignasölu á síðasta ári, einkum á þremur síðustu mánuðum þess.



**SANNUR STUÐNINGSMAÐUR**
Stuðningsmaður Mahmouds Abbas, forsetaframbjóðanda í Palestínu, ekur um á bíl sínum í Khan Younis flóttamannabúðunum.

Landspítali – háskólasjúkrahús:

# Hefur yfirtekið starfrækslu sjúkrahótels

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn – háskólasjúkrahús hefur tekið við starfrækslu sjúkrahótels frá og með áramótum.

Síðastliðna þrjá áratugi hefur Rauði kross Íslands staðið að rekstri sjúkrahótels, nú síðast í samvinnu við Fosshótel og LSH. Rauði krossinn ákvað nýlega að selja Fosshótelum húseign sína við Rauðarárstíg 18.

LSH hefur gengið til samninga við Fosshótel um áframhaldandi samstarf um rekstur sjúkrahótels samkvæmt þjónustusamningi sem undirritaður var við Fosshótel Lind fimmtudaginn 23. desember og staðfestur af Jóni Kristjánssyni heilbrigðisráðherra. Samningurinn er til 5 ára.

Sjúkrahótel er hugsað sem úrræði fyrir einstaklinga sem þurfa heilsu sinnar eða aðstandenda vegna að dvelja fjarri heimabyggð vegna rannsókna og meðferða auk þess sem sjúkrahótel nýtist þeim sem dvalið hafa á sjúkrahúsi sem liður í frekari endurhæfingu og bata.

Auk almennrar hótelþjónustu er gestum veittur stuðningur og ráðgjöf vegna heilsufarsvanda og þeim liðsinnt við að sækja heilbrigðisþjónustu. ■



**SJÚKRAHÓTEL**
Landspítali – háskólasjúkrahús hefur tekið við rekstri sjúkrahótelsins við Rauðarárstíg.

www.volkswagen.is

Árið byrjar betur

29.490 kr. á mán.

VW Touran
Verð: 2.290.000 kr. 229.000 kr. út,
90% fjármögnun í 84 mán.
1.6 115 hestöfl, 7 sæta, ESP, FSI, 6 gíra.
Vetrardekk fylgja!
Aðeins 10 bílar

Aukabúnaður á mynd er álfelgur og samlitun.



GOTT FÓLK McCANN

SP-FJÁRMÖGNUN
VW er í samstarfi
við SP-Fjármögnun

★★★★★ EURO NCAP www.euroncap.com
Gullna stýrið 2003
Auto Trophy 2003
Skynsamlegasta valið 2004
What Car? Bíll ársins 2004

* Verð miðast við bílasamning SP til 84 mánaða og 10% innborgun.
Vextir miðast við 100% erlenda mynt.

Ófærð við Hvammstanga:

# Tveir bílar festust í sama skaflinum

**ÓFÆRÐ** Tvisvar þurfti að kalla út Björgunarsveitina Káraborg á Hvammstanga aðfaranótt laugardags vegna vegfarenda sem lentu í vandræðum vegna ófærðar á þjóðveginum milli Hvammstanga og Víðihlíðar.

Við fyrra útkallið þurfti að aðstoða vegfaranda sem var fastur í skafli við bæinn Vatnshorn, en greiðlega gekk að losa bílinn og var honum fylgt af stað aftur.

Við seinna útkall var óskað eftir aðstoð við vegfaranda sem sem reyndist vera fastur í sama skafli og fyrri vegfarandi. Greiðlega gekk að losa bílinn úr skaflinum. **- keþ**

Lífleg fasteignasala í Fjarðabyggð:

# Fasteignamat hækkar um helming

**ÞENSLA** Fasteignamat á íbúðarhúsnæði í Fjarðabyggð hækkaði um 30 prósent um síðastliðin áramót. Hækkunin var hvergi meiri á landinu, en fasteignamat á sérbýli á Seltjarnarnesi hækkaði einnig um 30 prósent. Í september síðastliðnum hækkaði fasteignamatið í Fjarðabyggð um 20 prósent og því nemur hækkunin á síðustu fjórum mánuðum 56 prósent.

Tekjur sveitarfélaga vegna fasteignaskatts, holræsagjalda og vatnsskatts eru tengdar fasteignamatinu. Að sögn Gunnars Jónssonar, forstöðumanns fjármála- og stjórnsýslusviðs Fjarðabyggðar, aukast tekjur sveitarfélagsins um 25 milljónir króna á yfirstandandi ári vegna hækkunar á fasteignaskattinum einum og sér.

Hækkun fasteignamatsins kemur í kjölfarið á mikilli hækkun húsnæðisverðs í Fjarðabyggð. Að sögn Gísla M. Auðbergssonar, fasteignasala á Eskifirði, tóku fasteignir að hækka í verði um leið og ákvörðun um byggingu álvers í Reyðarfirði lá fyrir. „Fasteignamarkaðurinn á Austfjörðum svaf Þyrnirósarsvefni í a.m.k. þrjá áratugi. Markaðurinn hefur hins vegar aldrei verið líflegri en undanfarin tvö ár,“ segir Gísli.

**- kk**



**NÝBYGGINGAR Í FJARÐABYGGÐ**
Í kjölfar ákvörðunar um byggingu álvers hafa heilu íbúðahverfin risið á Reyðarfirði og töluvert verið byggt á Eskifirði og í Neskaupstað.



**GLÖÐ Í NÝJUM KLÆÐUM**
Indónesísk stúlka brosir eftir hafa fengið ný föt frá hjálparstarfsmönnum í Aceh-héraði á Súmötru.

Sveitarstjórn Austurbyggðar:

# Vilja göngin sem fyrst

**SAMGÖNGUR** Sveitarstjórn Austurbyggðar hefur óskað eftir því við samgönguráðherra að opnun Fáskrúðsfjarðarganga verði flýtt um nokkra mánuði þar sem verkið er á undan áætlun. Að sögn Steinþórs Péturssonar, sveitarstjóra Austurbyggðar, er ólíklegt að ráðherra verði við óskinni þar sem Vegagerðin telur að það muni auka kostnað við göngin.

Sturla sprengdi síðasta haftið í göngunum 4. september sl. og þá var verkið um tveimur mánuðum á undan áætlun. „Með því að opna göngin fyrr verður Austurbyggð betri valkostur fyrir það fólk sem er að flytja til Austurlands, auk þess sem margir íbúar sveitarfélagsins sækja vinnu til Reyðarfjarðar vegna framkvæmdanna í tengslum við álverið. Þar að auki viljum við freista þess að fá göngin í notkun áður en ferðamannatímabilinu lýkur,“ sagði Steinþór Pétursson.

Það er Ístak sem vinnur að gerð Fáskrúðsfjarðarganga og verða þau 5,9 km löng með vegskálum. Kostnaður við göngin, og 14,4 km tengiveg, verður tæpir 3,3 milljarðar króna og á framkvæmdum að ljúka í október á næsta ári.

- kk



**AÐ LOKINNI SPRENGINGU**
Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Páll Sigurjónsson, starfandi stjórnarformaður Ístaks, fylgdust með þegar síðasta haftið í göngunum var sprengt 4. september.





Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is




**KJARNORKUKAFBÁTUR**
Kjarnorkukafbátur strandaði suður af kyrrahafseyjunni Gvam á laugardaginn.

Kafbátur strandaði:

## Einn lét lífið

**GVAM, AP** Sjómaður lét lífið þegar bandarískur kjarnorkukafbátur strandaði suður af kyrrahafseyjunni Gvam á laugardaginn.

Alls voru 137 manns um borð og 23 aðrir farþegar særðust en enginn alvarlega. Kafbáturinn var á leið til Brisbane í Ástralíu þegar hann strandaði en ekki er vitað hvað orsakaði óhappið. Verið er að rannsaka atvikið og er ætlunin að koma bátnum í heimahöfn í dag. ■

Landspítali og St. Franciskusspítali:

# Samstarf um vistun hjúkrunarsjúklinga

**HEILBRIGÐISMÁL** Samstarf hefur tekist með Landspítala – háskólasjúkrahúsi og St. Franciskusspítala Stykkishólmi í vistunarmálum og umönnun hjúkrunarsjúklinga, samkvæmt viljayfirlýsingu forstöðumanna stofnananna.

Markmiðið er að stuðla að betri nýtingu sjúkrarúma beggja stofnana með því að sjúklingum sem bíða eftir hjúkrunarrými á LSH verði boðin dvöl á SFS í umsaminn tíma.

Gert er ráð fyrir því að allt að fimm rúm verði til tímabundinna afnota fyrir sjúklinga frá LSH á St. Franciskusspítala sem bíða eftir hjúkrunarheimilisvist. Auk þessa er um að ræða tvö pláss fyrir lengri vistun.

Jafnréttis- og sjálfsákvörðunarákvæði í lögum um aldraða verða virt í hvívetna og þeir því ekki lagðir inn á SFS sem eru mótfallnir dvöl þar. Einstaklingar með einkenni heilabilunar verða heldur ekki vistaðir á SFS þar sem þeir eiga rétt til vistar á sérhæfðum deildum sem ekki eru þar.

-jss



**BETRI NÝTING**
Þeir sem mótfallnir eru dvöl í Stykkishólmi verða ekki sendir þangað.

**FBL GREINING:** ALÞJÓÐAFRAMFARASTOFNUNIN

# Lánar fátækustu ríkjum heims

Alþjóðaframfarastofnunin (IDA) var stofnuð árið 1960 sem undirstofnun Alþjóðabankans og veitir langtíma vaxtalaus lán og styrki til fátækustu ríkja heim. Tilgangurinn er að styrkja efnahagsþróun ríkjanna og draga úr fátækt. Hægt er að sækja um lán til að byggja upp stefnu, stofnanir og mannauð sem nauðsynlegur er fyrir sjálfbæra þróun. Fátæk ríki sem þegar eru skuldum vafin, eða hafa farið illa vegna HIV/eyðni eða náttúruhamfara geta fengið styrki stofnunarinnar. 44 prósent lána hennar eru til að byggja upp menntun, heilbrigðiskerfi, velferðarkerfi, vatnsbúskap og hreinlæti. 26 prósent af lánum fara í að byggja upp stofnanir og 11 prósentum er varið í landbúnað og uppbyggingu dreifbýlis. Til að ríki geti fengið aðstoð stofnunarinnar, þarf verg þjóðaframleiðsla að vera undir 53.630 krónum á íbúa á ári. Þau þurfa að hafa lítið traust til að fá lán á almennum markaði. Þá þurfa þau að geta sýnt fram á að stefna þeirra í ríkisfjármálum ýti undir vöxt og dragi úr fátækt. 81 land fær nú lán hjá Alþjóðaframfarastofnuninni. Indland, Bangladess og Kongó eru þau ríki sem fá mestan stuðning hennar. Srí Lanka er einnig meðal þeirra ríkja sem mestan fá stuðninginn. Taíland er eitt þeirra ríkja sem hefur notið stuðnings Alþjóðaframfarastofnunarinnar, en hætti að fá slíkan stuðning 1979.

Mest af fjármagni stofnunarinnar kemur frá stuðningsríkjum. Bandaríkin, Japan, Þýskaland, Bretland, Frakkland, Kanada og Ítalir borga 70 prósent af greiðslum stuðningsríkja núverandi fjárhagstímabils. Þá fær stofnunin einnig tekjur vegna endurgreiðslu lána og af fjárfestingum.



360 gráður

## SPURT OG SVARAÐ

**ÁGREININGURINN VIÐ IMPREGILO**



ODDUR FRIÐRIKSSON

### *Tvenns konar skilningur*

Oddur Friðriksson, aðaltrúnaðarmaður á Kárahnjúkum, hefur fylgst með og reiknað út launakjör erlendra starfsmanna. Hann segir að meint brot Impregilo á portúgölskum starfsmönnum komi sér ekki á óvart.

Af hverju ætti þetta að koma mér á óvart?

**Gerirðu ekki ráð fyrir því að menn standi við samninga?**

Þarna liggur á milli tvenns konar skilningur og um það greinir okkur. Þetta snýst um það hvaða skilning þeir leggja í samkomulag sem var gert fyrir rúmu ári.

**Nákvæmlega um hvað er það?**

Impregilo hefur viðurkennt að mínir útreikningar séu réttir en hefur aðra skoðun á því með hvaða hætti eigi að túlka samkomulagið, hvort eigi að miða við nettólaun eða brúttólaun. Deilan stendur líka um það sem tíðkast á almennum vinnumarkaði. Við höfum verið að reyna í langan tíma að fá þá að borðinu, gefa okkur fullnægjandi skýringar á útreikningum sínum og reyna að finna lausn út frá því. Það hefur ekki gengið eftir. Þeir túlka samninga eins og þeim sýnist. Mitt álit skiptir voðalega litlu máli.

**Hvað segja erlendu starfsmennirnir um þetta?**

Ég vil ekki segja til um afstöðu erlendu starfsmannanna.

# Eyfirðingar í eina sæng

**Bæjaryfirvöld á Akureyri, Siglufirði og í Dalvíkurbyggð hafa lagt til að öll tíu sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu sameinist í eitt. Sveitarstjórnarmenn í a.m.k. sex sveitarfélögum eru hlynntir sameiningu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.**



AKUREYRI
Verði af sameiningu sveitarfélaganna tíu við Eyjafjörð verður stjórnsýslan að mestu á Akureyri. Þar býr bróðurpartur íbúa svæðisins

Sameiningarnefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði í desember 2003, lagði til sl. haust að kosið yrði um sameiningu í 80 sveitarfélögum 23. apríl næstkomandi. Sveitarfélögin eiga að senda sameiningarnefndinni tillögur um sameiningarkosti á hverju svæði fyrir sig. Það er svo sameiningarnefndarinnar að meta hvaða kosti almenningi verði boðið að kjósa um og er nefndin ekki bundin vilja sveitarfélaganna í þeim efnum.

Bæjaryfirvöld á Akureyri, Siglufirði og í Dalvíkurbyggð hafa gefið upp að þau vilji að kosið verði um sameiningu allra sveitarfélaganna tíu við Eyjafjörð en þau eru: Siglufjarðarkaupstaður, Ólafsfjarðarbær, Dalvíkurbyggð, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð, Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru líkur á að meirihluti sveitarstjórnarmanna í a.m.k. sex sveitarfélaganna sé fylgjandi því að kosið verði um sameiningu í eitt sveitarfélag. Slík sameining á hins vegar minna fylgi á meðal sveitarstjórnarmanna í Grýtubakkahreppi, Svalbarðsstrandarhreppi, Hörgárbyggð og Eyjafjarðarsveit og hefur sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar lýst því yfir að sameining allra tíu sé ótímabær.

**FJÖLDI ÍBÚA Í SVEITARFÉLÖGUNUM:**

| | |
|---|---|
| Akureyrarbær | 16.450 |
| Arnarneshreppur | 183 |
| Eyjafjarðarsveit | 993 |
| Dalvíkurbyggð | 1.946 |
| Grímseyjarhreppur | 92 |
| Grýtubakkahreppur | 393 |
| Hörgárbyggð | 390 |
| Ólafsfjarðarbær | 980 |
| Siglufjarðarkaupstaður | 1.386 |
| Svalbarðsstrandarhreppur | 365 |
| **Samtals:** | **23.173** |

*Heimild: Hagstofa Íslands*
*Tölur frá 1. desember 2004*

**Afstaða Eyjafjarðarsveitar**

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar telur ekki að fram séu komin nægilega góð rök sem mæla eindregið með sameiningu sveitarfélagsins við önnur á svæðinu. Verði kosið um sameiningu á svæðinu á annað borð þá er það mat sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar að einungis eigi að kjósa um sameiningu Arnarneshrepps, Hörgárbyggðar, Akureyrar, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps og Grýtubakkahrepps. Af sveitarfélögunum tíu, í og við Eyjafjörð, standa þá eftir: Dalvíkurbyggð, Grímseyjarhreppur, Ólafsfjarðarbær og Siglufjarðarkaupstaður. Þar með er alls ekki sagt að sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar sé andvíg sameiningu allra sveitarfélaganna tíu. Sveitarstjórninni finnst hins vegar enn skorta rökstuðning til að réttlæta slíka sameiningu.

Í bókun sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar um sameiningarmálin segir meðal annars: „Í Ólafsfirði og Dalvíkurbyggð er við þann byggðavanda að etja sem ekki getur verið sanngjarnt að velta á nágrannasveitarfélög með sameiningu, þar hlýtur ríkisvaldið að þurfa að leggja sitt af mörkum til úrlausnar vandans.“ Hólmgeir Karlsson, oddviti sveitarstjórnar Eyjafjarðar, segir að þarna sé átt við að á undanförnum árum hafi átt sér stað fólksfækkun í byggðarlögunum við utanverðan Eyjafjörð og sé fækkunin farin að hafa áhrif á fjárhagsstöðu þessara sveitarfélaga. Segir hann að það sé ekki verkefni sveitarfélaganna að leysa þann vanda, ein og óstudd, heldur eigi ríkisvaldið að koma að málinu. „Verði það vilji sameiningarnefndar að kosið verði um sameiningu allra 10 sveitarfélaganna á svæðinu þá væntum við rökstuðnings með slíkri tillögu. Ef okkur finnast rökin góð þá mun sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar mæla með sameiningu allra sveitarfélaganna á Eyjafjarðarsvæðinu,“ segir Hólmgeir Karlsson.

**Forsendur sameiningar**

Göng á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, um Héðinsfjörð, eru að mati sveitarstjórnarmanna á svæðinu frumforsenda sameiningar. Undir það er tekið í skýrslu um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga við Eyjafjörð sem unnin var af Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA). Bæjarráð Akureyrar hefur þar að auki sett fram tvö önnur skilyrði fyrir sameiningunni. Bæði snúa þau að ríkisvaldinu og þau þarf að uppfylla áður en gengið verður til kosninga um sameiningu í apríl. Annað skilyrðið er yfirlýsing um að ekki komi til skerðingar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og hitt að samkomulag hafi náðst



GRÍMSEY
Flugleiðin frá nyrsta byggðakjarna Eyjafjarðar til Akureyrar tekur tæpan hálftíma.




Jazzballett Freestyle

**Skemmtilegu jazzballett og freestyle námskeiðin okkar hafa aldrei verið vinsælli.**

**Nú skráum við í:**

- 5-7 ára
- 8-10 ára
- 11-13 ára
- 14-16 ára
- 17 ára og eldri

*Leið 4 stoppar stutt frá

Dansstúdíó Sólveigar
Dugguvogi 12
*- dansandi í 10 ár*

**Innritun í síma 553-0786 eftir kl. 14.00**

Nýtt nafn á gömlu fyrirtæki:

# PharmaNor verður Vistor

**VIÐSKIPTI** Fyrirtækið PharmaNor, sem nýlega var gert af dómstólum að skipta um nafn, mun hér eftir heita Vistor. Gamla nafnið þótti um of líkt nafni danska fyrirtæksins Pharma Nord.

Vistor er samsett úr íslenska orðinu vist og alþjóðlega viðskeytinu -or.

Vistor er heildsala sem selur ýmsar heilbrigðisvörur, til dæmis lyf og lækningatæki. Fyrirtækið var áður hluti af Pharmaco.

Um leið og fyrirtækið tekur upp nýja nafnið verða kjörorð þess: Bakhjarl fyrir betri líðan.

- bþs

Mjólkurframleiðsla:

# Mikið mjólkað í fyrra

**LANDBÚNAÐUR** Mjólkurframleiðslan var með ágætum á árinu 2004 og lögðu bændur inn meiri mjólk í mjólkurbúin en þeir hafa gert í tæp tuttugu ár. Samtals komu 112 milljónir lítra í mjólkurbú landsins og var mjólkin ýmist unnin til drykkjar eða í þær fjölmörgu afurðir mjólkurinnar sem framleiddar eru vítt og breitt um land.

Þetta er mesta mjólkurframleiðslan síðan 1985 þegar 116 lítrar voru lagðir inn til afurðastöðvanna.

- bþs



**VIÐ MJALTIR**
Meiri mjólk var lögð inn í mjólkurbúin á síðasta ári en í mörg ár.

Hornfirðingur ársins 2004:

# Flutti heim á árinu

**VIÐURKENNING** Hjalti Þór Vignisson er Hornfirðingur ársins að mati lesenda vefsíðunnar horn.is sem starfrækt er í Hornafirði. Hjalti Þór þótti sýna gott frumkvæði með því að flytja, ásamt fjölskyldu sinni, á heimaslóðirnar að loknu námi og synda þannig gegn straumnum sem jafnan liggur á höfuðborgarsvæðið.

Á horn.is kemur fram að Hjalti Þór er staddur á Kanaríeyjum en hafi verið gert viðvart um titilinn. Verður honum fært viðurkenningarskjal við heimkomu.

Hjalti Þór er fjórði í röðinni til að hljóta sæmdarheitið Hornfirðingur ársins. Aðrir sem borið hafa titilinn eru Hajrudin Kardaklija, Ármann Smári Björnsson og Svafa Mjöll Jónasar.

- bþs



**FRÁ HÖFNINNI Í HÖFN Í HORNAFIRÐI**
Myndin er tekin að sumarlagi en þar er nú hvít jörð eins og annars staðar á landinu.

milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefnatilfærslu og tekjustofna.

Ef samþykkt verður að mynda eitt sveitarfélag á Eyjafjarðarsvæðinu verða íbúar þess 23 þúsund talsins. Þar með verður kominn sterkur landsbyggðarkjarni, til móts við höfuðborgarsvæðið, eins og hugur núverandi ríkisstjórnar stendur til. Um 70% íbúa þess sveitarfélags munu búa á Akureyri.

**Fjárhagslegur ávinningur**

Í skýrslu RHA er gert ráð fyrir töluverðum fjárhagslegum ávinningi með sameiningu vegna sparnaðar í stjórnsýslu. Í stað átta bæjar- og sveitarstjóra, auk tveggja starfandi oddvita, verður einn bæjarstjóri. Í stað 68 sveitarstjórnamanna er gert ráð fyrir 15 manna bæjarstjórn og nefndarsætum mun fækka um 350, svo dæmi séu tekin. Stjórnsýslan verður að mestu leyti staðsett á Akureyri en gert er ráð fyrir að einhver hluti hennar verði í þéttbýliskjörnunum við utanverðan Eyjafjörð.

Íbúar sveitarfélaganna tíu munu verða mismunandi mikið varir við breytingar, verði af sameiningu. Þjónustustigið er hæst á Akureyri og munu Akureyringar finna fyrir litlum breytingum. RHA gerir ráð fyrir að þjónusta við íbúa hinna sveitarfélaganna muni aukast og ýmsar gjaldskrár þar lækka. Engu að síður telur RHA að ávinningur Akureyringa sé töluverður, ekki síst í formi aukins landrýmis.

Í skýrslu RHA er gert ráð fyrir árlegum sparnaði upp á 80 milljónir króna en á móti kemur töluverður kostnaður í upphafi vegna sameiningarinnar.

**Skuldastaðan misjöfn**

Í viðhorfskönnun sem RHA gerði á meðal íbúa sveitarfélaganna kemur fram að mikill meirihluti telur sig eiga mikla eða nokkra samleið með íbúum Akureyrar; frá 67% og upp í 95% eftir sveitarfélögum.

Sameinað sveitarfélag myndi taka við öllum eignum og skuldum sveitarfélaganna tíu. Erfitt er hins vegar að meta til fulls fjárhagsstöðu sveitarfélaganna þar sem bókfærðar eignir kunna að vera aðrar en markaðsverð þeirra. Að teknu tilliti til eigna og skulda stóð Arnarneshreppur best í árslok 2003 með eign upp á rúmlega 797 þúsund krónur á íbúa umfram skuldir. Þar á eftir kom Svalbarðsstrandarhreppur með 733 þúsund, Grýtubakkahreppur með 685 þúsund og Akureyri með 445 þúsund. Hrísey, sem nú hefur sameinast Akureyri, stóð langverst með neikvætt eigið fé upp á 96 þúsund á hvern íbúa.

Ríkisstjórnin hefur lýst yfir vilja til að byggja upp Eyjafjarðarsvæðið, Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri segir svæðið sterkara sem heild og sveitarstjórnarmenn í a.m.k. sex sveitarfélögum á svæðinu, með yfir 90% íbúa svæðisins að baki sér, vilja að kosið verði um sameiningu allra 10 sveitarfélaganna að uppfylltum þremur skilyrðum. Flest rök hníga að því að sameiningarnefndin muni telja kosningu um sameiningu allra tíu sveitarfélaganna í og við Eyjafjörð mjög spennandi kost.

kk@frettabladid.is



# BAKHJARL FYRIR BETRI LÍÐAN



Hér að ofan er hluti af málverkinu
Stórgulur merlandi sjór
eftir Sigtrygg B. Baldvinsson.

Vegna skyldleika nafnsins PharmaNor við heiti á fyrirtæki í svipuðum rekstri erlendis höfum við valið starfsemi okkar nafnið VISTOR.

VISTOR er fulltrúi margra helstu frumlyfjafyrirtækja veraldar og leiðandi framleiðenda lækningatækja og hjúkrunarbúnaðar.

Hálfrar aldar reynsla og kraftmikill hópur starfsfólks gera VISTOR að traustum bakhjarli fyrir betri líðan fólksins í landinu.

**NÝTT NAFN
Á TRAUSTRI
ÞJÓNUSTU**




**Vistor hf.** • Hörgatúni 2 • Pósthólf 200 • 212 Garðabæ • www.vistor.is

vistor

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Hrepparígur og músarholusjónarmið birtast í viðbrögðum við búsetu forstjóra Fjarðaráls.

# Fornaldarhugsun í Fjarðabyggð

Almenna svarið við spurningunni um hvar menn eigi að búa er þar sem þeir vilja búa. Til þess að bregða út af þessari meginreglu þarf mjög sérstök rök. Íslendingar bjuggu um skeið við vistarband. Sú regla var sett til þess að forða þeirri lausung sem fylgdi breyttum atvinnuháttum og umhverfi. Stórbændur kepptu um vinnuafl við vaxandi útgerð og lagðar voru hömlur á frelsi fólks til þess að flytja í sjávarbyggðirnar. Eins og ávallt þegar afturhaldsöfl streitast við að halda aftur af hjóli tímans, þá tafði vistarbandið einungis óhjákvæmilega þróun og olli meira tjóni en gagni.

Í þeim breytingum sem orðið hafa á íslensku samfélagi síðustu ár spretta reglulega fram þeir sem sjá gamla tímann í hillingum og finna allt til foráttu þeirri lausung sem fylgir auknu frelsi. Hugsunarháttur vistarbandsins hverfur ekki, þótt enginn vilji snúa aftur til þeirra tíma.

Nýlegt dæmi um þankaganginn að baki vistarbandinu skaut upp kollinum í umræðum um búsetu forstjóra Fjarðaráls sem hefur tekið þá ákvörðun að búa í næsta sveitarfélagi við álverið, á Egilsstöðum. Viðbrögð einstakra sveitarstjórnarmanna í Fjarðabyggð og nafnlausir póstar til forstjórans vekja undrun. Gamaldags hrepparígur og forneskjuleg viðhorf til samfélags birtast í þeim makalausu viðbrögðum sem komið hafa fram í kjölfar ákvörðunar forstjórans.

Austfirðingar voru áfram um uppbyggingu stóriðju á svæðinu. Ýmsir höfðu samúð með sjónarmiðum þeirra, þrátt fyrir efasemdir um að virkjun Kárahnjúka væri skynsamleg framkvæmd og hvort verjandi væri að hið opinbera beitti sér fyrir slíku inngripi í efnahagskerfið til atvinnuuppbygginga á afmörkuðu svæði. Byggðarökin sem sett voru fram voru um Austurland í heild sinni, ekki sveitarfélagið Fjarðabyggð. Frekja og ósvífni í viðhorfum sumra íbúa Fjarðabyggðar verða því afkáralegri þegar horft er til þessa.

Tekjur af virkjun og álveri koma misjafnlega niður eftir sveitarfélögum á Austurlandi. Fjarðabyggð nýtur álversins og Fljótsdalshreppur með sína 261 íbúa fær stöðvarhús virkjunarinnar. Fljótsdalshérað fær ekki beinar tekjur af virkjun og álveri, en þarf hins vegar að kosta nokkru til við uppbyggingu þjónustu vegna þess aukna umfangs sem framkvæmdinni fylgja. Enginn ætti að sjá ofsjónum yfir einu forstjóraútsvari til sveitarfélagsins.

Stórar fjárfestingar á afmörkuðu svæði sýna vel bresti í núverandi fyrirkomulagi sveitarfélaga. Áður en ákvörðunin var tekin um framkvæmdirnar fyrir austan hefði átt að vera búið að tryggja að sveitarfélög sameinuðust á svæðinu. Það er ólíðandi að fámennir hreppar geti haldið sig sér af þeirri einföldu ástæðu að einni stórri fjárfestingu er plantað í hreppinn. Þar við bætist að starfsemin er ekki til eilífðar eins og Mývetningar hafa fengið að kynnast. „Komi þeir sem koma vilja, fari þeir sem fara vilja mér og mínum að meinalausu“, er þulan sem sveitarstjórnarmenn Fjarðabyggðar ættu að hafa yfir ef þeir vilja ekki verða steinrunnin nátttröll. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Á Grund?

Fréttamyndir af fundi Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra með sjálfstæðismönnum í Valhöll á laugardaginn benda til þess að flokkurinn sé að eldast. Þarna var varla nokkurt ungt fólk að sjá – en unga fólkið var áður fyrr burðarásinn í flokksstarfinu. Gárungar segja að myndirnar hefðu allt eins getað verið teknar á Elliheimilinu Grund.



### Í mánaðarfrí

Davíð Oddsson utanríkisráðherra var óvenju önugur í viðtölum við sjónvarpsstöðvarnar eftir fundinn í Valhöll. Það er Íraksmálið sem veldur þessu, ekki síst sú niðurstaða Gallup könnunar að yfir 80% landsmanna eru andvíg stefnu ríkisstjórnarinnar og stuðningi við innrás Bandaríkjamanna. Það er auðvitað ekki uppörvandi fyrir stjórnmálamann að fá slíkt vantraust á sig. Annars hefði kannski mátt ætla að ráðherrann væri í léttu skapi því hermt er að hann sé nú kominn í mánaðarfrí frá ráðherrastörfum. Enginn mun verða settur í embættið á meðan og fer því Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra líklega að mestu með málefni ráðuneytisins þennan tíma. Umhugsunarvert er hvort þetta sé heppilegur tími fyrir ráðuneytið til að vera ráðherralaust í ljósi þess að viðræðurnar við Bandaríkjastjórn um framtíð varnarliðsins eiga að hefjast innan tíðar.

### Rove að kenna

Pétur Gunnarsson, starfsmaður Framsóknarflokksins, lét athyglisverð orð falla um Íraksmálið í Silfri Egils í gær. Hann talaði um að stuðningur íslenskra stjórnvalda við Íraksstríðið hefði falist í að heimila bandarískum herflugvélum að fljúga um íslenska lofthelgi og lenda í Keflavík. Hinn frægi listi yfir „staðfastar þjóðir“ væri verk Karls Rove, helsta ráðgjafa og hugmyndafræðings Bush Bandaríkjaforseta. Ekki var hægt að skilja Pétur öðruvísi en svo að Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson hefðu aldrei verið beðnir um leyfi til að setja Ísland á listann sem slíkan. Þetta hefur ekki komið fram áður og nauðsynlegt er að á þessu atriði fáist nánari skýringar.

gm@frettabladid.is

# Risarækjan

Í DAG
FRAMSÓKN OG REYKJAVÍKURLISTINN



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Orkuveituhúsið nýja er á leið með að verða Perla Reykjavíkurlistans: táknmynd um bruðl og valdþótta – og kostnaðarvitundarleysi sem jaðrar við kostnaðaröngvit.

Eðlilegri og málefnalegri gagnrýni á kostnað er svarað með skætingi á borð við það þegar Alfreð Þorsteinsson kallaði Ólaf F. Magnússon „litla íhaldið“ í Kastljósinu og útúrsnúningi á borð við samanburð á fermetraverði „vandaðra“ grunnskóla í Reykjavík og þessa húss, og þar með lítið gert úr helsta afreki R-listans, uppbyggingu í skólamálum. Fátt verður hins vegar um raunveruleg svör þegar leitað er skýringa á umframkostnaðinum; muldrað um að gleymst hafi að gera ráð fyrir loftræstingu og að kostnaðaráætlunin hafi miðast við miklu minna hús – sem var víst VSO-ráðgjöf að kenna. Húsið sjálft var með öðrum orðum slíkt listaverk, með tilheyrandi áherslu á samspil flæðis og forms, birtubrigða og framsetningu hallandi skálína – eða eitthvað – að það gleymdist að gera ráð fyrir loftræstingu. Kannski vanti opnanlega glugga á það líka sem til skamms tíma var talið listrænt hástig í íslenskum arkítektúr, eftir að flötu þökin liðu undir lok.

Kostnað við byggingu Orkuveituhússins á ekki að bera saman við fermetraverð „vandaðs“ grunnskóla í Reykjavík. Í vandaðri stjórnsýslu á aðeins að bera kostnað við byggingar saman við eitt – skyldi maður ætla – og það er sjálf kostnaðaráætlunin. Sá plagsiður að nota kostnaðaráætlanir sem áróðursplögg til að slá ryki í augu fólks áður en ákvarðanir eru teknar um framkvæmdir er ekki Reykjavíkurlistanum sæmandi.

„Ekkert að spara – ég borga“, sagði Bjartur í Sumarhúsum gjarnan af ómældu veglyndi í þeim veislum sem hann hélt og voru því miður oftast eftir að hann hafði jarðað einhvern heimilismann. Hann vildi ekki láta neinn halda að hann byggi ekki af sömu rausn og höfðingjarnir. Óneitanlega finnst manni ýmislegt í stjórn Orkuveitunnar hafa þennan undirtón: „ekkert að spara, ég borga.“ Hamrað er á því hversu ríkt og stöndugt fyrirtækið sé og látið að því liggja að lítið muni nú um nokkrar rangar fjárfestingu – nóg sé til frammi. Þarna er einhver endurómur stjórnarhátta Davíðs Oddssonar, en það var einmitt á hans dögum sem fyrirrennari Orkuveitunnar, Hitaveitan, stóð með ærnum kostnaði – og umframkostnaði – að byggingu Perlunnar, dularfyllstu kirkjubyggingu 20. aldarinnar.

Umsvifum Orkuveitunnar á sviði fjarskipta verður á hinn bóginn ekki líkt við neitt úr valdatíð Sjálfstæðisflokksins. Vefstólar Línu nets voru alltaf tómir og því fyrr sem borgarfulltrúar Reykjavíkurlistans horfast í augu við það því betra. Lína net nærði hégómagirnd stjórnmálamanna um að þeir hefðu vit á tölvum og framtíðinni. Það var ekki í verkahring borgarinnar að sjá heimilum fyrir netttengingum eða sjónvarpstengingum – til þess voru nógir aðrir – og að líkja ljósleiðaralagningunni við það stórkostlega ævintýri þegar heitt vatn var lagt í hús borgarbúa er móðgun við söguna og baráttuna við fátækt og vond hús. Flest heimili höfðu fyrir nettengingu og allt það sjónvarp sem hægt er með góðu móti að komast yfir að horfa á – og raunar miklu meira til.

Framsóknarflokkurinn hefur ekkert fylgi í Reykjavík. Áhrif flokksins á stjórn borgarinnar eru fráleit, einkum í ljósi þess að hann hefur augljóslega neitunarvald í flugvallarmálinu og öðrum framfaramálum. Reykjavíkurlistinn sem slíkur virðist meira og minna liðinn undir lok og er nú ekki annað en nafn á kosningabandalagi. Við sitjum uppi með valdamenn sem standa að hækkunum á þjónustu Orkuveitunnar um leið og þeir segja okkur að hún eigi skítnógan pening og skimi eftir nýjum tækifærum á sviði fjarskipta. Framsókn er eins og risarækja í stjórnkerfi borgarinnar, smælki sem breiðir sig út yfir allt, vex og vex...

> **Við sitjum uppi með valdamenn sem standa að hækkunum á þjónustu Orkuveitunnar um leið og þeir segja okkur að hún eigi skítnógan pening og skimi eftir nýjum tækifærum á sviði fjarskipta. Framsókn er eins og risarækja í stjórnkerfi borgarinnar, smælki sem breiðir sig út yfir allt, vex og vex......**

### Nú er lag

Frálslyndi flokkurinn er geðslegur flokkur, talsmenn hans í borgarstjórn, þau Ólafur F. Magnússon og Margrét Sverrisdóttir, hafa verið málefnaleg og laus við þann greifabrag sem er yfir Framsókn um þessar mundir. Tímabært er að Samfylkingin og Vinstri grænir – og Dagur – kippi þeim Frjálslyndu inn í borgarstjórn og leyfi Framsókn að deyja inn í Sjálfstæðisflokkinn eins og hann er að gera á landsvísu.

F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga




SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Frétt ehf. RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG DREIFING: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** SETNING OG UMBROT: Frétt ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

hús o.fl. Stafkirkjan við Strandgötu BLS. 2
Þegar menn byggðu eins og karlmenni BLS. 3
Tískan í garðinum 2005 BLS. 3
Öll nöfn við póstlúguna BLS. 3

# allt-fasteignir

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR? | MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS


| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11,05 | 13.35 | 16.06 |
| Akureyri | 11.13 | 13.20 | 15.28 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

**Góðan dag!**

**Í dag er mánudagur 10. janúar, 10. dagur ársins 2005.**

**FASTEIGNASÖLUR**


| | |
|---|---|
| 101 Reykjavík | 14-15 |
| Akkurat | 11 |
| Ás | 4-5 |
| Draumahús | 8-9 |
| Eignakaup | 13 |
| Eignam. Suðurnesja | 17 |
| Fasteignamarkaðurinn | 19 |
| Fasteignam.Grafarvogs | 22 |
| Fasteignam. Hafnarfjarðar | 16 |
| Fasteignamiðlunin | 22 |
| Hóll | 12 |
| Hraunhamar | 18 |
| Húseign | 21 |
| Lyngvík Kópavogi | 23 |
| Nethús | 10 |
| Þingholt | 12 |


**SMÁAUGLÝSINGAR byrja í dag á bls. 24**

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki** 68 stk.

**Keypt & selt** 12 stk.

**Þjónusta** 49 stk.

**Heilsa** 11 stk.

**Skólar & námskeið** 4 stk.

**Heimilið** 12 stk.

**Tómstundir & ferðir** 7 stk.

**Húsnæði** 10 stk.

**Atvinna** 15 stk.

**Tilkynningar** 7 stk.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir

## LIGGUR Í LOFTINU

*í fasteignum*

Hafinn er undirbúningur að byggingu **snjóhúss** í miðbæ Ísafjarðar sem hýst gæti ýmsar uppákomur þegar líður tekur á veturinn og einnig nýst vel í Skíðaviku Ísfirðinga um páskana. Þessi hugmynd er ekki ný af nálinni en hefur verið óframkvæmanleg vegna snjóleysis á undanförnum árum. Nú hefur hins vegar snjóað nokkuð undanfarið og því hófst undirbúningur húsbyggingarinnar. Myndaður hefur verið óformlegur hópur verktaka, fyrirtækja í veitingarekstri, einstaklinga og félagasamtaka sem leggja vilja málinu lið. Þetta kemur fram á vef Ísafjarðarbæjar.



**Íbúðalánasjóður** lækkar mögulega vexti á íbúðalánum enn frekar þar sem langtímavextir fara lækkandi á markaði, eins og fram kemur á vefsíðu Viðskiptablaðsins. Jafnframt kemur fram að ávöxtunarkrafa íbúðabréfa hafi lækkað um allt að 14 punkta frá áramótum og bendi fátt til annars en að krafan muni lækka frekar á næstu vikum og mánuðum, og eru þær upplýsingar fengnar úr Morgunkorni greiningardeildar Íslandsbanka. Enn fremur telur greiningardeild Íslandsbanka að ef spá þeirra um þróunávöxtunarkröfu íbúðabréfa á þessu ári gengur eftir og vaxtaálag sjóðsins verður óbreytt gætu vextir á íbúðalánum til almennings farið undir 4,0% fyrir mitt þetta ár.

Aukning á **fjölda kaupsamninga** frá árinu 2003 nemur 18.7% og aukning veltu um 40.9% eins og kemur fram á heimasíðu Fasteignamats ríkisins. Heildarupphæð veltu nam 177,0 milljörðum króna og meðalupphæð á hvern kaupsamning var 17,6 milljónir króna. Viðskipti með eignir í fjölbýli námu 115,8 milljörðum, viðskipti með eignir í sérbýli námu 37,0 milljörðum og viðskipti með aðrar eignir voru 24,2 milljarðar. Þá var þinglýst 8.465 kaupsamningum og nam upphæð veltu 125,6 milljörðum króna. Meðalupphæð á hvern kaupsamning var 14,8 milljónir króna.

*fasteignir@frettabladid.is*



Húsið er fallegt og vandað og á einum besta stað í Bryggjuhverfinu.

# Útsýni til Esjunnar og yfir höfnina

***Fasteignasalan Húsalind er nú með til sölu glæsilegt raðhús á einum besta stað í Bryggjuhverfinu í Reykjavík.***

Innangengt er í húsið frá bryggjusvæðinu í norðri og bílastæði í suðri. Á fyrstu hæð er komið inn í flísalagða forstofu en fallegar ljósar flísar frá Byko eru á allri fyrstu hæð hússins. Einnig er hiti í gólfum. Úr forstofunni er stigi sem liggur upp á aðra hæð en til hægri frá forstofu er sjónvarpshol þar sem búið er að draga í allar rafmagnslagnir þannig að um geti verið að ræða innbyggt heimabíókerfi. Undir stiga er tölvu- og vinnuaðstaða, stórt og rúmgott þvottahús er á hæðinni og einnig salernisherbergi með upphengdu klósetti. Gengið er niður tvær tröppur og þá er komið inn í bílskúrinn sem er mjög rúmgóður, 28,8 fermetrar, og hátt til lofts. Stiginn upp á aðra hæð er flísalagður og hefur mjög létt yfirbragð. Allir stigar hússins er stálstigar sem eru með steyptum tröppum og annaðhvort flísalagðir eða parketlagðir.

Á annarri hæð er komið inn í eldhús og borðstofurými sem snýr í suður og þar eru stórir gluggar með tveimur opnanlegum hurðum út á tuttugu fermetra verönd sem snýr í hásuður. Veröndin er yfir bílskúrnum en á henni er hnotubrúnn antiksteinn frá BM Vallá. Möguleiki, án mikils tilkostnaðar, væri á því að hafa heitan pott á veröndinni. Gólfefni á annarri hæð er gegnheilt jaktoba-parket frá Agli Árnasyni sem lagt er skáhalt. Falleg Alno innrétting í eldhúsi, hvít háglans hurðir með höldum úr burstuðu stáli. Í innréttingunni er innbyggður ísskápur með frysti, búrskáp og tækjum frá Bosch. Eyjan er með helluborði og fallegum stálháf frá Bosch. Ljósar mósaík flísar eru á milli borðplötu og skápa. Borðplatan er úr gegnheilli hnotu. Úr eldhúsi og borðstofurými er gengið í aðalstofuna sem er með stórum fallegum gluggum með útsýni til Esjunnar og yfir höfnina.

Úr stofu er gengið upp á þriðju hæð og sá stigi er parketlagður en þar eru svefnherbergin; tvö minni barnaherbergi með stórum gluggum í suður, hallandi loft og hjónaherbergi sem er mjög rúmgott með óviðjafnanlegu útsýni. Veggur er fallegur og bogadreginn og hlaðinn úr glersteini sem leyfir birtunni úr svefnherberginu að flæða fram á stigann. Á hæðinni er líka baðherbergi með upphengdu klósetti og baðkari. Hvítur panell í loftum á þriðju hæð.

Á fjórðu hæð er 24 fermetra rými með sex þakgluggum. Rýmið væri jafnt hægt að nota sem herbergi, vinnustofu, koníaksstofu, bókaherbergi eða annað sem hugmyndaflug eiganda leyfir.

Í öllum herbergjum hússins eru tölvu- og símalagnir og dyrasími í eldhúsi og í svefnherbergi. Þetta er fallegt, vandað og stórglæsilegt hús sem nýtist mjög vel. Möguleiki væri á því að gera séríbúð á fyrstu hæðinni sem væri þá 75 fermetra íbúð og hægt væri að hafa af henni góðar leigutekjur.

Ásett verð er 41,5 milljónir.


Íbúðalán 4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

**Snjóskófla**

Skófla úr plasti getur auðveldlega brotnað undan þungum snjó, því er betra að velja skóflu sem er úr sterkara efni með skafti úr tré eða málmi. Veldu eins stóra skóflu og þú telur þig ráða við fulla af snjó og gakktu úr skugga um að auðvelt sé að hella úr henni snjónum. Snjómokstur er erfitt verk og því mikilvægt að skóflan henti þér vel til að koma í veg fyrir eymsli.




BÍLSKÚRS
OG IÐNAÐARHURÐIR

Hurðir til á lager

Eldvarnarhurðir

Smíðað eftir máli

Öryggishurðir

GLÓFAXI HF.

ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

ÚTSALA

10%-50%

AFSLÁTTUR

Opið til 16 í dag

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

REYKJAVÍKURVEGI 66 • HAFNARFIRÐI • SÍMI 565 4100

MARMOLEUM® click

Nýtt á gólfið

Smelltu Marmoleum click á gólfið - það smellpassar



Mótið gólfið sjálf eftir ykkar smekk

forbo FLOORING

Marmoleum click er náttúrulegt línoleumparket.

GÓLFBÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK

SÍMI 510 5510 • kjaran.is

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.





FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Margir verða hissa að sjá norska stafkirkju í miðjum Hafnarfirði.







FRÁ VINSTRI: Tólfhundruð lítra fiskabúr nær yfir sextán metra útskorinn bar. Í fuglabjarginu eiga allir íslenskir sjófuglar sér fulltrúa. Nánast hver þumlungur Fjörukráarinnar er skreyttur og útskorinn.

# Stafkirkjan við Strandgötu

***Fjörukráin er löngu orðin að kennileiti Hafnarfjarðar og hefur að auki mikla sögu.***

Í húsinu eru reknir tveir veitingastaðir, Fjörugarðurinn þar sem hinar frægu víkingaveislur eru haldnar og svo Fjaran sem er rólegur og hefðbundnari veitingastaður. Álman sem hýsir Fjöruna var byggð árið 1841 og er því næstelsta húsið í Hafnarfirði. Húsið var gert upp og hafinn þar veitingarekstur árið 1984. Árið 1990 tók Jóhannes Viðar Bjarnason við rekstrinum og hóf strax þematengda veitingastarfsemi í húsinu. Árið 1991 var aukið við húsið með því að bæta þar við tjöldum og Fjörugarðurinn, víkingaveitingastaður, leit dagsins ljós. Vegna velgengni hans var ráðist í að byggja hús og voru það Haukur Halldórsson myndlistarmaður og Sigurður Þorvarðarson arkitekt sem teiknuðu húsið.

Húsið var byggt í áföngum og mikið lagt í glæsilegan frágang og útskurð sem var í fimum höndum þeirra Erlends Magnússonar og Smára Eggertssonar. Útlitið á Fjörugarðinum er byggt á norskri stafkirkju. Húsið er á tveimur hæðum og að innan eins og langhús frá víkingatímanum, skreytt munum og myndum eftir íslenska og erlenda handverksmenn. Fjörugarðurinn er um 900 fermetrar og þar geta snætt allt að 320 matargestir. Á efri hæðinni er að finna hof helgað Freyju, þar sem eru ýmis listaverk í myndum og útskurði. Í tengslum við Fjörukrána hefur verið byggt 29 herbergja hótel í sama stíl svo nú blasir heilt víkingaþorp við vegfarendum um Strandgötu.



Í hofinu getur á að líta þessar styttur af þeim systkinum Freyju og Frey og Þrymskviðu í myndum eftir Hauk Halldórsson.



Andri Ingólfsson heldur mest upp á Pósthússtræti 2 þar sem hann mun opna hótel innan tíðar.

# Þegar menn byggðu eins og karlmenni

***Andri Ingólfsson, forstjóri Heimsferða, er mikill fagurkeri og kann vel að meta fallegar byggingar.***

„Mér finnst auðvitað húsið í Pósthússtræti 2, fyrrum hús Eimskipafélags Íslands, fallegast," segir Andri. „Það er að mínu mati reisulegasta húsið í Reykjavík. Húsið er byggt í þessum klassíska stíl sem er að finna í stórborgum Evrópu og við eigum því miður alltof fá dæmi um. Þarna er hátt til lofts og vítt til veggja og húsið er byggt meðan menn byggðu ennþá eins og karlmenni," segir hann og hlær.

Nú er verið að breyta húsinu í Hótel 1919, en það er einmitt byggingarár hússins. „Hótelið verður opnað í lok apríl," segir Andri, sem er einn eigenda þess. „Öllum sérkennum hússins verður haldið, ytra byrðið verður óbreytt og sérkennin innanhúss, eins og til dæmis loftskreytingarnar munu áfram njóta sín. Í þessu húsi er líka fallegasta stigahús í bænum og ákaflega fallegur stigi sem allt mun njóta sín mjög vel." Andri segist helst heillast af arkitektúr nítjándu aldar. „Fallegasta byggingarlist sem okkar menningarsaga hefur framkallað er að mínu mati byggingar sem við finnum í gömlum höfuðborgum Evrópu, ekki síst Prag. Svo er auðvitað óskaplega gaman að sjá nýja hluti eins og til dæmis Gugggenheimsafnið í Bilbao, sem er algjörlega nýtt og ólíkt öllu öðru. En arkitektúr hlýtur alltaf að vera samspil áhrifa umhverfis og náttúru."

Andri hefur ekki byggt sér hús frá grunni, en hann hefur endurbyggt hús. „Það hús var byggt örlítið seinna en Pósthússtræti 2, en undir sömu áhrifum. Þetta er örugglega sá byggingarstíll sem höfðar mest til mín."

# Tískan í garðinum 2005

***Garðyrkjuunnendur geta beðið spenntir eftir vorinu.***

Nú leggjast allir á eitt við að spá fyrir um hvernig allt verður á nýja árinu og það á líka við um heimilið og garðinn. Tímaritið Better Homes and Gardens er nú þegar farið að spá fyrir um garðtískuna 2005.

Samkvæmt vefsíðunni verða risastórir blómapottar í grískum stíl eitt af því sem mun heilla garðyrkjuáhugamenn. Stórum pottum fylgja vissulega stórar plöntur og sem verða aðalmálið þegar vora tekur. Einnig mun garðhönnun vera í sviðsljósinu en fólk mun einbeita sér að því að gera garðsvæðið og veröndina eða svalirnar heimilislegar - rétt eins og svæðið sé inni í stofu. Skreytt verður í fallegum, mjúkum litum og falleg viðarhúsgögn látin kóróna huggulegheitin. Lífrænn áburður mun tröllríða garðinum og fyrirtæki keppast um að framleiða besta lífræna áburðinn. Og síðast en ekki síst eru það blómin sem eiga vera mörg og marglit.



Blómin næsta sumar eiga að vera mörg og marglit.

# Öll nöfn við póstlúguna

***Merkingar þurfa að vera skýrar til að allar sendingar komist til skila.***

Ekki er nóg að hafa rétt heimilisfang skrifað á póstsendingu til að hún sé borin út heldur verður nafn viðtakanda að vera skráð á póstkassa eða við póstlúgu, jafnvel í einbýli. Á heimasíðu Íslandspósts stendur eftirfarandi:

„Til þess að tryggja að Pósturinn geti komið sendingum rétt til skila er nauðsynlegt að nöfn allra sem hafa aðsetur á viðkomandi heimili séu skráð á póstkassa, við póstlúgu eða á bjöllu. Póstmenn hafa ekki leyfi til að setja sendingu í póstkassa eða inn um póstlúgu nema viðtakandi sé merktur á þann hátt sem fyrr greinir.

Miklu skiptir að húsnúmer séu skýr og greinileg allan ársins hring. Aðsetur fyrirtækja þarf að vera vel merkt við inngang og á viðkomandi hæð."

Ef jólapósturinn hefur ekki allur komið fram er ástæðan hugsanlega sú að nafn viðtakanda vanti á póstkassann sem sendingum er ætlað að fara í svo það borgar sig að merkja vel.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bréfberar mega ekki setja póst inn um ómerkta lúgu.


S.Ó. Garðverk
Fagmennska í fyrirrúmi
PALLASMÍÐI, HELLULÖGN, TRAKTORSGRAFA, MINI-VÉL OG VÖRUBÍLL MEÐ KRABBA
Sigurður Ólafsson
S: 822 3650




PRAMAC GROUP
Sturlaugur Jónsson & Co
• Fiskislóð 26
• Sími: 551 4680
• www.sturlaugur.is
Rafmagns pallettutjakkar
Lausnir fyrir vöruhús og flutningsaðila
fyrirliggjandi á lager
GÆÐAVARA OG TRAUST ÞJÓNUSTA BYGGÐ Á 80 ÁRA REYNSLU




GÍTARINN EHF.
www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is
JANÚARÚTSALAN ER AÐ HEFJAST
Rafmagnsgítarpakki verð frá kr. 27.900
Rafmagnsgítar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur.
Þjóðlagagítar frá kr. 14.900
Trommusett með öllu, ásamt æfingarplöttum og kennslumyndbandi rétt verð kr. 73.900.- tilboðsverð kr 54.900.-
BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR




Útsalan hefst í dag
20 - 70% afsláttur
DEBENHAMS
Soldis
Silkitré og silkiblóm
Laugavegi 63 (Vítastígsmegin)
Sími 551 2040




ALNO®
Láttu þér líða vel með ALNO®
Sýningarinnréttingar til sölu 30–50% afsláttur
OPIÐ Virka daga kl. 10 - 18 Laugardaga kl. 11 - 14
PANORAMA
ELDHÚS • TÆKI • STIGAR • BAÐ • FATASKÁPAR
. . . . miðstöð innréttinga
Síðumúla 30 • 108 Reykjavík
s. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www. panorama.is

ÁS FASTEIGNASALA

Hafnarfirði
Fjarðargata 17
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is

Opið virka daga kl. 9–18



Sjá einnig myndir í gluggum á Fjarðargötu

## Eigendur fasteigna athugið: Lífleg sala - skoðum og verðmetum samdægurs

## SPÓAÁS - GLÆSILEGT



**ÞÓRUSTÍGUR - NJARÐVÍK** 87,6fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð (efstu)til sölu. Eldhús með hvítri innréttingu. Svefnherbergin eru með fataskápum. Baðherbergi er flísalagt í holf og gólf. Stórt sér þvottahús. Forstofa með flísum og fataskáp. Parket yfir allri íbúðinni. Geymsluloft er yfir íbúinni. **V 8,9 m.**

## FASTEIGNA-EIGENDUR ATHUGIÐ!!!

Verðmetum samdægurs án skuldbindinga um sölu fyrir aðeins kr. 7500 án/vsk. Endilega hafið samband við sölumenn Eignakaups.

## ENGIMÝRI



Glæsilegt 280 fm einbýli á þessum eftirsótta stað. Húsið skiptist í **neðri hæð:** forstofu, hol, stofu, borðstofu, eldhús og gestabaðherbergi. **Efri hæð:** Setustofa með arin, hjónaherbergi, tvö rúmgóð barnaherbergi og baðherbergi. Heitur pottur er á verönd. Hitabræðslukerfi í bílaplani. **V. 39,5 m.**

## SKÓLATÚN. ÁLFTANES



Mjög góð 2ja herb. íbúð á efri hæði í litlu fjölbýli. Eignin skiptist í stóra og góða forstofu, eldhús með hvítri innréttingu, stofu, svefnherbergi, baðherbergi og stórt og gott þvottahús sem er inni í íbúð. Parketi og flísar á gólfum. Gengið út á góðar suður svalir út frá stofu.

**V. 13.5 m.** NÝTT

## EIGNIR ÓSKAST !!!

Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir eignum af öllum gerðum og stærðum fyrir fjölda fólks sem er á kaupendalista okkar. Mjög góð sölupròsenta sem og fríar auglýsingar. Endilega hafið samband við sölumenn og við komum samdægurs

EIGNAKAUP



F2

Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir



HÓLL www.holl.is

Tákn um traust

555 6669



Valdimar
Gsm 868 8888
valdimar@holl.is

Björn Daníelsson, hdl. og lögg. fasteignasali

## 4ra herb. ásamt bílsk. í Tröllaborgum



100 fm íbúð ásamt 21 fm. bílskúr í fallegu fjórbýli. Mahónýinnréttingar og merbauparket. Íbúðin er skemmtilega hönnuð og frábært útsýni úr stofu. Stutt er í alla helstu þjónustu, skóla og leikskóla. Frábærar gönguleiðir í grenndinni og kyrrsælt. Verð 19,9 millj..

**Valdimar á Hóli gefur allar nánari upplýsingar í símum 555-6669 & 868-8888**






# Flestir velja Fréttablaðið!

Fréttablaðið er sá miðill sem flestir Íslendingar velja sem sinn á hverjum degi
Vertu séður, auglýstu þar sem viðskiptavinur þinn er.

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir

# 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA



*María Haraldsdóttir*
*Sölustjóri*
*maria@101.is*
*Gsm 820 8103*

*Helgi J. Jónsson*
*Sölumaður*
*helgi@101.is*
*Gsm 820 8104*

*Leifur Aðalsteinsson*
*Framkvæmdastj./Sölum.*
*leifur@101.is*
*Gsm 820 8100*

*Sigtryggur Jónsson*
*Lögg. fasteignasali*
*sigtryggur@101.is*
*Gsm 863 2206*

*Hrafnhildur Guðmundsdóttir*
*Skrifstofustjóri*
*hrafnh@101.is*

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA ER MEÐLIMUR Í FÉLAGI FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

## VANTAR

**EINBÝLI**
• Óskum eftir einbýlishúsi fyrir ákveðinn kaupanda á svæði ***170-210-220***. Verð í kring um 40 millj. Hafið samabnd við Leif á skrifst.

**RAÐ - PAR**
• ***109-110-200-210***. Óskum eftir par-raðhúsi eða einbýli fyrir ákveðinn kaupanda. Hafið samband við Helga á skrifstofu.

**3 - 5 HERB**
• 3ja - 4ra herb. óskast á jarðhæð með garði. Staðsetning opin. Verð allt að 16 millj. Hafið samband við Helga á skrifstofu.
• ***110. Árbær, Álakvísl***. Óskum eftir íbúð í þessu hverfi fyrir ákveðinn kaupanda. Hafið samband við Helga á skrifstofu.
• ***101. Miðbær***. Óskum eftir 3-5 herb.íbúð, ekki jarðhæð - kjallari. Hafið samband við Helga á skrifstofu.
• ***105. Ásholt***. Óskum eftir 100-120 fm íbúð fyrir ákveðinn kaupanda. Hafið samband við Helga á skrifstofu.
• ***112. Grafarvogur***. Óska eftir 3-4 herb.íbúð í góðu húsi, verðhugmynd allt 13 m. Hafið samband við Helga.

**2 - 3 HERB**
• ***101-107. Vesturbær***. Óskum eftir 2-3 herb. íbúð fyrir ákveðinn kaupanda. Verðhugmynd í kring um 13 millj. Hafið samband við Helga á skrifstofu.

**EYKTARÁS Í ÁRBÆ *235fm einbýli á tveimur hæðum og innbyggður bílskúr*** Mjög fallegt hús á frábærum stað með fallegu útsýni. Neðri hæð: Forstofa, hol, baðherbergi, mjög stórt herbergi og bílskúr. Efri hæð: 2 stórar stofur, eldhús, þvottahús, gangur, 3 herbergi, bað. Fallegur garður í góðri rækt. **V.- 39,9** (3618)



**ENGJASEL** 91,7fm ***3ja herb. íbúð*** + 36,6fm ***bílageymslu***. Eignin skiptist í: 2 herbergi, annað með skápum. Rúmgott eldhús, hol, fallegt bað og stóra stofu. Í kjallara er sérgeymsla og sam. þvottahús. Rúmgott stæði í bílageymslu. Eignin getur verið laus við kaupsamning.
**V.- 15,9** (3663)



**LAUGARÁSVEGUR *103 fm efri hæð*.** Tvennar svalir. Aðrar ca 26 fm. Frábært útsýni. 3 svefnbergi. Hátt til lofts í stofum. Afgirtur sameiginlegur garður. Sér bílastæði. **V.- 26,5** (3662)



**BÓLSTAÐARHLÍÐ *60 ára og eldri***. Mjög falleg 2ja herb. endaíbúð á 7 hæð með **yfirbyggðum svölum** og frábæru **útsýni.** Falleg íbúð sem getur losnað fljótlega. **V.- 16,5** (3673)



**BIRTINGAKVÍSL** 211,9 fm ***endaraðhús m/bílskúr***. Mjög fallegt endahús innst í botnlanga. Húsið skiptist í forstofu, þvottahús, eldhús, 2 baðherbergi, 2 stofur, 5 svefnherb, geymslu og bílskúr. Fallegur garður með skjólgirðingum og heitum potti.
**V.- 32,9** (3634)



„Innri leit er auðgandi og fyllir líf mitt gleði, kærleik og ljósi"
*Kærleikskorn, Guðrún Bergmann*

**Einbýli**



**Hafnarbraut** 185,8fm Einbýli. Mjög falleg mikið endurnýjað einbýli á frábærum stað í hjarta Hornafjarðar. Eignin skiptist í 6 herbergi, 2 stofur, 2 baðherbergi, eldhús, forstofu, þvottahús og bílskúr. Eign sem þú verður að skoða. Óskað eftir tilboði í eignina. (3432)

**3ja herb.**



**Rauðalækur** Falleg og rúmgóð 81,4 fm 3ja herbergja jarðhæð mjög vel staðsett á Rauðalæk. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Góðir skápar. Stofan nýtist sem borð og dagstofa. Parket, dúkur og flísar á gólfum. Öll þjónusta við hendina. **V.- 15,9** (3666)



**Breiðavík** Sérstaklega glæsileg 109,2 fm 3ja herbergja íbúð á annari hæð með sér inngangi. Mjög vandaðar innréttingar og skápar, baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, sér þvottahús, suðursvalir. **V.- 16,9** (3482)



**Laugavegur**
***2ja herb. hæð*** Mjög sjarmerandi 54,6 fm íbúð á annari hæð á besta stað við Laugaveg. Íbúðin er með sérinngangi. Suðursvalir. **V.- 11,2** (3521)
• ***2ja herb. risíbúð*** Mjög falleg 54,6 fm íbúð í risi á góðum stað við Laugarveg. Íbúðin er með sérinngangi. Suðursvalir. **V.- 11,2** (3522)
*Íbúðirnar eru í leigu til ágúst 2005. Hægt er að yfirtaka leigusamninga.*



**Álftamýri** 75fm 3ja herb. íbúð á 1 hæð. Mjög góð íbúð sem skiptist í: 2 herbergi, eldhús, bað og stofu. Parket og flísar á gólfum. Í kjallara er stór sér geymsla og sam. þvottahús. Íbúðin er laus í mars 2005. **V.- 13,9** (3578)



**Laugavegur** 4ra herbergja íbúð á 1. hæð sem búið er að skipta í ***tvær 2ja herb. íbúðir***.
Íbúð 1 er á 2 hæðum og skiptist í forstofu, eldhús, stofu, herbbergi, baðherbergi, sam. þvottahús í kjallara.
Íbúð 2 skiptist í forstofu, eldhús, stofu, herbergi, baðherbergi með tengi fyrir þvottavél. Parket og flísar á gólfum, fallegar innréttingar. V.- **17,5** (3660)



**Laugavegur** 63,5fm 2ja - 3ja herb. íbúð á jarðhæð. Algjörlega endurnýjuð. Eignin skiptist í stofu, eldhús, herbergi, bað, hol, þvottahús / herbergi. Rafmagn er endurnýjað í íbúðinni, nýtt parket á gólfum, ný eldhúsinnrétting, nýr skápur í svefnherbergi, nýstandsett baðherbergi, flísalagt í hólf og gólf, nýtt gler að hluta. Einnig voru pípulagnir endurnýjaðar í íbúðinni Sameign er mjög snyrtileg. V.- 11,9 (3659) ÍBÚÐIN ER LAUS, LYKLAR Á SKRIFSTOFU.

## 2ja herb.



**Garðavegur, Hafn** 51,7fm 2ja herbergja efri sérhæð í tvíbýli. Elgnin skiptist í: Forstofu, baðherbergi með sturtuklefa, tengi fyrir þvottavél. Rúmgott eldhús með hvítri innréttingu, stofa með parketi á gólfi. Herbergi með skáp. Íbúðin skilast með nýju þaki. Útigeymsla sem er 12,24fm (þarfnast endurnýjunar). **V.- 9,5** (3641)



**Laugavegur** 57,6fm 2ja herb. íbúð á 1 hæð. Mjög falleg mikið endurnýjuð íbúð í hjarta borgarinnar. Fallegt eldhús og bað. Parket og flísar á gólfum. **V.- 10,9** (3668)

## Einstaklings



**Vesturvör, Kópavogi**
Falleg einstaklingsíbúð. 40fm ósamþykkt studíoíbúð við höfnina í Kópavogi. Fallegt útsýni. Parket á gólfum nema dúkur á baði. Góður eldhúskrókur með ágætri innréttingu. Fataskápaur. Stórt baðherb. með innréttingu, lögn fyrir þvottav. og baðkar m/sturtuaðstöðu. **V.-7,5** (3631)

**Vesturvör, Kópavogi**
Góð einstaklingsíbúð. 40fm ósamþykkt studíoíbúð við höfnina í Kópavogi. Fallegt útsýni. Parket á gólfi, dúkur á baði. Góður borðkrókur, fín innrétting. Fataskápur. Stórt baðherb. með innréttingu, tengi f/þvottavél. Baðkar m/sturtuaðstöðu. **V.- 6,9** (3627)

**ELDRI BORGARAR** ***Skúlagata 60 ára og eldri.*** Vorum að fá í sölu ***2ja herb.*** 64 fm íbúð á 10 hæð með eins og gefur að skilja frábæru útsýni. Íbúðin er laus strax og nýmáluð fyrir þig. **V.-15,2** (3674)



**ESKIHLÍÐ** 95,4fm ***3ja - 4ra herb. endaíbúð*** á 4. hæð efstu með stórkostlegu útsýni. Eignin skiptist í: Eldhús, hol, bað, herbergi, 2 stofur. Í risi eru tvær stórar geymslur, önnur gæti hæglega nýst sem herbergi. Mjög falleg mikið endurnýjuð endaíbúð á visnælum stað. Hús og íbúð til fyrirmyndar. **V.- 16,5** (3672)



**ÁSGARÐUR** 57,7fm 2ja herb. íbúð á 2. hæð. Mjög falleg mikið endurnýjuð íbúð á þessum vinsæla stað með glæsilegu útsýni. Íbúðin skiptist í: Herbergi m/ skápum, baðherb. m/baðkari, ný innrétting. Eldhús með nýrri innréttingu. Stofa með parketi á gólfi, útgangur út á rúmgóðar suður svalir. **V.- 11,9** (3671)



**NÝBYGGING** ***Lindarhvammur Haf. 213fm 7 herb einbýlishús á 2 hæðum ásamt 55fm tvöföldum bílskúr*** samtals: 268m.
**EFRI HÆÐ:** 2 stofur, 3 herbergi, eldhús, bað, þvottahús og geymsla. Út frá stofu er 16,2fm svalir og út frá hjónaherbergi eru 7,4fm svalir.
**NEÐRI HÆÐ:** Stofa, herbergi, eldhús, baðherbergi, 2 inngangar,gestasnyrting, þvottahús, geymslu, tvöfaldur bílskúr, innaf bílskúr er lítil geymsla.
Allar teikningar á skrifstofu. V.- 37,5





**BYGGINGARAÐILAR**
***Frakkastígur 101 Rvk.***
Heildarhúseignin sem er 263,5fm auk kjallara sem er ca 85fm. Eignin skiptist í kjallara, á jarðhæð er verslunarhúsnæði, á annari hæð er 2ja herb. íbúð og í risi 4ra herb. íbúð. Eigandinn er búinn að leggja drög að teikningum fyrir breytingum á eigninni, þannig að hún verði fimm íbúðir.

**LISTAFÓLK ATHUGIÐ**
***Stokkseyri stutt frá Rvík.*** 84 fm atvinnuhúsnæði, steypt, byggt 1999. Möguleiki á verslun eða breyta í íbúðarhúsnæði með aðstöðu t.d. fyrir listafólk. **V.- 12,0**





**ÁRMÚLI** Mjög vandað og snyrtilegt 274,7 fm atvinnuhúsnæði með allt að 5 metra lofthæð. Í húsnæðinu er í dag rekið ljósmyndastúdíó. Mjög góðar inngöngudyr. **V.- 22,9** (3178)



FMH FASTEIGNASALA

Strandgötu 41 - 220 Hafnarfjörður - www.hf.is


Eiður Arnarson


Viggó Jörgensson lögg. fasteignasali


Sigursveinn Jónsson


Geir Þorsteinsson


Hafdís Stefánsdóttir

# SÍMI 517 9500

OPIÐ VIRKA DAGA 9.00 - 18.00

## LANDIÐ



**FÍFUMÓI - 260 NJARÐVÍK** Vel skipulögð 2ja herbergja íbúð, parket og flísar á gólfum. Íbúðin er á jarðhæð, útgengt úr stofu út á lóðina. Þvottahús innan íbúðar. **Verð 5,9 millj.**

## EINBÝLI



**FURUVELLIR - 221 HAFNARFIRÐI**
Glæsilegt einbýli, frábær staðsetning. Húsið er 211 fm með innbyggðum bílskúr. 4 svefnh, rúmgóð stofa með borðstofu. Skilast fokhelt að innan sem utan nánari upplýsingar á skrifstofu.**Verð 19,5 millj**

## 4RA TIL 5 HERB.



**SJÁVARGRUND - 210 GARÐABÆR**
Stórglæsileg 177,2 fm íbúð á tveimur hæðum, auk 20,5 fm stæðis í bílageymslu. Sérlega vönduð eign, eldhús, borðstofa, stofur, tvö svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús á neðri hæðinn og tvennar svalir. Efri hæðin sjónvarpsrými og tvö barnaherbergi. Frábært útsýni út á sjóinn.**Verð 27,9 millj.**

## EINBÝLI



**MERKURGATA - 220 HAFNARFIRÐI** Fallegt og mikið endurnýjað einbýli með tveimur íbúðum í hjarta Hafnarfjarðar. Alls er húsið 241,6 fm að stærð. Eign sem vert er að skoða. **VERÐ 29,5 millj.**

## 4RA TIL 5 HERB.



**KLEIFARSEL- REYKJAVÍK**
Glæsileg 4ra herbergja íbúð á jarðhæð á þessum vinsæla stað. Rúmgott hjónaherb,tvö barnah, rúmgóð stofa með útgengi á verönd. Eldhús með snyrtilegri innréttingu.Þvottahús og geymsla innan íbúðar. Glæsileg eign í alla staði.Stutt í alla þjónustu og skóla.**Verð 19,9 millj.**

## 3JA HERB.



**LÆKJASMÁRI - 200 KÓPAVOGI**
**LAUS STRAX**. Glæsileg 3ja herbergja 94,4 fm íbúð á jarðhæð með sér garði, ásamt bílastæði í bílageymslu. Geymsla og þvottahús innan íbúðarinnar. Útgengt í suðurgarð. Frábær staðsetning, stutt í alla þjónustu. **Verð 18,7 millj.**

## 3JA HERB.



**ÁLFHOLT - 220 HAFNARFIRÐI**
Glæsileg 94,5 fm 3ja herbergja endaíbúð í litlu fjölbýli. Tvö góð svefnherbergi, stórar stofur með gluggum á tvo vegu. Eldhúsmeð fínni innréttingu, nýl. eldavél með keramik hellub. Nýl. Husqvarna ísskápur fylgir, borðkrókur við útskotsglugga, þvottaherbergi inn af eldhúsi. Gólfefni eru nýl. Íbúðin er öll máluð á þessu ári.
**Laus við kaupsamnning. Verð 17,4 millj.**

## RAÐ- OG PARHÚS



**FÍFUVELLIR - 221 HAFNARF.**
Mjög vel skipulögð raðhús á þessum frábæra stað. Húsin eru sjálf um 160 fm en bílskúrar frá 43fm - 49fm.samtals um 211fm. Gott skipulag, fjögur svefnh, tvö baðherbergi, stofa og borðstofa. Húsin skilast tilbúin að utan með nánast ósnertum hraunjaðrinum allt í kring. Að innan verða hús fokheld. **Verð frá 19,2 millj - 19,9 millj.**

## 3JA HERB.



**FAGRIHVAMMUR - HAFNARFIRÐI**
106,3 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngangi í glæsilegu tvíbýlishúsi. Rúmgóð stofa með parketi á gólfi. Rúmgott eldhús með glæsilegri innréttingu. Tvö rúmgóð svefnh, bað með snyrtilegri innréttingu baðkari og sturtuklefa. Þvottahús með snyrtilegri innréttingu.Sérlega glæsileg eign á þessum vinsæla stað.**Verð 17,4 millj**

## 2JA HERB.



**HVERFISGATA - 220 HAFNARFIRÐI**
Stórglæsileg mikið endunýjuð 2ja herbergja íbúð með bílskúr. Rúmgóð stofa. Eldhús með glæsilegri innréttingu, AEG eldunartæki stállituð. Baðherb með baðk, flísar í hólf og gólf. Snyrtilegur bílskúr. Sjón er sögu ríkari. Þessi var í innlit / útlit. **Verð 13,9 millj**

## 2JA HERB.



**SKÓGARÁS - 110 SELÁSHVERFI**
Mjög rúmgóð og vel skipulögð 76 fm íbúð á jarðhæð með sérgarði í fallegu fjölbýlishúsi. Sérstaklega rúmgóð stofa með útsýni og útgengi út á verönd. Þvottahús í íbúð. Baðkar og sturtuklefi á baði. Snyrtilegt eldhús með viðarinnréttingu.Parket og flísar á gólfum. Mjög rólegt og barnvænt hverfi. **Verð 13,9 millj.**

## 3JA HERB.



**ENGJAHLÍÐ - HAFNARFIRÐI**
Glæsileg 3ja herbergja íbúð á þessum vinsæla stað í Hafnarfirði. Rúmgóð stofa/borðstofa með útgengi á suðursvalir. Eldhús með snyrtilegri innréttingu. Baðherbergi með glæsilegri innréttingu. Rúmgott svefnh með skápum. Rúmgott barnaherbergi. **Verð 14,5 millj.**

100% ÖRYGGI • ALLIR FJÁRMUNIR VIÐSKIPTAMANNA Í UMSJÁ BANKASTOFNANA
MIKIL SALA • VANTAR ALLAR GERÐIR EIGNA Á SKRÁ • PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA ALLA LEIÐ!

F2

Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir

SELJUM MEST AF ATVINNUHÚSNÆÐI OG FYRIRTÆKJUM

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS

VIÐ AÐSTOÐUM ÞIG

BEINN SÍMI SÖLUMANNA ATVINNUHÚSNÆÐIS 821 5160

BORGARTÚN 28, 2HÆÐ • SÍMI: 588 5160 • WWW.fyrirtaekjasala.is • gjy@fyrirtaekjasala.is



GUNNAR JÓN YNGVASON
LÖGGILTUR FASTEIGNA
FYRIRTÆKJASALI
VIÐSKIPTAFR. MBA

FAGLEG ÞJÓNUSTA - SÉRHÆFÐ ÞEKKING - TRAUST VINNUBRÖGÐ

HÚSALIND
FASTEIGNASALA
Hamraborg 20A • 200 Kópavogur • www.husalind.is
Sími 554 4000 • Fax 554 4018 • Email: husalind@husalind.is



Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir, löggiltur fasteignasali og hdl., Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir, sölufulltrúi.


NAUSTABRYGGJA - RAÐHÚS MEÐ SUÐURVERÖND

Glæsilegt raðhús ásamt innbyggðum bílskúr á frábærum stað í Bryggjuhverfinu, stór suðurverönd út af borðstofu, glæsileg Alno eldhúsinnrétting með hnotu borðplötu, Bosch eldhústæki, eyja í eldúsi, vönduð gólfefni, hiti í gólfum á 1. hæð, lagt fyrir fullkomnu heimabíókerfi í veggi, stórir gluggar og mikil birta og útsýni. Þetta hús þarft þú að skoða í dag. Ásett verð 41,5 millj.


ÞORLÁKSGEISLI - NÝBYGGING VIÐ FRIÐLÝST SVÆÐI

Nýbygging sem skilað verður með grunnmáluðum veggjum og fullmáluðu lofti auk eldhúsinnréttingar. 196,6 fm hús og 32,2 fm bílskúr. Frábær staðsetning framan við friðlýst svæði og við golfvöllinn. Tæknilega mjög fullkomið hús. 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, eldhús, stofa, arinn, borðstofa, þvottahús og geymsla. Ásett verð 40,6 millj

ÁTT ÞÚ EIGN Í VESTUR- EÐA AUSTURB. KÓPAV.

Okkur vantar 4-5 herbergja eign fyrir viðskiptavin okkar.

ÁTT ÞÚ EINBÝLISHÚS?

Þrír viðskiptavina okkar eru að leita að einbýlishúsi, opin staðsetning og stærð. Traustir kaupendur og greiðslur, möguleg skipti á eign í Hlíðunum.

ÁTT ÞÚ ÍBÚÐ Í VESTURBÆNUM?

Leitum að íbúð fyrir viðskiptavin, (2-4 herbergja).

MIÐBÆR REYKJAVÍKUR - FJÁRFESTAR

Til sölu áhugaverð eign á góðum stað miðsvæðis í Reykjavík, traustur leigusamningur og þrefaldur byggingarréttur miðað við núverandi stærð hússins. Nánari uppl. veitir Sveinbjörg s. 867 2928

TIL LEIGU

AKUREYRI - INNBÆRINN

Til leigu einbýlishús 150 fm. Langtímaleiga. Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg s: 899 5949.


FRAMNESVEGUR - BYGGINGARRÉTTUR

Einbýlishús á eftirsóttum stað í vestubænum. Nýtt gler, rafmagn, dren og bað nýuppgert. Samþykktar teikningar fyrir stækkun hússins um 60 fm. 2 stofur og 3-4 svefnherbergi. Eldhús upprunalegt en opið við borðstofu. Möguleiki á að yfirtaka góðan leigusamning. Áhugaverð eign með mikla möguleika. Ásett verð 24,3 millj.


MIÐTÚN - GÓÐ STAÐSETNING

Hæð og ris, samtals ca. 130 fm, sem skilað verður fullkláruðu með nánast öllu endurnýjuðu, m.a. innréttingar, gólfefni, milliveggir, rafmagn, eldhús, bað, öll tæki í eldhúsi og baði, þak yfirfarið og nýjir kvistir, nýtt skolp og fl. Góður staður nálægt helsta fjármálahverfi borgarinnar. Ásett verð 25,6 millj.

Óskum eftir öllum gerðum eigna á skrá!


**Farið verður í formlegar viðræður við Orkuveitu Reykjavíkur innan skamms um hvort leggja eigi ljósleiðara um Álftanesið.**

# Ljósleiðari á Álftanesi

***Bæjarstjórinn á Álftanesi hefur verið í viðræðum við Orkuveitu Reykjavíkur um samstarf um uppbyggingu ljósleiðarakerfis á Álftanesi.***

Þetta kemur fram í minnisblaði Gunnars Vals Gíslasonar bæjarstjóra sem var lagt fyrir bæjarráð á dögunum og var lagt fyrir bæjarstjórn í síðustu viku. Frá þessu er greint á vefnum vf.is. Í minnisblaðinu vísar Gunnar Valur meðal annars í endurskoðun aðalskipulags, en í þeirri vinnu taldi skipulagsnefnd meðal annars að skoða þyrfti flutningsgetu ljóðsleiðarakerfis vegna uppbyggingar atvinnulífs í sveitarfélaginu.

Forstjóri Orkuveitunnar er tilbúinn til að ræða við sveitarfélagið um uppbygginguljósleiðarakerfis á Álftanesi með það markmið að öll hús verði tengd kerfinu innan viss tíma. Enn fremur kemur fram að ljósleiðari hafi verið lagður út á Álftanes af Símanum á sínum tíma og liggur stofninn að símstöð við lóð leikskólans Krakkakots. Ekki er talið að eignarhald Símans á þeim stofni verði vandamál.

Gunnar Valur leggur til í minnisblaðinu að farið verði í formlegar viðræður við Orkuveitu Reykjavíkur um að leggja ljósleiðarakerfi um Álftanesið, með það að leiðarljósi að sveitarfélagið verði eitt af leiðandi sveitarfélögum landsins í notkun ljósleiðarakerfis á næstu árum.

# Hagnýtt nám fyrir fasteignasala


**Þeir sem höndla með fasteignir þurfa að vera vel að sér um lög og rétt.**

***Ýmsar grunngreinar í lögfræði og viðskiptafræði eru kenndar á námskeiði til löggildingar fasteigna, fyrirtækja og skipasala.***

Nám til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja-, og skipasala hefst 1. febrúar hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og er umsóknarfrestur til 22. janúar. „Þetta er svipað uppbyggt og þau námskeið sem áður hafa verið haldin nokkrum sinnum á ári fyrir fasteignasala nema hvað nú eru gerðar kröfur um stúdentspróf þeirra sem taka þátt,“ segir Eyvindur G. Gunnarsson hdl. sem hefur faglega umsjón með uppbyggingu námskeiðsins. Hann segir það jafngilda 30 einingum á háskólastigi og vera tekið á einu og hálfu ári. Kennt er tvisvar í viku, á þriðjudögum og laugardögum, þannig að miðað er við að nemendurnir geti verið í vinnu með. „Grunngreinar í lögfræði á sviðum fasteignakauparéttar, eignaréttar og samningaréttar eru að miklu leyti kjarninn í fyrsta og öðrum hlutanum en síðasti hlutinn kemur meira inn á viðskiptafræðileg og bókhaldsleg fög og praktísk atriði. Þannig að þetta er geysilega hagnýtt nám,“ segir Eyvindur og getur þess að fáist nægileg þátttaka á landsbyggðinni verði kennslustundir sendar út í fjarfundabúnaði.

Víkurbraut 46, Grindavík
Sími 426 7711
Fax 426 7712
www.es.is
Eignamiðlun Suðurnesja
Sigurður V. Ragnarsson, löggiltur fasteignasali
Snjólaug Jakobsdóttir, sölumaður


Marargata 1

Glæsileg 178 ferm. efri hæð ásamt bílskúr staðsett í botnlanga. Mikið endurnýjuð á síðastliðnum 2 árum. M.a. nýtt á gólfum, ný eldhúsinnrétting og nýjar hurðir. Nýlegt þak og þakkantur er á húsinu. **Verð: 15.500.000,-**


Hraunbraut 4

Fallegt 109,1 ferm. einbýlishús ásamt 33,6 ferm. bílskúr. 3 svefnherbergi. Nýleg miðstöðvarlögn og flestir ofnar nýjir. Gluggar og gler að hluta nýlegt. Lóðin er girt og ræktuð. **Verð: 15.700.000,-**


Staðarhraun 30A (áður Heiðarhraun 38A)

Mjög fallegt raðhús sem samanstendur af stofu, forstofu og 2 svefnherb. Nýlegt parket er á gólfi í stofu, svefnherb. og eldhúsi, nýlegar flísar á gólfi í baðherbergi, búri og forstofu. Nýtt neysluvatn og miðstöðvalagnir. Nýtt þak. Sólpallur á baklóð. **Verð: 10.400.000,-**


Víkurbraut 50, ris

Mikið endurnýjuð tveggja herb. íbúð. Ný gólfefni á allri íbúðinni. Baðherbergi er búið að endurnýja. Nýtt rafmagn. Nýjir gluggar í herbergi og stofu. **Verð: 5.600.000,-**

Vegna mikillar sölu undanfarið vantar okkur allar gerðir eigna á skrá!




# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

**Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir... ...heldur líka um fólk**

**Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is**

## GARÐABÆR

### Hrísmóar 2ja herb. Gbæ.



Nýkomin í einkasölu sérlega falleg ca. 70 fm. íbúð á 2 hæð í litlu fjölbýli. S-svalir. Parket á gólfum. Frábær staðsetning. Stutt í þjónustu og fl. Hagst. lán. Verð 13,2 millj. 107820

### Arnarás 3ja herb. - Gbæ.



Nýkomin í einkasölu á þessu frábæra stað glæsileg 90 fermetra íbúð ásamt stæði í bílageymslu vel staðsett í Ásahverfi í Garðabæ. Eignin skiptist í forstofu, gang, hjónaherbergi, vinnuherbergi, baðherbergi með þvottahúsi inn af, eldhús, stofu, borðstofu og geymslu. Sér inngangur, glæsilegar sérsmíðaðar innréttingar og gólfefni eru parket og flísar. Stórar suður svalir. Verð 19,5 millj. 107846 Myndir af eigninni á mbl.is.

### Lyngmóar 2ja herb - Garðabæ

Björt og fallaeg 2ja til 3ja herbergja 72 fm íbúð á 3ju (efstu) hæð í litlu fjölb. auk bílskúrs 17,5 fm samtals 89,5 fm, góð eign á góðum stað sem vert er að skoða. Íbúðin er laus strax. verð. 14,9 millj

### Blásalir 3ja herb. - Kóp. - Laus strax



Nýkomin í einkasölu mjög góð 93 fermetra íbúð á annarri hæð í góðu lyftuhúsi í Salahverfi í Kópavogi. Eignin skiptist í forstofu, gang, baðherbergi, tvö herbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Þvottahús er inn í íbúðinni og geymsla í kjallara. Fallegar innréttingar og gólfefni eru parket og flísar. Glæsilegt útsýni. Laus strax. Verð 16,5 millj. 108459

### Straumsalir - tvær 4ra herb. -Kóp.



Um er að ræða tvær 4ra herb. íbúðir í húsi byggt 2001 127,4 fm. Íbúðirnar eru fullbúnar með gólfefnum og innréttingum úr kirsuberjavið. Íbúðirnar eru lausar til afhendingar í febrúar 2005. Húsið er klætt að utan og lóð fullfrágengin.Frábær staðsetning og útsýni.

0202 Miðhæð stærð 127,4 fm. Verð 21,5 millj.

0301 Efsta hæð stærð 127,4 fm + 28,2 fm bílskúr. Verð 23,5 millj.

### Klettagata - Hf. einb.



Nýkomið í einkasölu glæsilegt tvílyft einbýli með tveggja herbergja séríbúð á jarðhæð og tvöföldum innbyggðum bílskúr, samtals 350 fm. Húsið er staðsett innst í botnlanga, góð staðsetning. Verð 39,8 millj. 74927

### Arnarhraun 3ja herb. Hf.



Vorum að fá í sölu á þessu vinsæla svæði í Hafnarfirði tvær íbúðir stærðir 104,1 og 113,5 fm. 3ja herb. Þær eru báðar á jarðhæð, gott aðgengi. Mjög góð staðsetning. Mikil lofthæð. Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum. Verð 16,1 og 17,5 millj. 107882

### Hliðsnes - Álftanesi náttúruperla



Höfum fengið til sölumeðferðar þessa glæsilegu húseign. Eignin sem er 280 fm með innbyggðum bílskúr stendur á 1 hektara eignarlandi á sjávarlóð við Skógtjörn. Einstök staðsetning og náttúrufegurð. Tilvalið fyrir hestamenn og aðra náttúruunnendur. Hús í topp standi að utan sem að innan. Verð og allar upplýsingar veita sölumenn Hraunhamars. 55488

### Nóatún 2ja íbúða hús m/bílskúr - Rvk.



Nýkomið í einkasölu gott einbýli á tveimur hæðum ásamt bílskúr samtals um 182 fermetrar vel staðsett við Nóatún í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús með fallegri nýrri innréttingu, góða stofu og borðstofu, baðherbergi og svefnherbergi. Frá holi er gengið niður stiga þar er gangur. Herbergi með geymslu inn af eldhúsi, baðherbergi, gott herbergi og stofu. Tvær geymslur eru á neðri hæð. Köld geymsla undir stiga. Gólfefni eru parket og flísar. Bílskúr með rafmagni og hita. Góður gróinn garður. Verð 24,9 millj. Eignin getur verið laus fljótlega. 108260

### Berjavellir - 3ja herb. - Hf.



Vorum að fá í sölu þessa skemmtilegu 3ja herbergja íbúð í nýlegri blokk á völlunum í Hafnarfirði. Íbúðin er 78,1 fm og er á þriðju hæð. Skipting eignar: 2 svefnherbergi, stofa, baðherbergi, þvottahús, bílskýli og geymslurými í kjallara. Góð gólfefni, parket og físar. Þetta er vönduð eign á þessum vinsæla stað á Völlunum. Eign sem vert er að skoða. Verð 16,5 millj. 108316

### Hverfisgata - 2ja herb. - Hf.



Vorum að fá í sölu þessa sérlega skemmtilegu eign á Hverfisgötunni, íbúðin er 2ja herb. með bílskúr. Íbúðin er 57 fm og bílskúrinn 22,2 fm. skipting eignar: Stofa, eldhús, svefnherbergi, bað, bílskúr og sameiginlegt þvottahús. Þetta er sérlega falleg eign á þessum góða stað við miðbæ Hafnarfjarðar. Þessi íbúð var kynnt sérstaklega í þættinum innlit/útlit. Það er vert að skoða þessa eign. Verð 13,9 millj. 67787

## NÝBYGGINGAR

### Furuvellir 12 - Hf. einb.



Ný komið í einkasöliu á þessum frábæra stað innst í botlanga glæsilegt einbýli á einni hæð ásamt millilofti og tvöföldum bílskúr samtals um 250 fermetrar. Húsið skiptist í samkvæmt teikningu í forstofu,gestasnyrtingu, þvottahús,geymslur, sjónvarpshol,baðherbergi, eldhús,stofu ,borðstofu,hjónaherbergi, þrjú svefnherbergi,millliloft þar sem hægt er að útbúa tvö herbergi og tvöfaldan bílskúr.Eignin afhendist fullbúin að utan en fokhelt að innan eða lengra komið. Uplýsingar og teikningar á skrifstofu Hraunhamars.

### Furuvellir 40 - einb. Hf.



Glæsilegt einbýli á einni hæð með innbyggðum bílskúr á góðum stað á völlunum í Hafnarfirði. Húsið er 179,8 fm og bílskúrinn 60,2 fm samtals 240 fm. Húsið skiptist í forstofu, gestasnyrtingu (möguleiki að hafa sturtu), stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi, þvottahús, fjögur svefnherbergi, geymslu og tvöfaldan bílskúr. Búið er að vélslípa gólf. Húsið skilast fullbúið að utan, klætt með steini og rúmlega fokhelt að innan, þ.e. búið að einangra og plasta og vélslípuð plata. Allar hurðir, gluggar og gler er frágengið. Þak, þakkantur og niðurföll eru fullfrágengin. Sorptunnuskýli fylgir ekki. Verð 24,9 millj. 72125

### Fífuvellir 5 - 11 raðhús - Hf.



Nýkomin 4 glæsileg 210 fm. raðhús á tveimur hæðum í byggingu. Húsin afhendast folkheld og fullbúin að utan. Glæsileg hönnun. Frábær staðsetning. Verð frá 19,2 millj. - 19,9 millj.

### Lindarhvammur 10 Hf. einb.



Vorum að fá í sölu þetta skemmtilega hús, Húsið er 212 fm auk 55,5 fm bílskúr, vel staðsett í suðurhlíðum Hafnarfjarðar með mjög góðu útsýni yfir bæinn og til hafnarinnar. Húsið er mjög vel skipulagt, á tveimur hæðum og gert er ráð fyrir að hægt sé að hafa aukaíbúð á 1. hæð ef þess er óskað. Húsið stendur fyrir ofan bersvæði og því engar byggingar beint fyrir neðan. Húsið skilast fullbúið að utan og tilbúið til innréttinga með grófjafnaðri lóð. Hægt er að fá það afhent fyrr ef þess er óskað.

### Daggarvellir 6B fjölb Hf



Aðeins 1 íbúð eftir. Ath. 100% lánamöguleiki. Nýkomnar glæsilegar nýjar íbúðir í einkasölu. Um er að ræða 2ja herb íbúð með sérinngangi 71,6 fm. Íbúðin afhendist í jan/feb 2005 fullbúin án gólfefna. Vandaðar innréttingar og tæki. S-svalir og útsýni. Góð staðsetning í barnvænu hverfi.Teikningar á Mbl.is.Traustir verktakar. Allar nánari uppl. veita sölumenn Hraunhamars.

## 5-7 HERBERGJA



**Grænakinn - Hf.** Nýkomin í einkasölu sérlega falleg risíbúð á þessum vinsæla stað. Eingin er skráð 91 fm. Tvö svefnherbergi og möguleiki á þremur en auk þess er geymsla og gott herbergi í kjallara. Góðar innréttingar. Parket á gólfum. Góð eign. Verð 14,2 millj. 60377

## 4RA HERBERGJA



**Breiðvangur - Hf.** Um er að ræða skemmtilega íbúð á þessum vinsæla stað í norðubæ Hafnarfjarðar. Íbúðin er 133,5 fm. auk bílskúrs sem er 24,2 fm. Skipting eignar: 3 svefnherbergi, sjónvarpshol, stofa, svalir, eldhús með borðkróki, þvottaherbergi, baðherbergi, geymsla og bílskúr. Einnig er búið að bæta við 4 herberginu sem nýtist vel sem vinnuherbergi. Eldhúsi með nýrri innréttingu. Gólfefni eru parket, teppi og flísar. Bílskúrinn er með heitu og köldu vatni. Þetta er fín eign sem vert er að skoða. Verð 17,0 millj. 108442

## 3JA HERBERGJA



**Reykjavíkurvegur - Hf** Ný komin í einkasölu 48,3 fermeta íbúð á annrri hæð í vel staðsettu fjölbýli. Eigninskiptist í forstofu, baðherbergi stofu, eldhús,herbergi og geymslu. Gólfefni eru flísar. Stutt í alla þjónustu. 9,7 millj. 108070

## 2JA HERBERGJA



**Norðurbraut - Hf.** Nýkomin í sölu 62,7 fermetra íbúð á fyrstu hæð í fjögra íbúða húsi í suðurbæ Hafnarfjarðar. Eignin skiptist í forstofu, eldhús, stofu, herbergi, gang, baðherbergi og geymslur. Verð 9,2 millj. 107507



**Hamraborg - Kóp.** Nýkomin í einkasölu skemmtileg 2ja herbergja íbúð með bílskýli í hjarta Kópavogs, eignin skiptist í: Hol með parketi, opið eldhús með nýju parketi, baðherbergi, nýuppgert svefnherbergi með skáp, stofa með nýju parketi. Stæði í vaktaðri bílageymslu fylgir. Sameiginlegt þvottaherb. með tækjum. Góð sameign. Verð 10.9 millj. 107994

### Asparhvarf - Sérhæðir -Vatnsenda



Nýkomnar í einkasölu glæsilegar efri og neðri hæðir 134,3 fermetrar ásamt stæði í bílageymslu á frábærum útsýnisstað í austurhlíðum Vatnsendahvarfs. Íbúðirnar skiptast í samkvæmt teikningu: Anddyri, gang, gestasnyrtingu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, hjónaherbergi, tvö barnaherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu.

* Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna, þær fyrstu í júlí 2005.

* Vandaðar innréttingar og tæki.

* Sér inngangur, suðursvalir, séreignarflötur neðri hæða. Stæði í bílageymslu.

* Glæsilegt útsýni yfir Elliðavatn, Heiðmörk, að Hengilsvæðinu, Vífilsfelli og Bláfjöllum.

* Upplýsingar og teikningar á mbl.is og á skrifstofu Hraunhamars.

**Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is**

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4 • Sími 570 4500 • Fax 570 4505 • Kt. 440973-0359
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Óðinsgötu 4, sími 570-4500, fax 570-4505. Opið virka daga frá kl. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - http://www.fastmark.is/
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali.
Unnar Smári Ingimundarson, viðskiptafr. og lögg. fasteignasali

## GLEÐILEGT NÝTT ÁR ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á LIÐNU ÁRI

## EIGNIR ÓSKAST

- **GARÐABÆR** - 150-200 FM EINBÝLI ÓSKAST Í GARÐABÆ, FLATIR EÐA HÆÐAHVERFI
- **SÉRHÆÐIR** - SÉRHÆÐIR ÓSKAST Í HVERFUM 101,105 OG 107
- **GRAFARVOGUR** - EINBÝLISHÚS ÓSKAST Í HAMRAHVERFI
- **SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI** - ÓSKUM EFTIR 300-600 FM VÖNDUÐU OG VEL STAÐSETTU SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI MEÐ GÓÐU ÚTSÝNI Í REYKJAVÍK.

### Sérbýli



**Garðastræti.** Glæsilegt 330 fm einbýlishús í miðborginni. Fjögur sér bílastæði á lóðinni. Eignin skiptist þannig að efri hæð er glæsileg 110 fm 4ra hreb. íbúð sem er öll nýlega innréttuð á afar vand. og smekklegan máta. Neðri hæð er innréttuð sem 4ra herb. íbúð og er í ágætu ásigkomulagi. Kjallari hússins er í dag innrétt. sem geymslur, þvottaherb. og íbúðarherb. Mögulegt er að tengja saman neðri hæð og kjallara og gera úr því eina íbúð. Einnig er húsið mjög vel til þess fallið að breyta því í einbýlishús.

**Brúnastekkur.** Fallegt 334 fm einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 50 fm tvöf. bílskúr. Eignin skiptist m.a. í gesta w.c., eldhús með góðum borðkrók, stofu, borðstofu, fjölda herbergja, tvö baðherb. auk 67 fm séríbúðar. Mikið útsýni úr stofu. Falleg ræktuð lóð með hellulögðum verönd um og vegghleðslum. Hiti í stéttum fyrir framan hús. Verð 48,5 millj.



**Laugarásvegur.** Vel staðsett einbýlishús á þessum eftirsótta stað í Reykjavík. Húsið er 322 fm að stærð, kjallari og tvær hæðir með innb. bílskúr. Á hæðunum eru m.a. samliggj. skiptanlegar stofur, eldhús með góðum borðkrók, 6 herb. og tvö flísalögð baðherb. auk gesta w.c. Í kj. eru vinnuherb. auk geymslu og þvottahúss. Ræktuð lóð. Verð 50,0 millj.

### Hæðir

**Þingholtsstræti-íb. og vinnuaðst.** Skemmtileg 143 fm íbúð á 1. hæð og í kjallara í þessu nýuppgerða húsi í hjarta borgarinnar. Rúmgóð stofa m. útg. í hellulagt port og rúmgott herbergi. Eign sem býður upp á vinnuaðstöðu í kjallara. LAUS STRAX - VERÐ TILBOÐ.

### 4ra-6 herb.



**Óðinsgata.** Falleg 94 fm 4ra herb. íbúð, hæð og ris, með sérinng. í Þingholtunum. Íbúðin skiptist í tvær stofur, tvö herb., eldhús með eldri innrétt., baðherb. og snyrtingu. Sér geymsla og sameiginlegt þvottahús í kjallara. Svalir út af annari stofunni með útsýni yfir Tjörnina. Verð 18,5 millj.



**Espigerði.** 109 fm 4ra herb. íbúð á 4. hæð ásamt 7,0 fm geymslu í kj. í þessu eftirsótta lyftuhúsi. Rúmgóðar og bjartar samliggj. stofur með útgengi á tvennar svalir, eldhús með eldri innrétt. og borðaðstöðu, 2 svefnherb., fataherb. innaf hjónaherb., þvottaherb. og flísalagt baðherb. Verð 19,9 millj.

### 3ja herb.



**Stigahlíð.** Falleg og björt 75 fm 3ja ñ 4ra herb. íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli í Hlíðunum auk sér geymslu í kj. Eldhús m. góðri borðaðst. og uppgerðum innrétt., rúmgóð parketlögð stofa, stórt hol þar sem væri möguleiki að útb. herb., 2 rúmgóð herb. og baðherb. Suðursvalir. Verð 14,9 millj.



**Hringbraut.** Mjög falleg og vel skipulögð 71 fm íbúð á 2. hæð auk 10,6 fm sér geymslu. Íbúðins skiptist m.a. í tvær rúmgóðar og bjartar stofur m. útg. á svalir til suðurs, rúmgott herb. m. skápum, eldhús m. uppgerðum fallegum innrétt. og baðherbergi. Áhv. húsbr. 5,1 millj. Verð 11,6 millj.

**Melhagi-sérinng.** 70 fm 2ja herb. íbúð á 1. hæð í endurbyggðu húsi við Melhaga auk sér stæðis í bílageymslu. Íbúðin sem er með sérinngangi og u.þ.b. 3 metra er öll endurnýjuð m.a. gólfefni, innréttingar, lagnir o.fl. Verð 18,9 millj.

**Sólheimar.** 85 fm íbúð á 5. hæð í góðu lyftuhúsi. Opið eldhús, stofa, 2 herb., bæði með skápum og flísal. baðherb. Stórkostlegt útsýni, svalir eftir endil. stofunni. Sér geymsla í kj. og önnur á hæðinni. Verð 15,7 millj

### 2ja herb.

**Hrísmóar-Gbæ.** Mjög falleg og mikið endurnýjuð 61,1 fm. 2ja herb. íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýlishúsi auk sér geymslu í kj. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús með borðstofu, rúmgott herb. og rúmgott baðherb. Baðherb. hefur allt verið endurnýjað nýverið. Parket og flísar á gólfum. Húsið er nýviðgert og málað að utan og í mjög góðu ásigkomulagi. Verð 13,9 millj.



**Víkurás** Falleg 35 fm stúdíóíbúð á 3. hæð ásamt 4,0 fm geymslu í kj. Austursvalir með útsýni yfir Rauðavatn. Snyrtileg sameign. Verð 7,5 millj.



**Öldugata.** Góð 29 fm vel skipulögð stúdíóíbúð á 2. hæð. Íbúðin skiptist í forst., stofu/herb., eldhús og baðherb. Sam. þvottahús. Verð 6,5 millj.



**Grettisgata-sérinng.** Falleg og nánast algjörlega endurnýjuð 42 fm íbúð á jarðhæð m. sérinng. Nýleg gólfefni, innréttingar, tæki og lagnir. Laus strax. Verð 8,7 millj.

### Atvinnuhúsnæði



**Vesturgata.** Mjög gott og vel staðsett verslunarhúsn. neðarlega á Vesturgötu auk vinnustofu á hæðinni og lagerrýmis/studióíbúðar í kj., alls um 113 fm. Hús nýlega viðgert að utan. Laust fljótlega. Verð 15,5 millj.



**Þverholt - Heil húseign auk byggingarréttar.** Hér er um að ræða heila húseign sem er 2923 fm. og skiptist í kjallara og fjórar hæðir. 1. - 4. hæð eru góðar skrifstofuhæðir, hver með 6-10 afstúkuðum skrifstofum, opnum vinnurýmum, skjalageymslum, tækjarýmum og salernum. Svalir eru á hverri hæð og útsýnis nýtur af efri hæðum. Kjallari hússins er með mikilli lofthæð og góðum innkeyrsludyrum og var upphaflega teiknaður sem bílageymsla. Húsið býður uppá ýmsa nýtingarmöguleika og hefur m.a. verið teiknað 107 herb. hótel í því og einnig gæti húsið verið vel til þess fallið að hýsa stofnanir. Allar nánari uppl. og teikn. á skrifstofu.

**Bakkabraut-Kóp.** Atvinnuhúsnæði samtals að gólfleti 302 fm sem skiptist í tvö bil, 151 fm hvort. Annað bilið er vel innréttað og með litlu millilofti, en hitt er minna innréttað, en með stóru og góðu millilofti. Getur elst sitt í hvoru lagi. Nánari uppl. veittar á skrifstofu

**Laugavegur-skrifst.hæð.** Góð 192 fm skrifstofuhæð á 3. hæð, efstu, í nýlegu húsi. Eignin skiptist í móttöku, 4 skrifstofur, opið rými, w.c. og eldhúskrók. Laus fljótlega. Verð 24,5 millj.

## Logaland-endaraðhús.



Stórglæsilegt 254 fm. endaraðhús á tveimur hæðum, með innbyggðum bílskúr og mjög rúmri aðkomu.
Húsið sem er mjög mikið endurnýjað jafnt innan sem utan skiptist m.a. í stórar saml. stofur, stórt vandað eldhús, 4 til 5 rúmgóð svefnherbergi, þvottaherbergi, baðherbergi og gesta wc. Parket, sandsteinn og flísar á öllu húsinu. Stór upphituð innkeyrsla fyrir framan húsið. Verð 49,0 millj.

## Langeyrarvegur-Hafnarfirði.



Nýkomið í sölu 277 fm einbýlishús, kjallari/jarðhæð og tvær hæðir. Tvær íbúðir eru í húsinu í dag. Íbúðin á jarðhæðinni er mikið endurnýjuð og í góðu ásigkomulagi, en íbúðin á efri hæðum þarfnast endurbóta. Selst í heild sinni eða jafnvel í tvennu lagi. Verð 40,0 millj.

## Skipholt- 5 herb. m. bílskúr



Björt og mikið endurnýjuð 105 fm endaíbúð á 3. hæð. Íbúðinni fylgir 8,3 fm sér íbúðarherb. og sér geymsla í kj. og 22 fm bílskúr. Íbúðin skiptist í stórt hol, eldhús m. nýjum vönd. tækjum, uppgerðum innrétt. og góðri borðaðstöðu, bjarta stofu, 3 rúmgóð herb. og nýlega endurnýjað flísalagt baðherb. Vestursvalir. Gler og gluggar nýjir að hluta. Parket og mósaikflísar á gólfum. Verð 18,7 millj.

## Birkihlíð.



Nýkomin í sölu vel skipulögð 100 fm 4ra herb. íbúð með sérinngangi í þessu fallega tvíbýlishúsi í suðurhlíðum Reykjavíkur. Íbúðin skiptist í forstofu með skápum, hol, opið eldhús með borðaðstöðu, bjarta stofu, rúmgott hjónaherb. með skápum auk tveggja barnaherb., þvottaherb./geymslu og baðherbergi. Verð 21,8 millj.

## Sjáland- Garðabæ



Strandvegur 12-16.
Nýjar og vandaðar 3ja ñ 4ra herb. íbúðir í 3ja hæða fjölbýlishúsi. Stærðir frá 96 fm upp í 126 fm, flestar með vestursvölum. Ath. fullbúnar án gólfefna nema baðherbergi og þvottaherbergi verður flísalagt. Vandaðar innréttingar. Stæði í bílgeymslu fylgir öllum íbúðunum. Lyfta í húsi nr. 12. Afhending snemma árs 2005. Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikn. og allar nánari uppl. veittar á skrifstofu.

## Sjáland - Garðabæ



Norðurbrú 1
Nýjar og vandaðar 3ja ñ 4ra herb. íbúðir í 3ja hæða fjölbýlishúsi. Stærðir frá 96 fm upp í 125 fm, flestar með vestursvölum. Ath. fullbúnar án gólfefna nema baðherbergi og þvottaherbergi verður flísalagt. Vandaðar innréttingar. Stæði í bílgeymslu fylgir öllum íbúðunum. Lyfta í húsinu. Afhending í febrúar 2005. Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikn. og allar nánari uppl. veittar á skrifstofu.

**SAMTENGD SÖLUSKRÁ FJÖGURRA FASTEIGNASALA - EIN SKRÁNING - MINNI KOSTNAÐUR - MARGFALDUR ÁRANGUR**

# Leigumiðlun




**Ný leigumiðlun, Tilleigu ehf hefur nú tekið til starfa. Hægt er að skrá eignir til leigu á vef miðlunarinnar tilleigu.is, atvinnuhúsnæði, íbúðarhúsnæði og orlofshúsnæði. Reyndir starfsmenn sjá um miðlun eigna. íbúðareigendur geta einnig auglýst íbúðarhúsnæði á vefnum.**

***Verið velkomin á vefinn okkar og kynnið ykkur þjónustuna!***

## ATVINNUHÚSNÆÐI



### HLÍÐASMÁRI

Skrifstofurými 82 fm. Tilbúið til að flytja inn og hefja starfsemi.



### HLÍÐASMÁRI 11

Verslunarrými ca. 120 fm og 152 fm þjónusturými. Afhendist fullinnréttað eftir þörfum leiganda.



### MÖRKIN

Skrifstofurými ca 300 fm, Frábær staðsetning. Afhendist fullinnréttað eftir þörf um leiganda.



### ÁRMÚLI 17

Góð skrifstofuhæð ca. 220 fm í hjarta borgarinnar



### VEGMÚLI

Skrifstofuhæð 150-170 fm (2.hæð)




### BORGARTÚN

Skrifstofuhæð ca. 810 fm. Frábær staðsetning. Glæsilegar innréttingar. Sameiginlegt mötuneyti.

## ÍBÚÐARHÚSNÆÐI

### VATNSSTÍGUR 8, KJALLARÍBÚÐ



### HVERFISGATA 55

Tveggja til þriggja herbergja íbúð í miðbænum.



### HVERFISGATA 57, ALLT HÚSIÐ

Um er að ræða stóra íbúð með tveimur til þremur svefnherbergjum á götuhæð og tvær minni íbúðir í kjallara, hvor með svefnherbergi og eldhúsi og inngangi frá garði.

tilleigu.is

**Til leigu ehf · Hlíðasmára 15 · 201 Kópavogur · Sími 585 0105**

# HÚSEIGN
Fasteignamiðlun
Guðmundur St. Ragnarson • Lögg. fasteignasali og hdl.




Hlíðarsmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109 • huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18, föstud. 10-17



**FÍFUSEL - REYKJAVÍK**

Falleg 4ra herbergja íbúð, stór stofa, suður svalir, flísalagt eldhús með ljósri innrétting, gott stæði í bílgeymslu. Laus í maí. Ákveðinn sala. Verð 15.5 millj.



**NÝBÝLAV. - KÓPAVOGUR**

Gott iðnaðarhúsnæði, möguleiki á að breyta í vinnustofu og íbúð. Húsnæðið er 188 fm og til afhendingar strax. Verð 19.5 millj.



**RAUÐALÆKUR - REYKJAV.**

Mikið endurnýjuð, falleg 76 fm. 3ja herbergja íbúð með sérinngangi og stórum fallegum garði innst í botnlanga.

Íbúðin skiptist í tvö rúmgóð svefnherbergi og stofu. Innréttingar, gólfefni, gluggar, gler og innihurðir hefur nýlega verið mikið endurnýjað.

VERÐ 15,2 millj.

ÁHUGASAMIR HAFIÐ SAMBAND VIÐ JÓNAS JÓNASSON

Í SÍMA - 847-7171



**ÁSBÚÐARTRÖÐ - HFJ**

Góð þriggja herb. íbúð í tvíbýli með sérinngangi. Snyrtileg eldri eldhúsinnrétting og góð stofa. Parket á gólfum. Verönd fyrir framan inngang. Stutt í alla þjónustu. Allar uppl. veitir Gyða Gerðarsdóttir, sölumaður í s. 695-1095.



**MÓABARÐ - 220 HFJ**

Falleg tveggja herb. íbúð á annarri hæð í fjölbýli. Húsið er nýlega málað að utan. Stutt í alla þjónustu. Allar uppl. veitir Gyða Gerðarsdóttir, sölumaður í s. 695-1095.

**EINBÝLISHÚS**



**SMÁRARIMI**

Gullfallegt einbýlishús á einni hæð. Húsið er steinað í ljósum lit. Húsið er 147.7 fm auk 32.3 fm bílskúrs. Húsið afhendist fullbúið að utan en fokhelt að innan Verð 23.5 millj. Möguleiki á að fá húsið lengra komið.



**ENNISHVARF**

Fallegt einbýlishús á einni hæð húsið afhendist fullbúið að utan en fokhelt að innan. Eign sem virkilega vert er að skoða. Frábær staðsetning. Verð 35. millj

**VANTAR STRAX ALLAR TEGUNDIR EIGNA Á SKRÁ!**

HAFIÐ SAMBAND - VERÐMETUM SAMDÆGURS - EKKERT SKOÐUNARGJALD



F2

**Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga**

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir


# Ný heilsugæslustöð

***Ný heilsugæslustöð í Hafnarfirði verður til húsa á þriðju og fjórðu hæð að Fjarðargötu 13 til 15 í norðurturni verslunarhússins Fjarðar.***

Samningur um leiguhúsnæðið var undirritaður milli heilsugæslunnar og Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda fimmtudaginn 30. desember.

Húsnæði nýju heilsugæslustöðvarinnar verður um 1048 fermetrar og þar verður innréttuð stöð með starfsaðstöðu fyrir sex lækna. Húsnæðið er á tveimur hæðum en móttaka sjúklinga verður á neðri hæð stöðvarinnar. Á efri hæðinni verður ungbarnaeftirlit og mæðravernd.

Líklegt er að hönnun húsnæðisins hefjist strax eftir áramót en hafist verður handa við að innrétta húsnæðið í febrúar. Áætluð verklok eru í síðasta lagi 1. ágúst á næsta ári og að starfræksla stöðvarinnar geti hafist nokkrum vikum síðar. ■

## 603 AKUREYRI:
# Glæsilegt bjálkahús á góðum stað

**Brekkusíða: fallegt og vel búið einbýli á tveimur hæðum**

**Lýsing:** Í forstofunni eru gráar náttúrusteinsflísar og lítil snyrting þar inn af. Eldhúsið er mjög glæsilegt, með blálakkaðri innréttingu og vönduðum silfurlitum tækjum. Á neðri hæðinni eru ennfremur tvær stofur með bæsuðum furugólfum, þvottahús og geymsla. Innfelld lýsing er á neðri hæðinni og hiti í gólfum en á efri hæð eru ofnar. Þar er einnig glæsilegt baðherbergi með ljósgráum náttúruflísum og fallegum sturtuklefa úr hleðslugleri og svörtum mósaíkflísum. Gert er ráð fyrir baðkari. Á efri hæðinni eru líka fjögur svefnherbergi, þar af þrjú með fataskáp. Hvíttuð loft og bæsuð furugólf eru á öllum herbergjum.



**Bjálkahús í efra þorpinu á Akureyri með frábæru útsýni.**

**Úti:** Lóðin er grófjöfnuð og búið er að skipta um jarðveg fyrir bílskúr.

**Annað:** Húsið er timburhús á tveimur hæðum og byggingarárið er 2002. Til austurs eru stórar svalir með frábæru útsýni.

**Verð:** 18 milljónir **Fermetrar:**142 **Fasteignasala:** Nethús

## 230 KEFLAVÍK:
# Fallegt hús á besta stað í bænum

**Krossholt: Mikið endurnýjað einbýlishús á einni hæð.**

**Lýsing:** Komið er inn í forstofu með flísum og fatahengi. Þaðan er gengið inn í sjónvarpshol og þaðan niður eitt þrep í stofuna sem er með stórum garðglugga og fallegum arni. Þar við hliðina er borðstofa. Í eldhúsinu er gamaldags innrétting sem hefur verið gerð upp. Baðherbergin eru tvö, annað lítið og ætlað gestum en í hinu er nuddbaðkar með sturtuaðstöðu. Gert er ráð fyrir fjórum til fimm herbergjum í húsinu. Þvottahús er inn af eldhúsinu og inn af því lítil búrgeymsla.



**Húsið er á rólegum og góðum stað en samt er stutt í alla þjónustu.**

**Úti:** Góður garður er umhverfis húsið og skjólsæl verönd. Húsið er steinhús, byggt árið 1969, og er í góðu ástandi og mikið endurnýjað.

**Annað:** Húsið er á besta stað í Keflavík, stutt í alla þjónustu en þó róleg og fjölskylduvæn staðsetning.

**Fermetrar:** Húsið 182,7 og bílskúrinn 31. Verð: 24,9 milljónir Fasteignasala: Draumahús

# FASTEIGNA MIÐLUN

GRAFARVOGS

Sími 575 8585 – Spönginni 37 – 112 Reykjavík

FÉLAG FASTEIGNASALA

Opið virka daga frá kl. 09:00-18:00.
www.fmg.is


Sverrir Kristjánsson
Lögg. fasteignasali
Gsm 896 4489


Jón Pétursson
Sölumaður
Gsm 898 5822


Karl Dúi Karlsson
Sölumaður
Gsm 898 6860

**Samtengd söluskrá**
Sex fasteignasölur
- ein skráning - minni kostnaður -
- margfaldur árangur -
www.hus.is

## Nýbyggingar



**ÞORLÁKSGEISLI** Glæsilegt 196,6 fm tvílyft einbýlishús með 27,7 fm innbyggðum bílskúr á þessum vinsæla stað í Grafarholtinu með miklu útsýni. Búið að einangra, leggja raflagnir og hita með stýrikerfi í öllum gólfum. Lýsing: 2. hæð. Stofa og borðstofa, arinn, baðherb., eldhús, suður-svalir. 1. hæð. Forstofa, hjónaherb., 3 svefnherb., baðherb., þvottahús, geymsla og bílskúr. V. 40,6 m..

## 4ra herbergja



**FAGRIHVAMMUR** 105,8 fm 4ra herb. íbúð á 2. hæð í Hafnarfirði. Eignin skiptist í: Stofu, hol, eldhús, 3 svefnherbergi, bað og þvottaherb.. Sér geymsla í kjallara. Parket, flísar og dúkur á gólfum. V. 15,9 m.

## 3ja herbergja



**KLAPPARHLÍÐ** Stórglæsileg 82 fm, 3ja herb., björt og falleg íbúð með sérinng. á 3. hæð. Baðherb. með stórum sturtu-, gufu- og nudd klefa. Elhús með fallegri innréttingu og vönduðum tækjum, m.a. 5 hellu gaseldavél og granít borðplötu. Suðvestur svalir. Mahogny innréttingar og hurðir. Fallegar flísar á gólfum. V. 16,8 m.

## 2ja herbergja



**BLÁHAMRAR** 2-3 herb,, 63 fm íbúð á jarðhæð með sér garði í Hamrahverfi. Geymsla með glugga og parketi á gólfi er innan íbúðar og er í dag notuð sem svefnherb.. Að auki eru 2 sameiginlegar geymslur. Sérmerkt bílastæði. V. 11,6 m

## Landsbyggðin



**STYKKISHÓLMUR** Mjög rúmgóð 157,4 fm íbúð á tveimur hæðum við Höfðagötu. 2 samliggjandi stofur og 4 svefnherb.. Svalir út af hjónaherb.. Útsýni. V. 10,5 millj.



**STYKKISHÓLMUR** Til sölu 111,9 fm. miðhæð í þessu reisulega húsi við Silfurgötu. Mikið endurnýjuð íbúð, m.a. nýtt rafmagn, nýjir ofnar, ný eldhúsinnrétting og ný baðinnrétting. Hæðin er með sér inngang, 4 herbergi o.fl.. Góð staðsetning. Fallegt útsýni út á Breiðafjörð. V. 8,9 m.

**STYKKISHÓLMUR** Timburhús við Tangagötu, kjallari, hæð og ris. Húsið er klætt að utan og þarfnast standsetningar. Hæðin er forstofa, 2 stofur, svefnherb. og bað. Í risi eru 2 stór svefnherb.. Eign sem gefur möguleika. V. 7,1 millj.



**STYKKISHÓLMUR** Til sölu Staðarfell í Stykkishólmi. Fallegt einbýlishús, mikið endurnýjað á mjög smekklegan hátt. 109,2 fm hæð og ris ásamt 49,7 fm geymsluskúr. Fallegt sprautulakkað eldhús, baðherb. með innréttingu, þvottaherb., falleg stofa og 3 svefnherb.. Húsið standur hátt og því mikið útsýni yfir bæinn. Sjarmerandi eign með sál.



**DOFRABORGIR - SÉRHÆÐ Í TVÍBÝLI** Glæsileg og mjög rúmgóð 135,3 fm efri sér hæð í tvíbýlishúsi, ásamt 58 fm tvöföldum bílskúr á besta stað í Grafarvogi. 3 svefnherb. og 2 baðherb.. Fallegt parket og Mustang flísar á gólfum. Glæsilegar innréttingar og tæki eru í eldhúsi. Hornbaðkar og vegghengt salerni.



**DUGGUVOGUR-HORNHÚS**
Til sölu ca. 325 fm. jarðhæð með stórri innkeyrsluhurð. Góð lofthæð. Húsið er áberandi og hefur því mikið auglýsingagildi. Laust í apríl 2005.
Uppl. utan skrifstofutíma, Sverrir 896-4489



**STYKKISHÓLMUR - 2JA ÍBÚÐA HÚS** 219,6 fm. einbýlishús með 2 íbúðum á góðum stað við Laufásveg í Stykkishólmi. Á jarðhæð er góð 3ja herb. séríbúð sem er nýlega innréttuð m.a. eldhúsinnrétting, bað og gólfefni. Hæðin er forstofa, bað, stórar samliggjandi stofur, svefnherbergi, rúmgott og bjart eldhús með góðum vinnu og borðkrók. Í risi eru 3 stór svefnherb. og bað.

**VANTAR ÞIG VERÐMAT?**
TÖKUM AÐ OKKUR AÐ GERA VERÐMAT SAMDÆGURS.

# FASTEIGNA MIÐLUN

575 8500

Fax 575 8505

FÉLAG FASTEIGNASALA

Síðumúla 11 • 2. hæð • 108 Reykjavík

Jón Ellert Lárusson, löggildur fasteignasali

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 09.00 - 18.00
LAUGARDAGA FRÁ KL. 13.00 - 15.00


Brynjar Fransson
lögg. fasteignasali
samn./skjalagerð
sími 575 8503


Jón Ellert Lárusson
viðskiptafræðingur
sölumaður
lögg. fasteignasali


Örn Helgason
sölumaðu


Þór Þorgeirsson
lögg. fasteignasali
sölumaður
sími 866 2020


Brynjar Baldursson
sölumaður
sími 698 6919


Sverrir Kristjánsson
eigandi
sími 896 4489

## EINBÝLISHÚS



**BOLLAGARÐAR - SELTJARNARNES** Glæsilegt 319 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni. Íbúðin er m.a. mjög rúmgóð stofa með arni, borðstofa, sjónvarpsstofa, sólskáli með arni, grilli og útgangi út á rúmgóðan afgirtan sólpall, rúmgott eldhús með vandaðri innréttingu, tvö flísalögð baðherbergi, þvottaherbergi, búr, rúmgott hjónaherbergi með fataherbergi inn af, þrjú rúmgóð svefnherbergi, sauna-klefi o.m.fl. Glæsilegur afgirtur garður með miklum sólpöllum. Eign sem vert er að skoða. Nánari upplýsingar á skrifstofu.

**Sími 575 8500**

## SÉRHÆÐIR



**Ægisíða 64** Erum með til sölu 218,7 fm efri hæð og ris ásamt bílskúr í fallegu húsi með glæsilegu óviðjafnanlegu útsýni. Íbúðin er samtals 183,7 fm og bílskúrinn er 35 fm. Á neðri hæð er eldhús, baðherbergi, stór stofa, hjónaherbergi og stórar flísalagðar svalir. Á efri hæðinni eru þrjú svefnherbergi, baðherbergi og ca. 20 fm flísalagðar svalir. Stétt fyrir framan bílskúr og að útitröppum og útitröppur eru upphitaðar. Verð 43,6 millj.




## 2JA HERBERGJA



**HRAUNTEIGUR** Ósamþykkt 26 fm einstaklingsíbúð í kjallara í fjórbýlishúsi á þessum vinsæla stað á Teigunum í nágrenni Laugardalsins. Stutt í alla þjónustu og skóla. Verð 4,7 millj.



**FURUGRUND - KÓP.** 2ja herb. 56 fm ósamþykkt kjallaraíbúð í fjöleignahúsi á þessum vinsæla stað í Grundum Kópavogs. Íbúðin er stofa, svefnherb., eldhús og baðherb. Parket og flísar á gólfum. Verð 8,3 millj.

## ATVINNUHÚSNÆÐI



**GLÆSIBÆR - 104 RVK** Vorum að fá glæsilegt 846 m≤ húsnæði í Glæsibæ sem býður upp á mikla möguleika. Húsnæðið er allt á einni hæð og er í góðu ásigkomulagi. Að utan er búið að taka húsnæðið í gegn og verið er að undirbúa byggingu bílastæðishúss þar sem verður gengt beint á hæðina. Húsnæðið getur hentað undir margskonar starfsemi m.a. skemmtistað, veitingastað eða verslun.



**FJÁRFESTING - 108 RVK** Erum með til sölu ca 1.500 m≤ atvinnuhúsnæði á góðum stað, það er að mestu í útleigu. Húsnæðið er með gluggum á þremur hliðum og er í góðu ástandi. Nánari uppl. veitir Örn á skrifstofu Fasteignamiðlunar. 34069

**VAGNHÖFÐI - 110 RVK** Vorum að fá í sölu 432,5 m≤ bil úr góðu atvinnuhúsnæði með góðri lofthæð, góðu útisvæði og tveimur innkeyrsludyrum. Innkeyrsludyrnar eru 4,2 metrar á hæð og 4,2 metrar á breidd og 3,8 metrar á hæð og 3,4 metrar á breidd. Salurinn með allt að 6,5 metra lofthæð, með stálbita fyrir hlaupakött í lofti og með flísalögðu gólfi með hita í. Útisvæðið að ofan er hellulagt með hita í.

Möguleiki er á að kaupa allt húsið sem er samtals 940 m≤. Teikningar á skrifstofu.

**KLETTHÁLS - 110 RVK** Erum með til sölu eða leigu í fallegu húsi sem er í byggingu allt að 1619,7 m≤ endabil í atvinnuhúsnæði með allt að 10 metra lofthæð. Húsið er með stórri lóð og er á tveimur hæðum. Jarðhæðin er 1284 m≤ og milliloft 379 m≤ með 2 svölum. Teikningar á skrifstofu. Mögulegt að fá minna bil.

**TIL LEIGU SKRIFSTOFA** Erum með til leigu 41,9 til 66,7 m≤ skrifstofu á 2. hæð góðu húsi. Skrifstofan er með gluggum á einni hlið auk hornglugga, góðum dúk á gólfi, lagnastokkum með raf, tölvu og símalögnum, sameiginlegri kaffistofu og wc. Fram á gangi er móttaka með ritara og er mögulegt fá aðstoð frá honum fyrir m.a. símsvörun.



**SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI TIL LEIGU** Vorum að fá til leigu í stærri eða smærri einingum í glæsilegt fimm hæða 3503,6 m≤ skrifstofuhúsnæði á mjög góðum stað við Smáralind í Kópavogi. Húsið er með glæsilegu útsýni, nægum bílastæðum, svölum, góðri aðkomu, opnum og björtum stigagangi. Húsið er einangrað að utan og klætt með stálklæðning og steinplötum. Teikningar á skrifstofu og allar nánari uppl. gefur Örn Helgason á skrifstofu Fasteignamiðlunar eða í síma 575-8509.

**FJÁRFESTING** Erum með til sölu í nýlegu húsi 258,7 m≤ gott verslunarrími í útleigu ásamt tveimur bílastæðum í bílakjallara. Verslunarrímið er í útleigu til 2017.

**FLUGUMÝRI - 270 MBÆ** Erum með í sölu gott 544.6 m≤ atvinnuhúsnæði með 2.470 m≤ lóð. Húsið er stór salur og viðbygging á tveimur hæðum. Húsið hentar undir margvíslega starfsemi. Það er með 5,2 til 7,5 metra lofthæð í sal, góðum þakgluggum, stórri lóð, stækkunarmöguleikum og með þremur stórum innkeyrsluhurðum sem eru 4,5 m á hæð og 4 m á breidd.



**STANGARHYLUR - 110 RVK** Vorum að fá í sölu gott 564,7 m≤ atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum með góðri aðkomu og bílastæðum. Húsið hentar undir margskonar starfsemi, það er með þremur inngöngum, innkeyrsluhurð, lager, skrifstofum, eldhúsi með tækjum og stórum sal. 34299

**DUGGUVOGUR - HORNHÚS** Til sölu ca. 325 fm. jarðhæð með stórri innkeyrsluhurð. Góð lofthæð. Húsið er áberandi og hefur því mikið auglýsingagildi. Laust í apríl 2005. Uppl. utan skrifstofutíma, Sverrir 896-4489 og Örn 696-7070

**SAMTENGD SÖLUSKRÁ SEX FASTEIGNASALA**
**EIN SKRÁNING - MINNI KOSTNAÐUR MARGFALDUR ÁRANGUR**

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8–19

AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9–17

## BÍLAR & FARARTÆKI


LITLA bílasalan www.litla.is S. 587 7777



Toyota Avensis station 4x4 dísel, árgerð 02/2002, ek. 140 þús. km, 5 gíra. Ásett verð 1.490 þús. Lækkað verð 1.290 þús. Bílalán 1.240 þús.



Renult Megane classik 5/2000, ek. 106 þús. km, 5 gíra, 4 dyra, fallegur og vel með farinn bíll, ásett verð er 890 þús. Tilboðsverð 750 þús.

**Litla bílasalan**
**Funahöfða 1, 112 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**



587 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN



Jeep Cherokee Grand Limited 5,7 HEMI með k. 25 pakka, km mælir, krók og bakkvörn frá Kanada. Afhendingartími 3-4 vikur á frábæru verði kr. 4.890.000. Áratuga reynsla af innf., og bílasölu. Kynntu þér málið hjá okkur, Nýja bílahöllin. S. 567 2277, Ingimar GSM 893 2165.

**Nýja bílahöllin**
**Funahöfða 1, 112 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.notadirbilar.is**



SPARI bíll



Nýr Renault Kangoo Disel. Til sýnis á staðnum. Listaverð: 1.357 þús. Okkar verð: 1.117 þús. Þú sparar 240 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**



TOYOTA Akureyri



Til sölu SkiDoo MXZ X 440 Racing árg. 2003, 38mm belti, handahlífar, kúplingskitt. Verð 790.000.- áhv. 575 þ. kr. 19 þ. Á mán. Toyota Akureyri 460-4300.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnesi 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18, laugardaga 13-16.**



12 volt



PORSCHE 911 CARRERA 2 7/'00 ek. 33 þ. verð 7.7 m. Uppl. í s: 896 9616.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**


### Bílar til sölu



Toyota Corolla Verso árg. 2002. Beinsk. árg. 2002. Dráttakúla og fl. Verð. 1.650 þús. Uppl. í síma 693 0540.



ford transit diesel ekin104 þkm 9manna árg 1998 s.8992177



Ford F 350 Lariat 6,0L Diesel árg 2005 nýr bíll einn með öllu Gott verð með vsk S:898-2811

**Athugið get útvegað**
Allar gerðir af bílum frá Ameriku þar á meðal Dodge (benz) Sprinter, árgerðir 2005 bæði vörubílum og fólksbílum. Uppl. í s. 899 3004.

**Tjónabíll**
Ford Connect 210, árg. '04, verð 350 þús. s. 898 2128.

### 0-250 þús.

**Benz 190E árg. '87. Ný vetrardekk. Ásett verð 200 þús. Tilboð óskast. Uppl. í síma 663 0454.**

Til sölu glæsilegur sægrænn Chevrolet Malibu 1981. Vel með farinn, ekinn 140.000. Verður fornbíll á næsta ári. S.868-3618.

Til sölu Toyota Touring árg. 1989. Skoðaður 2004 Þarfnast smávægil. lagfæringa, Verð tilboð. Upplýsingar í síma 551-8649

subaru 1800 station árg 88 sk 05 gott ástand verð 65þús uppl í síma 6613548

### 250-499 þús.



Mmc Galant GLSi árg. '92. Uppl. í s. 849 5421.



ford fiesta árg 1998 topp bill s 899 - 2177

Suzuki Baleno árg. '96, ekinn 128 þús. í góðu ástandi. Verð 300 þús. Uppl. í s. 660 0004.

### 500-999 þús.



Mitsubishi Space Wagon 5 gíra, beinsk. 4x4 '97, 7 manna. Km 129 þ. Verð 750 þ. S. 894 5200.



Til sölu Toyota Avensis Terra 1800 árg. '99, sjálfskiptur. Uppl. í síma 892 4353.

Mazda 626 station '98, ek. aðeins 55 þ. 2 L, ssk., sk. '06. Verð 950 þ. S. 861 6061.

### 1-2 milljónir



Toyota Previa 2400, 7 manna, 5 dyra, bensín, Vvti, ssk., árg. sept 2002. ek. 77 þ. km., dráttarb., filma á rúðum, sumar og vetrardekk. Toppeintak. Engin skipti. Verð 2290 þús. Áhvílandi 1500 þús. Uppl. í s. 663 0504.



MMC L200 1998 ekin 183000KM. Disel turbo inthercoler breitt pústkerfi Breittur á 33" bíll í góðu lagi lítur vel út. verð 1200 þús.Engin skifti Uplýsingar í síma 5674755 frá 8-16

Dodge Stratus '02, 2,4 L, ssk., ABS. Verð 1.450 þ. S. 551 5483 & 690 8018.

### Bílar óskast

Óska eftir japönskum fólksbíl á ca 30-150 þús. Má þarfnast viðgerðar. Uppl. í s. 695 9543.

Óska eftir japönskum Station bíl, ca árg. '93 til '98. Má þarfnast lagf. Uppl. í s. 844 0478.

Óska eftir dísel fólksbíl eða litlum jeppa á allt að 200 þús. stgr. Uppl. í síma 899 0407.

Óska eftir ökufærum bíl á nr., mjög ódýrt jafnvel gefins. Endilega hringið í S: 820 7222.

Óska eftir bíl á verðb. 100- 150 þ. helst skoðuðum. Uppl. í s: 660 0109.

### Jeppar



Patrol 98 ek. 133þ. km. einn eigandi, verð 2100 þús. uppl. 6605600



Nissan Patrol GR 2,8 dísel, sk. '05, 7 manna, árg. '92, sumardekk á felum fylgja. Verð 690 þús. stgr. Uppl. í s. 694 3309.



Ford F 350 7,3 X cap árg. '00, ek. 150 þ., 4ra dyra, 6 manna. Verð 2,2 m. ATH skipti. S. 893 3347.

Landcruiser 80 TDI árg. '91 ekinn 290 þ. 38" breyttur, mikið af aukabúnaði. Tilbúinn á fjöll. Uppl. í s. 698 1667.

Toyota Land Cruiser 80 VX 44" ek. 161 þús. Sjálfsk., 4.5 bensín, milligír, með öllu. Uppl. í síma 899 0577.

### Pallbílar



GMC R3500 XL '90. Ekinn 159 þús., bensín, nýskoðaður, snyrtilegur og vel með farinn bíll. Verð 350 þús. Uppl. í s. 895 8873

### Fjórhjól



Polaris Sportsman 4x4 500 og 700 árg2001og 2002 og 2003góð hjól á góðu verði með VSK Plus Gallery ehf S:898-2811.

### Vélsleðar



Til sölu Polaris XC 800 sp 2001. Neglt belti, panna og glertaska. S. 898 8686.

AC Pantera 900cc árg '99. 2ja manna ferðasleði. Rafstart, bakkgír og m.fl. Verð 550 þús. Uppl. í s. 893 7203.

Til sölu Polaris Indi 650, árg. '92, ek. 7000 m., Verð 100 þús. Uppl. í s. 694 7480 eftir kl. 18.

### Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.



Til sölu snjóplógur. Ekki fjölplógur. Smíðaár '94. Uppl í s. 893 6985.


Vélaborg ehf



**Fjórhjóladrifin skæralyfta !**
Eigum á lager Haulotte Compact 12 DX. skæralyftu með vinnuhæð 12 m., skotpallur, stuðningslappir. Önotað tæki til afgreiðslu strax. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600.



Vélaborg ehf



**Snjókeðjur**
Útvegum með stuttum fyrirvara snjókeðjur undir vinnuvélar. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Draupnisgötu1, 603 Akureyri, sími 464 8600.




**Minnsti krani á landinu!**
60 cm breiður, 9 m bómuhæð. Lyftir mest 2,9 t í 1,4 m. Heppilegur í ýmsar hífingar. Sími 699 4241 & www.smakranar.is.

### Bátar

HEIMAVÍK ehf 555 6090 • 892 8655

**Góð beitusíld, góð beitusíld**
á heilum brettum. Heimavík ehf. Smiðjuvegi 28 - Rauð gata S. 555 6090 og 892 8655.

**Sómi 800 til sölu**
með Volvo Penta 230 hestafla vél, lítið keyrð DG 5000i færavindur. Vagn fylgir með. öll tæki, mjög gott eintak. Skipamiðlunin Bátar og kvóti s. 568 3330 www.skipasala.com

### Flug




### Aukahlutir í bíla



Til sölu nýtt plasthús á Ford F 250,350 og notað hús á Dodge Ram 1500 árg 1995. S: 898-2811

### Hjólbarðar

SNJÓDEKK. Til sölu sem ný 4 stk. negld sjódekk stærð 195/165, 15 tommu á felgum og hjólkoppum. Selt saman á kr. 40.000. Einnig 1 stk. ónotuð original 15 tommu álfelga undir Mercedes Benz. Seld á hálfvirði, kr. 15.000. Uppl. í síma 564 4580 og 861 1154.

### Varahlutir

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Bílapartar v/Rauðavatn, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyota-bíla. Opið virka daga frá 10-18.

Aðalpartasalan s. 565 9700, Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Hondu, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

## Fyrir veiðimenn



**Veiðileyfasalan hafin!**
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S. 567 5204 & 660 6890.




## Hestamennska



**Hestaklippur**
Hestamenn nú er rétti tíminn til að raka undan faxi. Eigum hágæða LISTER rafmagnsklippur með hleðslurafhlöðu og 220 voltra. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 860



**Í hesthúsið !**
Drenmotturnar í hesthúsið komnar aftur, stærð: 75cm x 100cm x 5,5cm. Verð: kr. 5.980. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Draupnisgötu 1, 603 Akureyri, sími 464 8600

**Hesthúsapláss-Selfoss**
Byrjaður að taka á hús. Til leigu hesthúsapláss með fullri hirðingu. Einhestastíur. Frábær aðstaða. Folaldahótel, tek folöld í vetrargjöf. Uppl. í s. 897 7643.

Járningarþjónustan, vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 899 9590 Sveinn.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi Funahöfða 7. Aðgangur að eldhúsi, þvottavél, þurrkari, sjónvarps og símatengi. Uppl. í s. 893 8839.

Herbergi á svæði 109 til leigu, fullbúið húsgögnum. Allur búnaður í eldhúsi, þvottavél, Stöð 2 og Sýn. Uppl. í síma 698 3211.

80 fm þriggjaherb. íbúð í Hafnafirði, 73 þús. á mán. uppl. í s. 865 2095 eftir kl. 15.

## Húsnæði óskast

Reyklaus reglusamt par óskar eftir 2ja-3ja herb. íbúð, með sér inng. Uppl. í s. 823 0811 eða 698 8384.

Reglusöm móðir með 3 börn óskar eftir 4-5 herb. húsnæði á svæði 104 frá 1.mars 2005. Uppl. í síma 863 0030.

## Atvinnuhúsnæði

Búðarpláss á besta stað á Laugavegi. Ódýr leiga. Frábært tækifæri. S. 692 7548.

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhúsnæðið - 10% afsl. fram til 20. sept!**
Geymum allt. Vaktað húsnæði. 15 mín. frá Hfj. S. 869 1096, 424 6868 og 849 8363. Jötunheimar.

## Gisting

Hótelíbúðir... Erum með fullbúnar íbúðir til leigu í Rvk. Íbúðirnar leigjast í sólarhring, viku, mánuð eða til lengri tíma. Uppl. veittar í s. 577 6600.

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben Ódýr gisting Vetraverð www.gistiheimilid.dk 45-24609552

**heilsa o.fl.**
Á ÞRIÐJUDÖGUM
✓ Auglýsingasíminn er 550 5000
auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐ
- mest lesna blað landsins -

# ATVINNA

## Atvinna í boði




**Vegna aukinna verkefna**
Vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík, Akureyri og á landsbyggðinni strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Áhugasamir hafi samband við Gunnhildi Stefánsdóttur hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í gsm 867 5723.

**10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu.**
Sérstaklega verið að leita af starfsfólki í hlutastarf.
Unnið er á vöktum.
Störfin geta hentað vel með skóla.
Umsækjendur þurfa að vera þjónustulundaðir, áreiðanlegir, vinnusamir og góðir í mannlegum samskiptum.
Einnig verða umsækjendur að vera fæddir '87 eða fyrr.
**Áhugasamir geta sett inn umsókn á vefslóðinni www.10-11.is eða fyllt út umsóknareyðublöð í verslunum sjálfum.**

**Morgunræstingar**
Óskum efir að ráða til okkar ræstingarmanneskjur sem tækju að sér léttar ræstingar á höfuðborgarsvæðinu. Fjölbreytt og skemmtileg störf. Unnin alla virka daga frá klukkan 08.
**Uppl. á www.hreint.is eða í síma 554-6088. Hreint ehf**

**Hár og sýningahúsið Unique**
Fagfólk og nema vantar til starfa. Góð laun og frábært tækifæri fyrir rétta fagmanninn. Einnig vantar nema sem er að hefja nám í faginu til vinnu sem fyrst.
Trúnaði heitið.
**Upplýsingar í síma 552 6789, Sæunn eða Jóa.**

**Vantar aðstoðarmann**
í vélsmiðju. Upplýsingar í síma 897 2206.

**Smurbrauð/eldhús**
Óska eftir starfsmanni í smurðbrauðsdeild bakarameistarans. Vinnutími frá 05-13 virka daga auk þriðja hverja helgi. Viðkomandi verður að vera á bíl. Uppl. í s. 897 5470 eða á www.bakarameistarinn.is Starfsmaður verður að vera stundvís, reglusamur og snyrtilegur.

Pítan Skipholti, óskar eftir hressu starfsfólki í vaktavinnu. Fullt starf. Góð laun í boði. Uppl. veittar á staðnum í dag milli 14-16. Umsóknareyðublöð á www.pitan.is

Leitum að heilsuhraustum og stundvísum manni með meirapróf og helst með minni vinnuvélaréttindi. Upplýsingar á staðnum mánudag og þriðjudag milli 08 og 12. Hreinsitækni Stórhöfða 35.

Heildverslun óskar eftir starfskrafti í pökkun á frystivörum. Vinnutími 9 til 16 eða 9 til 13. Upplýsingar gefur Jón í s. 894 3155.

Barnfóstra óskast til að gæta árs gamals drengs 4 daga í viku frá 13-17. Sími:698 7807

Hársnyrtistofan Aþena í Mjódd óskar eftir sveini. Uppl. í s. 557 2053 & 822 0563.

Ræstingar. Starfsmann vantar til ræstinga í MH. Vinnut. 16-19. Umsóknar eyðublöð á skrifstofu. Uppl. gefur Ólöf í s. 867 4241 frá kl. 16-19.

## Atvinna óskast

Maður um þrítugt vantar vinnu, með meirapróf, vanur vélsmiðju, og lagerstörfum. Uppl. í s. 844 0478.

22 ára strák vantar kvöld- og helgarvinnu. Helst verslunarstörf. Uppl s.659 0265. Tryggvi

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**800 6767.**
Allar pizzur á matseðli á aðeins **1000 kr.** sótt. Frítt gos með öllum heimsendingum. Frábær hádegistilboð virka daga !
**Pizza Austurver. Háaleitisbraut 68. Sími 800 6767.**

## Einkamál

**Paris Hilton! Night in Paris.**
DVD og VHS á 1.990 kr. www.grensasvideo.is Grensásvideó.
**Grensásvegi 24. Póstkröfusími 568 6635. Opið kl. 14.00 - 23.30.**







Stjáni! ég sakna þín. Hafðu samband. Bára.

FASTEIGNAVEFUR VÍSIS



KÍKTU Í HEIMSÓKN OG SKOÐAÐU ÓTRÚLEGT ÚRVAL EIGNA Á VISIR.IS!

vísir ...UM ALLT!

## SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*




*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisisins.

## NESKIRKJA
*í Reykjavík*

**Neskirkja stendur við Hagatorg í Reykjavík. Hún var vígð á pálmasunnudag 1957. Arkitekt kirkjunnar var Ágúst Pálsson húsameistari. Fyrsti prestur safnaðarins, séra Jón Thorarensen, kom til starfa árið 1941 en nú starfa tveir prestar við sóknina, séra Örn Bárður Jónsson sóknarprestur og séra Sigurður Árni Þórðarson. Fyrir nokkrum árum var kirkjan friðuð hið ytra sem dæmi um eina fyrstu nútímabyggingu á Íslandi. Í kirkjunni er að finna glerverk eftir Gerði Helgadóttur og Leif Breiðfjörð. Á síðasta ári var tekið í notkun nýtt safnaðarheimili sem byggt hefur verið við kirkjuna. Það er teiknað af VA arkitektum.**





**HÚSIN Í BÆNUM**
GUJA DÖGG HAUKSDÓTTIR

# *Skraut eða einfaldleiki*

Nú eru flestir búnir að taka niður jólatréð og ganga frá jólaskrautinu. Sums staðar fá jólaseríurnar að lifa ögn lengur og lýsa í skammdeginu, en hitt dótið er miskunnarlaust tekið úr umferð. Gluggakistur og sófaborð virðast undarlega berstrípuð og þögul. Litríka skrautið hefur nú vikið fyrir gráma hversdags á ný, veggir eru bara veggir og baðherbergi bara baðherbergi. Veturinn varla hálfnaður.

Ísland hefur nokkra sérstöðu miðað við önnur Evrópulönd að því leyti að hér er enginn byggingarlistararfur sem hefur vaxið og þróast með kynslóðunum í gegnum aldir. Fá hús á Íslandi eru mikið eldri en 100 ára, og mörg hús sem byggð eru í dag bera þess merki að vera tilraunastarfsemi upp að vissu marki. Gömlu torfbæirnir sem lásu sig svo fallega með landinu en entust ekki sérlega vel, eru illstaðsetjanlegir í borgarlandslag svo augum er gjarnan beint til útlanda eftir fyrirmyndum að íslenskum nútímabyggingum.

Þessi skortur á tengslum við söguna - bæði okkar eigin og vestræna byggingarlistasögu - getur stundum skilað sér í skringilegum áherslum. Þannig er afstaða til ytri ásýndar eða forms bygginga oft slitin úr samhengi.Eitthvað veldur því að íslensk byggingarlist er með eindæmum litrík og skrautleg. Barnaskólar og kirkjur, verslanir og stofnanir: byggingar eins og Melaskóli og Seltjarnarneskirkja, Höfðaborg með Íbúðalánasjóð og höfuðstöðvar Orkuveitunnar uppi á Höfða, ásamt ótal íbúðarhúsum eru lifandi staðfesting þess að agaður einfaldleiki í byggingalist er ekki það sem helst einkennir íslenska byggingamenningu. Byggingarnar eru gjarnan samsettar úr flóknum og margvíslegum formum, steinsteypan er meðhöndluð á alla lund, þakin hrauni eða steypt með mynstri, þakin járni og tré, og bæði lóðréttir og láréttir fletir eru máladir í öllum regnbogans litum. Lágstemmdari hús í öguðum hlutföllum og jarðbundnum litaskala avant-garde naumhyggju mega sín lítils í þessari ofgnótt skrautlegra bygginga, þau eru í besta falli kölluð „stílhrein“ meðan hin húsin eru bæði „glæsileg“ og „virðuleg“.

Kannski eru það bara þessir löngu og dimmu vetur, eða fáskrúðugur og litasnauður gróður hér á Íslandi sem veldur þessari sókn í ofgnótt og líflegheit. Kannski lætin í veðrinu allan ársins hring. Það er víst engin hætta á að grámi og leiðindi leggist yfir þótt jólunum sé lokið.

*Höfundur er arkitekt.*


Nýtt!

# Lofthreinsitæki

hreinsar loftið, eyðir lykt og drepur sýkla



**Kröftugt jónastreymi**
Gefur frá sér mínus hlaðnar jónir sem hjálpa til við að eyða m.a. ryki, mengun, veirum og frjódufti. Heldur herbergisloftinu hreinu og bætir heilsuna.

**Bakteríudrepandi útfjólublár lampi**
Útfjólubláa ljósið drepur ýmsa sýkla og bakteríur og eyðir lykt (t.d. reykinga- og matarlykt)

**Kröftug ryksöfnun**
Ryðfrí stálblöð safna á sig ryki og öðrum óhreinindum í stað hefðbundins filters.

**Þrjú skref**
HI, MED og LOW stillingar og Turbo stilling fyrir mismunandi aðstæður. (Blá ljós sýna stillingu).

**Gaumljós**
Ljós sýna hvort þrífa þarf stál blöðin eða hvort tækið þarfnast annars viðhalds.

**Mikill orkusparnaður**
Vegna orkusparandi hönnunar notar tækið aðeins 28W/klst.

**Upplýsingar í síma 511 1001**
**Opið frá 09.00 til 18.00**

ECC

ECC ehf
Skúlagötu 17
101 Reykjavík
Sími 511 1001
ecc@ecc.is
**www.ecc.is**

# Raforkuriddarinn Valgerður Sverrisdóttir

**UMRÆÐAN**
RAFÖRKUVERÐ



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON**
ALÞINGISMAÐUR FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS

**„Ég skora á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir því að koma með öllum ráðum í veg fyrir þá miklu hækkun sem er boðuð á húshitunarkostnaði.**

Á nýársdag hlotnaðist Valgerði Sverrisdóttur sá mikli heiður að hljóta stórriddarakross íslensku fálkaorðunnar fyrir störf í opinbera þágu og vil ég nota tækifærið og óska henni til hamingju.Ekki er nokkur vafi á því að Valgerður hefur beitt sér ötullega fyrir opinberum stórvirkjunum og jafnvel svo mjög að í kjölfar orðuveitingar herra Ólafs Ragnars Grímssonar hefur hún hlotið sæmdarheitið raforkuriddarinn manna á meðal.

Sá böggull fylgir þó skammrifi að önnur verkefni ráðherrans hafa verið látin sitja á hakanum. Þekkt er hve ráðherrann hefur lítt sinnt brotum á samkeppnislögum sem varða almenning miklu. Mál tryggingafélaganna dagaði nánast uppi í eftirlitsstofnun ráðherrans eftir að hafa verið til þar til „meðferðar“ í rúm 7 ár. Ekki var talið rétt að beita fyrirtækin sem hlunnfóru neytendur neinum þvingunarúrræðum öðrum en tilmælum um að brjóta ekki af sér að nýju.

Byggðarmálum hefur nánast ekkert verið sinnt og hafa ýmsar ákvarðanir og ummæli ráðherrans verið vægast sagt mjög umdeild. Í pistli á heimasíðu ráðherrans má lesa sérkennilegt viðhrof til sjávarútvegs og sjávarbyggðanna. Í pistlinum er viðurkennt að kvótakerfið væri sjávarbyggðunum dýrt en svo heilagt væri kerfið að það væri af og frá að breyta því á nokkurn hátt og vera með því að föndra við byggðirnar. Við í Frjálslynda flokknum sjáum alls ekki neinn heilagleika við kerfi sem skilar helmingi minni botnfiskafla upp úr sjó en fyrir daga þess.

Byggðamálaráðherrann hefur ennfremur beitt sér fyrir því að afnema flutningsjöfnun til landsbyggðarinnar og skilað þinginu afspyrnu lélegri skýrslu um framvindu byggðamála.

Nýtt skipulag í raforkumálum virðist ætla að verða þeim fjölmörgu á landsbyggðinni sem kynda hús sín með raforku dýrkeypt og hækkar orkuverðið um 15%. Raforkufyrirtækin bera þá aumu afsökun á borð að ekki sé lengur heimilt að veita sérstaka afslætti vegna rafmagns til húshitunar. Raforkufyrirtækin minnast ekki á að það er ekkert sem stendur í vegi fyrir því að þau lækki verðið sem nemur þeim afslætti sem þau hafa gefið um árabil.

Ég skora á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir því að koma með öllum ráðum í veg fyrir þá miklu hækkun sem er boðuð á húshitunarkostnaði. Ef ekki verður komið í veg fyrir boðaða hækkun, þá tel ég að þeir fjölmörgu sem verða fyrir verulegri hækkun á húshitunarkostnaði munu minnast Valgerðar og Framsóknarflokksins þegar þeir greiða hækkaðan rafmagnsreikninginn. ■

## AF NETINU

### Móðursýki 84% Íslendinga

Formaður utanríkismálanefndar, Sólveig Pétursdóttir, birtist þjóðinni sem vitringur í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær; listi hinna vígfúsu ríkja skiptir ekki máli þar sem hann hefur ekki í för með sér þjóðréttarlegar skuldbindingar fyrir Ísland. Þetta hlýtur að slá á móðursýki þeirra 84 prósenta Íslendinga, sem samkvæmt skoðanakönnun Gallups eru andvíg veru Íslands á listanum. Hinir fjölmörgu Íslendingar sem gátu ekki sofið af ótta við að aðild að listanum fæli í sér þjóðréttarlega skuldbindingu geta nú andað léttar. Eða kannski var það meira eitthvað svona í líkingu við handfylli tæknikrata, er vilja gera Jón Baldvin að formanni í sínu félagi, sem hafði áhyggjur af slíkri nánasalögfræði. Hvað sem því líður þá er gott að hafa öflugan formann utanríkismálanefndar sem leggur spilin á borðið. Slíkt má ekki vanmeta.

**Huginn Freyr Þorsteinsson á murinn.is**

### Samanburður á milli sveitarfélaga

Það er afar mikilvægt að íbúar höfuðborgarsvæðisins hafi samanburð á milli sveitarfélaga, til dæmis Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar. Í Reykjavík var verið að hækka fasteignagjöld þótt gjaldstofninn hafi stækkað verulega vegna hækkunar á fasteignamati. Á Seltjarnarnesi stendur á sama tíma til að að lækka fasteignagjöldin til að vega á móti hækkun fasteignaverðs. Reykjavíkurborg innheimtir hámarksútsvar af íbúum sínum á meðan það er mun lægra á Seltjarnarnesi þótt gera mætti ráð fyrir því að Reykjavík ætti að geta haft lægri skatta vegna stærðar sinnar.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

### Klóra sér í kollinum

Það verður að segjast eins og er að bankaheimurinn klórar sér í kollinum yfir ráðningu Jóns Diðriks Jónssonar sem framkvæmdastjóra fjárfestinga- og alþjóðasviðs Íslandsbanka. Aðallega vegna þess að hann hefur enga reynslu sem bankamaður. Jón Diðrik var forstjóri Ölgerðarinnar þar sem hann var látinn hætta um áramótin. Þar áður vann hann hjá Coca Cola. Hann hefur því mikla reynslu í að selja gosdrykki, bjór og snakk – bæði hér heima og erlendis – og verður fróðlegt að sjá hvernig það nýtist honum við að stýra útrás bankans. Ég óska Jóni Diðrik alls hins besta í starfi og minni á að nafni hans Ásgeir hjá Baugi hafði einmitt reynslu úr matvörunni þegar hann hóf sína útrás í Bretlandi. En vissulega er ráðning Jóns Diðriks dálítið kómísk í ljósi umræðunnar um að verið væri „að senda heldur kaldar kveðjur til iðnfyrirtækja í landinu“ með því að hafna Sveini Hannessyni, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, sem útibússtjóra bankans í Lækjargötu. Jón Diðrik kemur úr iðnaðinum og ættu menn þar á bæ að hafa tekið gleði sína á ný eftir málalokin með Svein.

**Jón G. Hauksson á heimur.is**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



UMRÆÐAN
FRAMSÓKNARFLOKKURINN



KRISTINN SNÆLAND

**Sá fámenni flokkur sem Halldór Ásgrímsson er foringi fyrir er ekki sá Framsóknarflokkur sem ég þekkti hér á árum áður. Samvinnu- og félagshyggja með fólkið í fyrirrúmi er nú víðsfjarri.**

# Framsóknarfólki fækkar

Niðurstaða síðustu könnunar um fylgi stjórnmálaflokkanna er mér afar sorgleg, en ekki óvænt heldur eðlileg afleiðing skelfilegrar blindu kallsins í brúnni. Þau mál sem kallinn, Halldór og hirð hans hafa klúðrað þvert á stefnu flokksins eru m.a.: Málefni öryrkja, fjölmiðlamálið og svik við almenning, að fá ekki að kjósa um það, hernaðarbröltið í Írak, íslensku hermennirnir í Afganistan og loks gelding mannréttindaskrifstofunnar. Og ekki skal gleyma Sifjarmálinu eða útlegð Kristins H. Gunnarssonar.

Öll falla þessi mál væntanlega undir þá ófrómu ósk Halldórs Ásgrímssonar að vera nú ekki að tala um fortíðina. Þessi mál valda því að Framsóknarflokkurinn er núna trausti rúinn. Halldór og Davíð ákváðu upp á sitt eindæmi að Ísland teldist fylla þann flokk ríkja sem færi með hervald gegn Írak í andstöðu við vilja Sameinuðu þjóðanna og þar með í ólöglegt stríð að mati aðalritara, Kofi Annan. Viðbrögð framsóknarkvenna vegna Sifjar voru virðingarverð og vöktu vonir um að nú væri komin upp virk andstaða gegn ofríki Halldórs og hirðar hans. Þær vonir hafa dvínað og dofnað en vissulega er ekki fullreynt. Okkar ágætu framsóknarkonur kunna að reka af sér slyðruorðið og hirta það lið sem komið er langt af kúrs flokksins. Sá fámenni flokkur sem Halldór Ásgrímsson er foringi fyrir er ekki sá Framsóknarflokkur sem ég þekkti hér á árum áður. Samvinnu- og félagshyggja með fólkið í fyrirrúmi er nú víðsfjarri. Kvóta- og fjárbrasksöfl í fyrirrúmi og dansinn stiginn hraður um gullkálfinn, gólfið að falla og fylgið hrynur. Halldór stynur blindur á stöðu sína. Víst var Íraksmálið rætt á Alþingi, í þingflokkum og í ríkisstjórninni, ekki lýgur hann því. En þeir sem nú fyrirlíta hann og hans verk, ljúga ekki heldur þegar þeir segja: Engin formleg umræða fór fram í þingflokki Framsóknarflokksins né í ríkisstjórn um þá ákvörðun að setja nafn Íslands á lista hinna staðföstu árásarríkja. Loks má vitna í Jón Baldvin sem sagði einhvern tímann: Kalla sem ekki veiða á bara að setja í land. Vonandi ber framsóknarfólk þá gæfu að losa flokkinn við Halldór og hirð hans. Þá yrði aftur gaman að vera framsóknarmaður. ■

# Mistök í veiðistjórn á Íslandi

UMRÆÐAN
FISKVEIÐISTJÓRNUN



PÁLL BERGÞÓRSSON
VEÐURFRÆÐINGUR

Út frá töflu sem birtist í umfjöllun um kvótamál í Fréttablaðinu nýlega má reikna að á 22 árum kvótakerfisins hafi 35% eftirlifandi þorskstofns verið drepin árlega að jafnaði, líka eftir að ákveðið var 1995 að þetta aflamark skyldi vera 25%. Með 35% veiði verða aðeins um 12% af árganginum eftir þegar hann er orðinn 9 ára, ef veiðin byrjar við fjögurra ára aldur. Til viðbótar veiðunum kemur svo dauði af öðrum orsökum. En fyrst við 9 ára aldur er þorskurinn orðinn svo kynþroska að hrygning hans er marktæk. Ef hins vegar aðeins 25% tiltekins árgangs eru veidd árlega verða 24% árgangsins á lífi þegar hann er orðinn 9 ára. Með þessum alvarlegu mistökum í veiðistjórninni hefur hrygningarstofninn verið skertur um helming, ef ekki meira, svo að engan þarf að undra þó að aflinn hafi líka minnkað um helming á kvótaárunum. Ofan á þetta kemur sérstök netaveiði hrygningarstofnsins sjálfs og árganga sem eru að nálgast þann aldur. Í þessu ljósi er það furðulegt hvað ýmsir stjórnmálamenn og útgerðarmenn lýsa mikilli ánægju með kvótakerfið í greinum Fréttablaðsins.

Af þessu tilefni finnst mér ástæða til að segja í mjög styttu máli frá rannsókn sem ég hef gert á afkomu þorskstofnsins síðustu hálfa öld og reyndar mun lengur. Niðurstaðan kemur fram í eins konar jafnstöðukorti þorskveiða sem hér er birt. Það sýnir samhengið á milli veiðistofns, hrygningarstofns og nýliðunar, hvenær sem jafnvægi eða jafnstaða er komin á, miðað við hitafar og aflamark undanfarins áratugar eða svo. Aflamarkið má lesa af rauðu línunum og hitann í Stykkishólmi af boglínunum, 2,5, 3,0 gráður og svo framvegis.

Blái punkturinn sýnir ástand svipað því sem það var stundum áður en kvótinn kom. Árshitinn í Stykkishólmi var þá um 4 stig og aflamarkið var nálægt 25%, aflinn var með öðrum orðum um það bil fjórðungur af veiðistofni. Veiðistofninn má lesa í bláa punktinum milli grænu línanna, nálægt 1700 þúsund tonnum. Hrygningarstofninn sést á kvarðanum neðst á kortinu, beint fyrir neðan bláa punktinn, tæplega 200 þúsund tonn. Þá er reyndar ekki átt við mat Hafrannsóknastofnunar á hrygningarstofni, heldur virkan hrygningarstofn, þyngd 9 ára þorsks og eldri. Nýliðunina má svo lesa á kvarðanum vinstra megin á kortinu, í sömu hæð og bláa punktinn, um 250 milljónir þriggja ára fiska. Og árlegur afli, árangurinn af öllu saman, sést milli bláu línanna, rúm 400 þúsund tonn. Þannig var ástandið áður en sú ofveiði byrjaði sem kvótinn átti að bæta úr. En þess er líka skylt að geta að með hafísárunum á sjöunda áratugnum kólnaði loftslagið svo að varla var hægt að ætlast til meira en 350 þúsund tonna ársafla fyrr en nú um og eftir aldamótin þegar aftur hefur hlýnað. Því meiri gætni hefði þurft að sýna í sókninni.

Lítum þá á ástand síðustu ára, árangurinn af svokallaðri veiðistjórn á kvótatímanum. Það er rauði punkturinn sem sýnir það. Aflamarkið er komið upp í 35% eins og sést af rauðu línunum, en hitinn er 3,5 til 4 gráður eins og hann hefur verið síðasta áratug. Veiðistofninn hefur verið nálægt 600 þúsund tonnum, hrygningarstofninn (9 ára og eldri) innan við 30 þúsund tonn og nýliðunin um 120 milljónir þriggja ára fiska. Og í samræmi við þetta er aflinn rýr, einungis 200 þúsund tonn. Reyndar er hæpið að tala um jafnstöðu í þessu tilfelli, því að reikningar sýna að í þessum punkti fer að verða hætta á því að ekki sé hægt að ná jafnvægi, heldur muni stofninn hrynja smátt og smátt ef ekkert verður að gert. Það liggur í augum uppi að eins og sakir standa er það ábyrgðarlaus kenning að best sé að veiða og veiða, drepa og drepa umfram það sem gert hefur verið. Um þetta heyrast háværar raddir. Meðan menn leggja eyrun við slíkum boðskap er ekki von á góðu.

Því miður hefur ekki verið staðið við þá fyrirætlun sem ráðamenn hafa í orði kveðnu haft síðan 1995, að veiða ekki nema fjórðung veiðistofnsins. Það var að vísu gert 1996 og 1997, en þá fór allt úr böndunum og meðaltalið hefur nú verið 35% í 8 ár. Nú hefur loftslagið hlýnað en samt þarf að setja markið við 22% í bili eins og Hafrannsóknastofnun hefur lagt til, og standa við það. Árangur af því mun fara að sjást eftir svo sem 5 ár, og eftir 10 ár gæti ástandið verið að nálgast þá jafnstöðu sem blái punkturinn sýnir og var í gildi áður en hörmungar kvótatímabilsins hófust. Það mundi líka flýta mikið fyrir batanum að hætta netaveiðum hrygningarfisks. Til að koma þessu í kring er vilji allt sem þarf. ■




# Að hjálpa fátækum



*Ameríkubréf*
SKÚLI HELGASON

Hamfarirnar í Suður-Asíu milli jóla og nýárs hafa varpað ljósi á framlagi Vesturlanda og þá sérstaklega Bandaríkjanna til þróunarmála. Forgangsverkefni í þróunarmálum er baráttan gegn fátækt í heiminum. Nærri helmingur mannkyns berst við fátækt og tæpur fjórðungur við sára fátækt, þ.e. þarf að draga fram lífið á rúmum 60 íslenskum krónum á dag. Ástandið er verst í Afríku sunnan Sahara þar sem tæpur helmingur íbúa er undir þessum sultarmörkum og nær hlutfallið rúmum 80 prósentum í Úganda og Eþíópíu. 189 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna samþykktu árið 2000 að minnka þessa sáru fátækt um helming fyrir 2015. Þetta er lofsvert markmið en nú þegar tíu ár eru til stefnu bendir margt til þess að Afríka sé að missa af lestinni meðan þjóðir Asíu með Kína í fararbroddi hafa náð að minnka fátækt umtalsvert á undanförnum áratug. Stórátak helstu stórvelda heims þarf til að koma Afríku á réttan kjöl og þar mun sem fyrr muna mestu um afstöðu Bandaríkjanna. Bandaríkin eru í senn kjölfesta og Akkilesarhæll Sameinuðu þjóðanna. Sagan sýnir að þegar mikið liggur við er öflugt liðsinni Bandaríkjanna nauðsynlegt. Hins vegar hafa Bandaríkin verið gagnrýnd árum saman fyrir að slá slöku við þegar kemur að því að rétta þróunarlöndum hjálparhönd. Bandaríkin verja mestu fé í krónum talið til þróunarmála en þegar þetta framlag er skoðað sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, þá skrapa Bandaríkin botninn. Árið 1992 settu Sameinuðu þjóðirnar fram markmið um að ríkustu þjóðir heims legðu fram 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu til þróunarmála. Nú þrettán árum síðar eru aðeins fimm þjóðir sem ná því marki. Í þeim hópi eru Norðurlandaþjóðirnar Norðmenn, Svíar og Danir. Til samanburðar er framlag Íslands til þróunaraðstoðar nú 0,19% af þjóðarframleiðslu en hækkar í 0,35% árið 2009 samkvæmt stefnumörkun íslenskra stjórnvalda. Bandaríkin verja hins vegar aðeins 0,14% af þjóðarframleiðslu til þróunarmála. Það er athyglisvert að framlag Bandaríkjanna til baráttunnar við fátækt, hungur, og aðra neyð í þróunarlöndunum er aðeins 3% af útgjöldum þeirra til hermála. Framlag Bandaríkjanna til þróunarmála per íbúa er fjórum sinnum lægra en meðal Kaninn eyðir í gosdrykki á hverju ári. Skoðanakannanir segja merkilega sögu um það hve þjóðin er illa upplýst um stefnu Bandaríkjastjórnar í þróunarmálum. Þær sýna að þjóðin telur að ríkisstjórnin sé alltof rausnarleg og verji að meðaltali 24% af útgjöldum sínum til þróunaraðstoðar meðan 10% væri hæfilegt. Staðreyndin er hins vegar sú að framlög Bandaríkjastjórnar til þróunarmála ná ekki 1% af heildarútgjöldum ríkisins! Eina leiðin til að fá Bandaríkjastjórn til að auka verulega þessi framlög er að koma henni í skilning um að baráttan gegn fátækt sé órjúfanlegur hluti af herferðinni gegn hryðjuverkum. Fátæklingar stofna ekki til hryðjuverka í sjálfu sér en leiðtogar hryðjuverkahópa nýta sér fátækt í þróunarlöndum til að afla fylgis við málstað sinn og safna fótgönguliðum. Bandaríkjastjórn getur því réttlæt aukin framlög til þróunarmála sem skynsamlega fjárfestingu í þjóðaröryggi. Hitt er svo annað mál að nú andar vægast sagt köldu milli ríkjandi afla í Bandaríkjunum og forsvarsmanna Sameinuðu þjóðanna. Báðir aðilar verða að brjóta odd af oflæti sínu, því hér er einfaldlega of mikið í húfi. ■



TILBOÐ Á EGLA BRÉFABINDUM - VERÐ 339 KR / STK. Tilboðið gildir til 31. janúar 2005

BIC Atlantis penni
Verð 90 kr/stk



NOVUS B 425
4ra gata, gatar 25 síður. Verð 2.925 kr

Ljósritunarpappír 397 kr/pakkningin



egla



Gatapokar
100 stk í pakka 486 kr/pk

Geisladiskar þar sem gæðin skara framúr í 10-25-50 og 100 stk einingum



Skilblöð númeruð, lituð, stafróf eða eftir mánuðum.

PILOT SUPER GRIP
Verð 75 kr/stk



STABILO BOSS
Verð 78 kr/stk

MÚLALUNDUR

Vinnustofa SÍBS • Hátúni 10c • Sími: 562 8500 • 562 8501 • Fax: 552 8819 • Heimasíða www.mulalundur.is

# Ford Escape er fjölskyldumeðlimur

*„Þegar við vorum að leita að rétta bílnum gerðum við kröfu til gæða og styrks. Við vildum fjórhjóladrifinn bíl og bárum einkum saman Honda CR-V, Toyota RAV4, Nissan XTrail og Ford Escape í þeirri leit. Með þennan samanburð í huga var valið auðvelt. Ford Escape er kraftmestur og er auk þess mjög vel útbúinn. Svo er hann að okkar mati fallegastur þessara bíla. Síðan var verðið það hagstætt að það var einfaldlega ekki hægt að sleppa góðu tækifæri til að eignast góðan bíl sem maður kemst á út um allt. Við erum búin að fara hringinn og upp á hálendið auk fleiri ferða og það er óhætt að segja að alltaf er bíllinn eins og hugur manns, stendur undir öllum væntingum og enn hefur ekki svo mikið sem ein pera bilað!“*

*Benedikt Sveinsson og Unnur Melsted, ánægðir eigendur Ford Escape.*

## Af hverju er Escape svona vinsæll?

Sala Ford Escape jókst um rúm 2.400 prósent milli áranna 2004 og 2003. Helstu ástæður mikilla vinsælda Ford Escape eru mikið innanrými, vandaður búnaður og hagstætt verð. Enginn annar bíll í þessum flokki er jafn rúmgóður og Ford Escape og hann er töluvert rúmbetri en söluhæsti jepplingurinn RAV4, eins og bent hefur verið á í umsögn Morgunblaðsins.

## Nýjungar

Aksturseiginleikar Ford Escape eru einstakir. Skynvætt fjórhjóladrifið er algjörlega sjálfvirkt og skynjar ójafnt veggrip með því að meta aðstæður hverju sinni 200 sinnum á sekúndu t.d. á malarvegum eða í hálku. Þess á milli þegar aðstæður leyfa t.d. í venjulegum bæjar- og þjóðvegaakstri er Escape eingöngu í framdrifi og sparar þannig bensín og minnkar slit á dekkjum. Þessi búnaður er algjörlega sjálfvirkur. Öryggisbúnaður er í sérflokki og má þar nefna að öryggispúðarnir nema þyngd, sætisstöðu og notkun bílbelta og veita þannig meira öryggi. Staðalbúnaður er til fyrirmyndar eins og ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, rafknúnar rúður, samlæsing með fjarstýringu, sjálfskipting, álfelgur, geislaspilari og loftkæling. Veldu Ford Escape.

## Verð sem kemur á óvart!

Þú kaupir eða leigir Ford Escape, kjörin hafa aldrei verið jafn hagstæð. Þú grípur tækifærið áður en Ford Escape verður uppseldur - aftur! Sjálfskiptur Ford Escape kostar aðeins frá 2.757.000 krónum og rekstrarleigan er hagstæð, aðeins 46.509 krónur á mánuði*. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** hvort sem þú kaupir eða leigir nýjan Ford Escape. Þannig losnar þú við allt umstang og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg.

**FORD ESCAPE ER HÁSTÖKKVARI ÁRSINS 2004**



*Unnur, Björn og Benedikt eru ánægðir eigendur Ford Escape! Ford Escape er til í fjórum útfærslum, XLS, XLT, XLT Sport og Limited. Tvær aflmiklar vélar eru í boði: 2,3 lítra, 153 hestafla og 3,0 lítra, V6 200 hestafla. Veldu Ford Escape.*

**Ford Escape 4x4**



Escape XLS 4x4 5 dyra 2,3i sjálfskiptur:
Eigð'ann fyrir **kr. 2.757.000**

**Ford Explorer 4x4**



Explorer XLT Sport 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur.
Eigð'ann fyrir **kr. 4.074.000**

**Ford Expedition 4x4**



Expedition Eddie Bauer 4x4
5 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur.
Eigð'ann fyrir **kr. 4.998.000**

**Ford Excursion 4x4**



Excursion Limited 4x4
5 dyra 6,0 turbó dísel V8 sjálfskiptur.
Eigð'ann fyrir **kr. 6.460.000**



brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. * Rekstrarleiga miðast við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. ** Staðgreiddur 45 dögum eftir að þú færð nýja bílinn.

**ROD STEWART**
Söngvarinn fæddist þennan dag 1945



*„Ég rata stöðugt í vandræði“*

***- segir hann í einum texta sinna. Kannski voru verstu vandræðin þau að greinast með krabbamein í skjaldkirtli. Hann beinir nú miklu af kröftum sínum í baráttu gegn þessum voða.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Olía finnst í Texas

Þennan dag fyrir rúmum hundrað árum fannst olía í Texas. Það var þrjátíu metra hár olíubor, „Spindletop“ að nafni sem hitti á olíulind klukkan 10.30 að morgni og þrýstingurinn var svo mikill að stórt svæði allt í kringum borinn varð löðrandi í svartri, límkenndri eðju, jarðolíu. Þetta var fyrsti olíufundurinn sem eitthvað kvað að í Ameríku og átti eftir að breyta gangi sögunnar. Brátt stórlækkaði verð á fljótandi eldsneyti og gerði mögulegar breytingar sem byltu atvinnuháttum um allan heim, ekki aðeins í samgöngum heldur landbúnaði, iðnaði og fiskveiðum. Grunnur var lagður að olíuiðnaðinum bandaríska og ásamt framförum í vinnslu olíu lagði þetta líka grunninn að bílaiðnaðinum. Segja má að olían hafi í raun orðið meginundirstaða hins efnahagslega stórveldis sem Bandaríkin eru nú. Engan óraði fyrir þessu þá. Og breytingarnar snertu ekki bara samfélagið: Einstaklingar urðu ríkari en þeir höfðu nokkru sinni orðið. Það er ekki að ástæðulausu sem olían er kölluð svarta gullið.



**10. JANÚAR 1901** Olíugos úr „Spindletop“.

## MERKISATBURÐIR

**1884** Ísafold, fyrsta stúka góðtemplara, stofnuð í Friðbjarnarhúsi á Akreyri.
**1940** Áhöfn þýska skipsins Bahia Blanca bjargað af togaranum Hafsteini.
**1941** Roosevelt forseti kynnir bandaríska þinginu frumvarp um sérstök láns- og leigukjör.
**1942** Ford bílaverksmiðjurnar hefja framleiðslu á nýjum bíl til hernaðar: Jeppanum.
**1944** Laxfoss strandar í blindbyl út af Örfirisey. Mannbjörg varð. Skipið var endurbyggt en fórst við Kjalarnes fjórum árum seinna.
**1994** Þyrla varnarliðsins bjargar sex mönnum af björgunarskipinu Goðanum í Vöðlavík á Austfjörðum. Einn maður fórst.
**1989** Kúbumenn hefja brottflutning hers síns frá Angóla.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## JARÐARFARIR

13.30 **Drífa Gunnarsdóttir**, Þingvallastræti 37, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Karl Torfason**, Þórólfsgötu 7, Borgarnesi, verður jarðsunginn frá Borgarneskirkju.

15.00 **Guðrún Björnsdóttir**, Sólheimum 16, Reykjavík, verður jarðsungin frá Langholtskirkju.

15.00 **Indriði Sigurðsson**, Holtsgötu 41, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.



†

*Föðurbróðir minn,*

**Ólafur Kristjánsson**

Bakkahlíð 39, Akureyri (Óli frá Hraungerði),

lést á dvalarheimilinu Hlíð 1. janúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 12. janúar kl. 13.30.

Fyrir hönd aðstandenda, Elsa Axelsdóttir.



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óli Jóhannes Ragnarsson**

Gyðufelli 12, Reykjavík, áður Skálum á Langanesi

andaðist á gjörgæsludeild Landspítala - háskólasjúkrahúss, Fossvogi, 6. janúar 2005.

Reynir Ö. Ólason, Jóhanna Stígsdóttir, Þórunn R. Óladóttir, Ernst Berndsen, Anna G. Óladóttir, Gústaf A. Ólafsson, Hörður H. Ólason, Hafdís Y. Ólason, Laufey Ólason, Sigurjón Gunnarsson, Hólmfríður Óladóttir, Randver Elísson, Helgi S. Ólason, Guðrún R. Valgeirsdóttir, Sölvi S. Ólason, Margrét Pálsdóttir, Linda B. Óladóttir, Bryan Baker og fjölskyldur þeirra.

Jarðarförin auglýst síðar.

†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ingólfur Arnar Þorkelsson**

Espigerði 4, Reykjavík,
fyrsti skólameistari Menntaskólans í Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 11. janúar klukkan 15.00.

Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlega bent á Ingólfssjóð sem hefur það hlutverk að efla áhuga nemenda Menntaskólans í Kópavogi á húmanískum greinum. Tekið er á móti framlögum í sjóðinn í Sparisjóði Kópavogs, reikningsnúmer 1135-05-410200. Kennitala sjóðsins er 701204-6030. Netfang: ingolfssjodur@mk.is. Upplýsingar veittar í síma 594 4000 í Menntaskólanum í Kópavogi.

**Rannveig Jónsdóttir, Jón Arnar Ingólfsson, Þorkell Már Ingólfsson, Þóra Sigríður Ingólfsdóttir, Karl Emil Gunnarsson og barnabörn.**



**GRÍMUR GÍSLASON** Hefur um árabil verið fréttaritari Ríkisútvarpsins á Blönduósi. Hann ber ekki með sér að vera orðinn 93 ára!

**GRÍMUR GÍSLASON**: ELSTI STARFANDI FRÉTTARITARI RÍKISÚTVARPSINS

# Kominn á tíræðisaldur

Allir landsmenn kannast við fréttaritara Ríkisútvarpsins á Blönduósi. En það eru ekki allir sem vita að hann er kominn á tíræðisaldur. Reyndar er hann 93 ára í dag. Og hefði sjálfsagt ekkert veður gert út af þessu ef tíðindamaður tímamóta hefði ekki náð tali af honum í síma.

Hvar ertu fæddur Grímur?

„Ég er fæddur að Þórormstungu í Vatnsdal 1912 en foreldrar mínir bjuggu þar þá. Þau fluttu síðar að Saurbæ og ég varð seinna bóndi þar.“

Hvenær hleyptirðu heimdraganum?

Ég fór í Laugarvatnsskólann haustið ‘31 en hafði ekki ástæður til frekari skólagöngu. Pabbi missti heilsuna um þetta leyti og svo var kreppan. Það voru engir peningar til. Ég var svo á Hvanneyri 35-36 og aflaði mér staðgóðrar þekkingar á búskap. Reyndi að kynna mér allt sem ég gat. Ég fór svo að búa ‘42, fyrst í félagsbúi við pabba en tók alveg við 1944. Foreldrar mínir fluttu þá suður en pabbi kom flest sumur fram yfir 1950, sér til hressingar. Hann gerði ýmislegt sem aðrir gátu ekki sinnt, sló með orfi og ljá það sem ekki var véltækt o.s.frv.“

Kynntist þú sjálfur þessum gömlu vinnubrögðum?

„Já, blessaður vertu, ég sló líka með orfi og ljá, dengdi ljá, barði niður þúfur, malaði skít í taðkvörn og dreifði honum úr trogi. Það er nú ein frumstæðasta áburðardreifing sem til er. Já, já, ég kynntist þessu öllu. Mér er minnisstætt sem krakki þegar verið var að stinga út úr húsunum á vorin. Runeberg Ólafsson var þá vinnumaður hjá pabba og hann stakk fyrir mörgum hnausum í einu. Ég man að við krakkarnir áttum fullt í fangi með að losa hnausana úr stálinu og bera þá út úr húsunum.“

Og ullarvinnan?

„Já, það var mikil vinna í kringum ullina. Ullin öll þvegin. Svo voru þetta fyrstu verðmætin sem maður eignaðist. Ég safnaði hagalögðum og lagði inn í kaupstað. Það voru fyrstu aurarnir sem maður eignaðist og gat keypt sér eitthvað fyrir, kannski vasahníf. Leikföng voru ekki til.“

Voru margar búðir á Blönduósi í þinni æsku?

„Já , þær voru fjölmargar. Það er eitthvað annað en núna, þetta er eiginlega bara ein verslun og gengur kaupum og sölum. Manni finnst sem byggðirnar séu á fallanda fæti. Það þyrfti að setja takmörk á þetta kvótaverð, þessi ósköp eru að sliga allt mannlíf og byggðir í landinu.“

Grímur Gíslason hefur um árabil verið fréttaritari útvarpsins. Hann var líka veðurathugunarmaður á Blönduósi þar til stöðin þar var gerð að sjálfvirkri stöð. Og það er enginn bilbugur á þessum manni þótt hann sé kominn á tíræðisaldur. Við eigum áreiðanlega eftir að heyra frá honum greinargóða pistla á þessu nýbyrjaða ári, og kveðjuorðin: „Þetta er Grímur Gíslason á Blönduósi.“ ■

## AFMÆLI



**Unnur Arngrímsdóttir** danskennari er 75 ára.

**Guðjón Ármann Eyjólfsson**, fyrrv. skólameistari, er sjötugur.



**Jóhann Már Jóhannsson**, bóndi og söngvari, er sextugur.



**Sverrir Guðjónsson** söngvari er 55 ára.

**Helga Dóra Reinaldsdóttir** er fimmtug í dag.

**Kristmundur Bjarnason**, rithöfundur á Sjávarborg, er 86 ára í dag.

**Jón Eysteinsson** sýslumaður er 68 ára.



**Ásdís Jenna Ástráðsdóttir** skáld er 35 ára í dag.

# BT ÚTSALA

## Yfir 1000 vörur á útsölu



**TOSHIBA**

**Toshiba Satellite A50-111**
- Intel® Pentium® M 725 1.6 GHz (Dothan)
- 512MB DDR minni (Mest 1024MB)
- 60GB S.M.A.R.T. drif
- 15" TFT XGA (1024 x 768)
- Intel® Extreme Graphics 2
- Super DVD Multi brennari
- VGA, TV-OUT, FireWire (DV ready)
- 3x USB 2.0, hljóð inn/út
- Intel® PRO/Wireless 2200 BG 54Mbps
- Windows XP Home
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð

DVD skrifari

Létt, nett og þráðlaus!

**4.038***

36.000 kr. LÆKKUN

VÍS 4.038* Tölvukaupalán 48 mán.

11.999** Vaxtalaust 12 mán.

143.988 Staðgreitt

**Notaðu tvo skjái í einu**
Með þessari tækni getur þú stækkað skjáplássið til muna. Þægilegt ef verið er að vinna í mörgu í einu.

**Dotan örgjörvi**
er sá nýjasti af Centrino örgjörvunum frá Intel. Þessi nýji örgjörvi er búinn stærra flýtiminni og afkastar allt að 20% meira en eldri örgjörvarnir



19"

Skjákortið í leikina

12.000 kr. LÆKKUN

**3.100***

**MEDION® V6**

**AMD64 Clawhammer SE2**
- AMD Athlon64 3000+
- nVidia GeForce FX5500 8xAGP,
- 128 MB, ViVo,DVI-I; 8x AGP, DirX9
- 256 MB DDR-RAM PC3200 (400MHz)
- 160 GB 7200 rpm (BB)
- DVD skrifari • Media Bay
- 19'' hágæða CRT skjár

FYLGIR

VÍS 3.100* Tölvukaupalán 48 mán.

8.999** Vaxtalaust 12 mán.

107.988 Staðgreitt

## Harður diskur



**Western Digital**
WD800BB
**80GB** 7200RPM ATA100 2MB

Botn verð

**4.999** (6.999)

## Harður diskur



**LACIE**
300700EK
**LaCie 160GB USB2.0 7200 RPM**

Rugl verð

**16.999** (21.999)

Vandaður útvær harður diskur frá LaCie

## Ódýr og góð mús



**Trust**
12111-TRU
**Trust AMI Mouse single**
Ódýr og góð

**499** (999)

50% afsláttur

## DVD spilari

**og 40 kvikmyndir**



30% afsláttur

BELSONIC

**11.999** (16.999)

DVD VIDEO · mp3 · Jpeg · VIDEO CD · COMPACT DISC ReWritable

## 40" sjónvarp



**THOMSON**

**40" Sjónvarp 100 Hz**
40KW412S
- 40" Rear projector sjónvarp
- 100Hz Digital Mastering
- Textavarp 1500 bls minni
- Magnari 2x20 watta
- 3 Scart-tengi/AV tengi að framan
- Fjarstýring

60.000 kr. LÆKKUN

**169.999** (229.999)

## Heimabíó

**SONY**

**DAV-SB200**
**Sony Heimabíó DAV-SB200**
- Magnari 5x80W RMS
- Bassahátalari 150W RMS
- Útvarp FM/AM RDS
- Spilar svæði 2
- Spilar SVCD/DVD-R/DVD-RW
- Dolby Digital, DTS og PLII

15.000 kr. LÆKKUN



**44.999** (59.999)





## Viltu vinnna?

Allir sem taka þátt fá glaðning!

**Sendu SMS skeytið BT UTB á númerið 1900 og þú gætir unnið. Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.**

99 kr/skeytið

# sport

sport@frettabladid.is

**Við lýsum eftir...**

... stórskyttunni Jaliesky Garcia en handknattleiksforystunni hefur ekki tekist að hafa upp á honum þótt mikið hafi verið reynt. Það er spurning hvort HSÍ þurfi ekki að kalla á Hákon Sigurjónsson, formann dómaranefndarinnar, sem er þrautreyndur rannsóknarlögreglumaður og væri vafalítið snöggur að finna Garcia í Havana þar sem hann fer huldu höfði.



**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

JANÚAR

7 8 9 **10** 11 12 13

**Mánudagur**

**LEIKIR**

☐ 19.15 **Breiðablik** og **Ármann/Þróttur** mætast í Smáranum í 1. deild karla í körfubolta.

**SJÓNVARP**

☐ 18.30 **Ameríski fótboltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Green Bay Packers** og **Minnesota Vikings** í ameríska fótboltanum.

☐ 18.30 **Þrumuskot – ensku mörkin** á Skjá einum.



☐ 20.30 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn.

☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.




☐ 23.05 **Opna breska meistaramótið í golfi** á RÚV.

☐ 23.15 **Boltinn með Guðna Bergs** á Sýn.



**KEPPT UM GULLIÐ** Sú ákvörðun Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins að setja á fót Gullmótin svokölluðu þar sem keppendur geta unnið raunverulegt gull hefur vakið verðskuldaða athygli og áhugi á frjálsum íþróttum aukist til muna.

Frjálsar íþróttir:

## Gullmótin vekja áhuga

**FRJÁLSAR** Gullmót Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins hafa skilað því sem skipuleggjendur þeirra vonuðust eftir; fleiri áhorfendum og auknu áhorfi í sjónvarpi. Samanlagt áhorf jókst um tæp 140 prósent frá árinu áður og verður slíkt að teljast með eindæmum vel heppnað. Sambandið hefur tekið saman dagskrá Gullmótanna fyrir árið 2005 og verða þau með sama sniði og síðasta ár en dagskrá þeirra verður þéttari og styttra verður milli móta.

Sambandið vonast þannig til að byggja enn frekar á vaxandi áhuga almennings en frjálsar íþróttir hafa um langt árabil átt undir högg að sækja eins og svo margir aðrir íþróttaviðburðir að fótbolta undanskildum. Væri kannski ráð fyrir forkólfa ýmissa íþróttagreina að klóra í bakkann með sama móti og frjálsíþróttasambandinu hefur tekist með gullmótunum. ■

# Mikil upplifun að spila með Óla Stefáns

Alexander Petersson spilaði sína fyrstu landsleiki fyrir Íslands hönd gegn Svíum í síðustu viku og fékk þá tækifæri til að spila með sínum uppáhaldsleikmanni, Ólafi Stefánssyni.

**HANDBOLTI** Handboltakappinn Alexander Petersson spilaði sína fyrstu landsleiki fyrir Íslands hönd gegn Svíum í vikunni sem leið. Petersson, sem er borinn og barnfæddur í Lettlandi, stóð sig framar vonum og skoraði sjö mörk í leikjunum tveimur. Frammistaða hans í leikjunum tveimur gerir það að verkum að hann verður líklega í byrjunarliðinu í hægra horninu á heimsmeistaramótinu í Túnis sem hefst 23. janúar næstkomandi.

Hann var aðeins átján ára gamall þegar hann hleypti heimdraganum í Lettlandi og ákvað fara til Íslands að spila handbolta sumarið 1998. Hann gekk í raðir Gróttu/KR og vakti fljótt athygli fyrir frábæra frammistöðu. Petersson spilaði með Gróttu/KR í fimm ár og var með bestu leikmönnum íslensku deildarinnar áður en hann gerðist atvinnumaður hjá þýska liðinu Düsseldorf sumarið 2003. Í byrjun þess árs fékk hann íslenskan ríkisborgararétt en þurfti að bíða í þrjú ár áður en hann var löglegur með íslenska landsliðinu. Petersson er giftur Eivoru Pálu Blöndal og saman eiga þau ellefu mánaða gamlan son, Lúkas Jóhannes.

Petersson hefur staðið sig mjög vel með Düsseldorf. Hann var lykilmaður í liðinu á síðasta tímabili þegar liðið tryggði sér sæti í efstu deild og núna hefur hann skorað 65 mörk fyrir liðið í 1. deildinni. Fréttablaðið ræddi við hann á laugardaginn þar sem hann horfði á Evrópuleik kvennaliðs Stjörnunnar í Garðabæ.

### Vel tekið af hópnum

Petersson sagði aðspurður að það hefði verið mjög skemmtilegt að spila fyrstu leikina með íslenska landsliðinu. „Ég fékk að spila meira en ég átti von á og var ánægður með mína eigin frammistöðu. Það kom mér á óvart hversu vel mér var tekið af hópnum og ég sá fljótt að andinn er frábær í liðinu.“

Uppáhaldsleikmaður Peterssons í gegnum tíðina hefur verið Ólafur Stefánsson og hann sagði það hafa verið mikla upplifun að spila með honum í liði í fyrsta sinn. „Ég var stressaður fyrir leikinn en eftir að ég fékk fyrstu sendinguna frá honum hvarf allt stress. Hann er frábær leikmaður og það var mjög gaman að fá loksins tækifæri til að spila með manni sem ég lít mikið upp til.“

Hann sagðist aðspurður vonast til að íslenska liðið yrði eitt af átta efstu á heimsmeistaramótinu í Túnis ef allt gengi upp. „Við erum með gott lið og eigum að stefna hátt. Það getur hins vegar allt gerst á svona mótum en ég vona að allir nái að sýna sitt besta.“

### Vill komast frá Düsseldorf

Eins og áður hefur komið fram þá er Petersson að spila sitt annað ár hjá þýska liðinu Düsseldorf en hann er ekkert sérstaklega ánægður hjá félaginu og er farinn að hugsa sér til hreyfings. Samningur hans við félagið rennur út sumarið 2006 en hann er með klásúlu í samningi sínum sem gerir það að verkum að hann getur losnað í sumar. „Það er ekki mikill atvinnumannabragur á mörgum liðum í Þýskalandi. Það eru kannski fimm til sex bestu liðin sem eru raunveruleg atvinnumannalið en önnur lið eru einfaldlega með áhugamenn í atvinnumennsku. Það var til dæmis miklu meiri atvinnumannabragur hjá Gróttu/KR heldur en er í Düsseldorf. Ég er farinn að hugsa mér til hreyfings og hef fengið fyrirspurnir frá öðrum liðum. Ég ætla hins vegar að bíða fram að gera neitt þar til heimsmeistaramótið er búið en fljótlega eftir það mun ég ákveða hvað ég geri,“ sagði Petersson.

oskar@frettabladid.is



**FEÐGARNIR SAMAN Á HANDBOLTALEIK** Alexander Petersson var í Stjörnuheimilinu á laugardaginn ásamt syni sínum, Lúkasi Jóhannesi, og skemmtu þeir sér konunglega við að horfa á kvennalið Stjörnunnar rúlla yfir tyrkneska liðið Eskisehir. Fréttablaðið/E. Ól

**FERILL PETERSSONS**

| | |
|---|---|
| til 1998 | Lettland |
| 1998-1999 | Grótta/KR |
| 1999-2000 | Grótta/KR |
| 2000-2001 | Grótta/KR |
| 2001-2002 | Grótta/KR |
| 2002-2003 | Grótta/KR |
| 2003-2004 | HSG Düsseldorf |
| 2004-2005 | HSG Düsseldorf |
| Landsleikir: | |
| Lettland | 25 |
| Ísland | 2 |

Viggó Sigurðsson um Alexander Petersson:

## Vænti mikils af honum

**HANDBOLTI** Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari var mjög ánægður með Alexander Petersson í frumraun hans með íslenska landsliðinu í leikjunum tveimur gegn Svíum í síðustu viku. Viggó sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að innkoma Peterssons í landsliðið hefði verið mjög jákvæð.

„Ég er mjög ánægður með hann. Hann smellur vel inn í hópinn og spilaði mjög vel bæði í vörn og sókn í leikjunum tveimur gegn Svíum. Það var alveg greinilegt að hann var hungraður og langaði mikið til að sýna sig og sanna. Ég vænti mikils af honum í Túnis og tel að hann geti verið í lykilhlutverki þar.“

Spurður um hvaða stöðu Petersson myndi spila í Túnis sagði Viggó að líklegast yrði hann mest í hægra horninu. „Hann getur líka spilað fyrir utan og ég treysti honum til að leysa þá stöðu en við erum með bæði Ólaf Stefánsson og Einar Hólmgeirsson þar þannig að það má segja að hægri helminguinn sé ótrúlega vel mannaður,“ sagði Viggó.

Petersson byrjaði báða leikina gegn Svíum í hægra horninu en Viggó sagði það ekki vera ávísun á sæti í byrjunarliðinu í fyrsta leik í Túnis. „Það er enginn númer eitt í neinni stöðu. Þeir sem standa sig spila – svo einfalt er það,“ sagði Viggó og benti á að Einar Hólmgeirsson hefði ýtt Ólafi Stefánssyni á bekkinn í seinni leiknum gegn Svíum. -ósk



**SÁTTUR MEÐ PETERSSON** Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari hrósar Alexander Petersson fyrir góða frammistöðu gegn Svíum. Fréttablaðið/Pjetur

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Argentínumaðurinn **Santiago Solari** hjá Real Madrid segist lítið heilla sig við að ganga til liðs við erkifjendur liðsins í Barcelona en sögusagnir herma að þar hyggist menn bjóða honum samning fljótlega enda rennur samningur hans við Real út í sumar. **Solari** heldur þó enn í vonina að fá lengri samning og vill ógjarna fara til Katalóníu.



**Vanderlei Luxemburgo**, nýr þjálfari Real, hefur sent þá **Arrigo Sacchi** og **Emilio Butragueno** af örkinni og leita þeir nú logandi ljósi að öflugum miðjumanni fyrir átökin framundan. Telur **Luxemburgo** að það sé það púsl í lið Real sem nauðsynlega þarf að fá sem fyrst og horfa þeir helst til Þjóðverjans **Sebastian Kehl** hjá Borussia Dortmund.



**Ralf Schumacher** hefur skotið föstum skotum að sínu gamla Williams liði í Formúlunni og segir að möguleikar hans með hinu nýja liði Toyota séu miklu betri en með Williams áður. Segir hann Toyota hafa yfir meira fjármagni að spila og metnaður sé á þeim bænum fyrir komandi tímabil.



Vonir Lundúnabúa um að fá að halda ólympíuleikanna árið 2012 dvína nú dag frá degi enda virðast mörg yfirsamböndi íþróttagreina sem þegar eru í landinu vera að hugsa sér til hreyfings. Þannig er Alþjóðaskútusiglingasambandið sem hefur höfuðstöðvar í Southampton að íhuga flutning til Frakklands og Alþjóða badmintonsambandið sem verið hefur í London í áratugi hefur þegar flutt sig um set til Asíu.



Frakkinn **Stephane Peterhansel** hefur náð sér í þægilega 20 mínútna forystu í flokki bíla í Dakar rallinu sem nú er rúmlega hálfnað. Hans helsti keppinautur fyrstu umferðirnar, Skotinn **Colin McCrea**, féll úr keppni fyr í vikunni og missti þar með toppsætið og nú virðist fátt annað en slæmt óhapp koma í veg fyrir að Frakkinn taki titilinn í þessari geysierfiðu keppni.



Ekkert virðist geta stöðvað Svisslendinginn **Roger Federer** í tennisheiminum. Hann gerði sér lítið fyrir og sigraði sitt fjórtánda mót í röð í Katar um helgina og er í algjörum sérflokki í greininni. Hefur hann þar með leikið 21 leik án taps og átti ekki í neinum vandræðum með að klára Króatann **Ivan Ljubicic** auðveldlega þrátt fyrir að jólafrí hafi verið í tennisheiminum sem annars staðar.



Fimmtán félög í NBA deildinni bandarísku hafa tekið höndum saman og safnað fé með ýmsu móti til handa fórnarlömbum flóðbylgjunnar í Asíu. Flest munu halda ágóðaleiki næstu daga og vikur þar sem allur ágóði og aðgangseyrir rennur óskiptur til þeirra sem á þurfa að halda.

Það var víðar en á Englandi þar sem óvænt úrslit litu dagsins ljós í bikarkeppni. Í þeirri frönsku töpuðu tífaldir franskir bikarmeistarar Marseille á heimavelli gegn annarrar deildar liðinu Angers, 2-3. Marseille tefldi fram sínu besta liði en hugur og hjarta andstæðinganna reyndist stærri þegar á reyndi.



**KOBE BRYANT** Sýnir fórnarlömbum flóðanna í Asíu samúð og leggur sitt af mörkum til uppbyggingar.

Kobe Bryant sýnir á sér nýja hlið og betri hlið:

# Styrkir fórnarlömb flóðanna í Asíu

**KÖRFUBOLTI** Körfuboltastjarnan Kobe Bryant, sem leikur með Los Angeles Lakers í NBA-deildinni, hefur átt undir högg að sækja að undanförnu vegna framkomu sinnar utan vallar. Hann hefur lent upp á kant við marga leikmenn í deildinni en hann sýndi á föstudaginn að honum er ekki alls varnað.

Hann tilkynnti á föstudaginn að hann myndi gefa eitt þúsund dollara (um 60 þúsund íslenskra króna) fyrir hvert stig sem hann myndi skora í leiknum gegn Houston Rockets það kvöld til fórnarlamba flóðanna í Asíu. Félag hans, Los Angeles Lakers, lofaði síðan að gefa jafn mikið og Kobe. Hann skoraði 27 stig í leiknum og því gaf hann ásamt félagi sínu 54 þúsund dollara (um 3,2 milljónir íslenskra króna) í sjóð til styrktar fórnarlömbunum.

Tracy McGrady og Bob Sura, leikmenn Houston Rockets, gáfu einnig þúsund dollara fyrir hvert stig sem þeir skoruðu. McGrady skoraði 26 stig og Sura 20 en Los Angeles Lakers vann leikinn, 111-104.

-ósk



**EKKERT GENGUR Í ÚRSLITAKEPPNINNI** Það ætlar að reynast erfitt fyrir hinn gamalreynda þjálfara San Diego Chargers, Marty Schottenheimer, að komast eitthvað áleiðis í úrslitakeppni NFL-deildarinnar. Hans menn lágu fyrir New York Jets á laugardaginn og hefur hann nú tapað fimm leikjum í röð í úrslitakeppninni.

Úrslitakeppni NFL-deildarinnar hófst á laugardag:

# Óvæntur sigur hjá Jets gegn Chargers

**NFL** New York Jets stal senunni á laugardag þegar fyrstu leikirnar í úrslitakeppni NFL-deildarinnar fóru fram. Jets gerði sér lítið fyrir og sigraði San Diego Chargers á útivelli, 20-17, í framlengdum leik. Doug Brien sparkaði sigurmarkið þegar fimm sekúndur voru eftir af framlengingunni.

Úrslitin voru sérstakt áfall fyrir Marty Schottenheimer, þjálfara Chargers, en hann hefur lengi staðið í eldlínunni en aðeins einu sinni unnið leik í úrslitakeppninni. Það var árið 1993 og hann hefur tapað fimm sinnum í röð síðan þá.

„Ég veit hvernig árangur minn í úrslitakeppninni er. Það er búið að greina ansi oft frá því," sagði gamla brýnið súr á svip eftir leikinn.

Hann státar engu að síður af nafnbótinni þjálfari ársins enda náði hann ótrúlegum árangri með Chargers í vetur en ekki var búist við miklu af liðinu fyrir tímabilið.

Hinn leikur laugardagsins var viðureign Seattle Seahawks og St. Louis Rams í Seattle. Þar var einnig útisigur en Rams vann leikinn nokkið örugglega, 27-20. Marc Bulger, leikstjórnandi Rams, fór á kostum í leiknum og lagði grunninn að sigri sinna manna.

- hbg

Napoli-búar sýna goðsögn virðingu sína í verki:

# Safn opnað til heiðurs Maradona

**FÓTBOLTI** Diego Maradona mun, þrátt fyrir offitu, lyfjavandamál og hjartaflökt, leika sinn síðasta knattspyrnuleik í október næstkomandi og mun leikurinn fara fram á þeim velli sem Maradona naut hvað mestrar virðingar á ferlinum; í Napoli. Þetta ákvað kappinn um jólin og vill hann þannig þakka aðdáendum sínum stuðninginn á fyrri árum.

Verði draumurinn að veruleika munu þátt taka í leiknum fjöldi leikmanna Napoli frá árinum þegar Maradona lék með félaginu og mótherjarnir að líkindum verða aðrir leikmenn ítölsku deildarinnar frá þeim tíma.



**TÁR, BROS OG TAKKASKÓR MARADONA** Viðamikið safn til heiðurs Maradona hefur nú verið opnað í Napoli á Ítalíu. Fréttablaðið/AP

Þessi ákvörðun goðsins var tilkynnt á sama tíma og safn honum til heiðurs var opnað með pompi og prakt í borginni. Má þar sjá treyjur, skó og aðra þá hluti sem tengdust litríkum knattspyrnuferli Maradona og ætlar hann sjálfur að skoða safnið þegar að leiknum kemur á þessu ári. ■






## LEIKIR GÆRDAGSINS

### Enska bikarkeppnin

**YEADING–NEWCASTLE 0–2**
0–1 Lee Bowyer (51.), 0–2 Shola Ameobi (61.).
**ARSENAL–STOKE 2–1**
0–1 Wayne Thomas (45.), 1–1 Jose Antonio Reyes (50.), 2–1 Robin van Persie (70.).

### Bikarkeppni KKÍ - karlar

**FJÖLNIR–SKALLAGRÍMUR 108–102**
**Stig Fjölnis:** Darrell Flake 19, Magnús Pálsson 18, Brynjar Kristófersson 18, Jeb Ivey 18, Pálmar Ragnarsson 16, Nemanja Sovic 14.
**Stig Skallagríms:** Clifton Cook 43, Jovan Zdravevski 27.
**HAMAR/SELFOSS–GRINDAVÍK 86–81**
**Stig Hamars/Selfoss:** Damon Bailey 31, Chris Woods 18, Marvin Valdimarsson 16.
**Stig Grindavíkur:** Páll Axel Vilbergsson 23, Terrel Taylor 22, Darrell Lewis 21.
**KEFLAVÍK–NJARÐVÍK 85–88**
**Stig Keflavíkur:** Anthony Glover 30 (10 frák.), Nick Bradford 21 (12 frák.), Sverrir Sverrisson 9, Jón Nordal Hafsteinsson 8.
**Stig Njarðvíkur:** Anthony Lackey 30 (13 frák.), Brenton Birmingham 20 (12 stoðs.), Friðrik Stefánsson 12, Matt Sayman 12.

### Bikarkeppni KKÍ - konur

**HAUKAR–NJARÐVÍK 70–69**
**Stig Hauka:** Ebony Shaw 26, Helena Sverrisdóttir 18, Ösp Jóhannesdóttir 11.
**Stig Njarðvíkur:** Jaime Woudstra 19, Petrúnella Skúladóttir 12, Vera Janjic 12.
**KEFLAVÍK–ÍS 79–60**
**Stig Keflavíkur:** Birna Valgarðsdóttir 25, Bryndís Guðmundsdóttir 17, Reshea Bristol 14 (13 frák., 10 stolnir, 9 stoðs.), Anna María Sveinsdóttir 13.
**Stig ÍS:** Signý Hermannsdóttir 26 (11 frák.), Stella Rún Kristjánsdóttir 13, Þórunn Bjarnadóttir 13 (11 frák.).
**BREIÐABLIK–GRINDAVÍK 55–81**

### Ítalska A-deildin

**BOLOGNA–CHIEVO 3–1**
1–0 Locarelli (28.), 2–0 Tare (60.), 2–1 Zanchetta (77.), 3–1 Belluci, víti (87.).
**FIORENTINA-LAZIO 2–3**
1–0 Miccoli (21.), 1–1 Di Canio (33.), 1–2 Pandev (64.), 1–3 Dabo (82.), 2–3 Miccoli (84.).
**INTER–SAMPDORIA 3–2**
0–1 Tonetto (44.), 0–2 Kutuzov (83.), 1–2 Martins (88.), 2–2 Vieri (90.), 3–2 Recoba (90.).
**JUVENTUS–LIVORNO 4–2**
1–0 Del Piero (17.), 2–0 Camoranese (25.), 2–1 Vidigal (42.), 3–1 Zlatan Ibrahimovic (75.), 3–2 Melara (80.), 4–2 Camoranese, víti (90.).
**LECCE–REGGINA 1–1**
1–0 Babu (43.), 1–1 Mozart (45.).
**MESSINA–BRESCIA 2–0**
1–0 Donati (6.), 2–0 Parisi, víti (70.).
**ROMA–ATALANTA 2–1**
1–0 Montella (40.), 2–0 Montella (53.), 2–1 Marcolini (85.).
**SIENA–PARMA 0–1**
0–1 Gilardino (21.).
**UDINESE–CAGLIARI 2–0**
1–0 Di Natale (24.), 2–0 Pisana, sjálfsm. (59.).
**PALERMO–AC MILAN 0–0**

#### STAÐA EFSTU LIÐA

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| JUVENTUS | 18 | 13 | 4 | 1 | 33–10 | 43 |
| AC MILAN | 18 | 11 | 6 | 1 | 32–11 | 39 |
| UDINESE | 18 | 10 | 4 | 4 | 27–15 | 34 |
| INTER | 18 | 6 | 12 | 0 | 38–26 | 30 |
| SAMPDORIA | 18 | 8 | 3 | 7 | 19–15 | 27 |
| ROMA | 18 | 7 | 5 | 6 | 33–27 | 26 |
| PALERMO | 18 | 6 | 7 | 5 | 16–12 | 25 |
| CAGLIARI | 18 | 7 | 4 | 7 | 26–31 | 25 |
| LAZIO | 18 | 6 | 5 | 7 | 24–24 | 23 |

### Spænska 1. deildin

**VALENCIA–LEVANTE 2–1**
1–0 Baraja (55.), 2–0 Mista (60.), 2–1 Congo (73.).
**SEVILLA–GETAFE 0–0**
**NUMANCIA–ATHLETIC BILBAO 1–1**
0–1 Del Horno (46.), 1–1 Tevenet (65.).
**ESPANYOL–OSASUNA 4–1**
0–1 Webo (16.), 1–1 Maxi (32.), 2–1 Fredson (36.), 3–1 de la Pena (40.), 4–1 Fredson (83.).
**MALLORCA–DEPORTIVO 2–2**
0–1 Luque (50.), 1–1 Garcia (56.), 1–2 Luque (61.), 2–2 Okubo (63.).
**SANTANDER–MALAGA 2–1**
1–0 Guerrero (26.), 2–0 Regueiro (40.), 2–1 Navas (85.).
**R. SOCIEDAD–ALBACETE 0–2**
0–1 Pacheco (6.), 0–2 Pacheko (48.).
**R. ZARAGOZA–REAL BETIS 1–0**
1–0 Savio (43.).
**A. MADRID–R. MADRID 0–3**
0–1 Ronaldo (14.), 0–2 Solari (81.), 0–3 Ronaldo (84.).
**VILLARREAL–BARCELONA x–x**
1–0 Forlan (30.), 2–0 Gonzalo (48.).

#### STAÐA EFSTU LIÐA

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| BARCELONA | 17 | 13 | 3 | 1 | 35–11 | 42 |
| VALENCIA | 18 | 10 | 5 | 3 | 29–13 | 35 |
| R. MADRID | 18 | 11 | 2 | 5 | 29–13 | 35 |
| ESPANYOL | 18 | 10 | 3 | 5 | 22–13 | 33 |
| SEVILLA | 18 | 9 | 5 | 4 | 21–18 | 32 |
| R. BETIS | 18 | 7 | 6 | 5 | 22–21 | 27 |
| OSASUNA | 18 | 8 | 3 | 7 | 27–29 | 27 |
| A. BILBAO | 18 | 7 | 4 | 7 | 25–21 | 25 |
| A. MADRID | 18 | 7 | 4 | 7 | 18–17 | 25 |
| VILLARREAL | 17 | 5 | 7 | 5 | 21–14 | 22 |

# Yfirburðir Stjörnunnar gegn slökum Grikkjum

**Stjarnan vann tuttugu og tveggja marka sigur, 35–13, á gríska liðinu Makedonikas og tryggði sér sæti í sextán liða úrslitum Áskorendakeppninnar.**

HANDBOLTI Stjörnustúlkur tryggðu sér í gær sæti í sextán liða úrslitum Áskorendakeppni Evrópu í handknattleik með því að vinna stórsigur á gríska liðinu APS Makedonikas, 35-13, í Ásgarði. Sigur Stjörnunnar var, eins og lokatölurnar gefa til kynna, mjög öruggur og leyfði Erlendur Ísfeld, þjálfari Stjörnunnar, öllum leikmönnum sínum að spila.

Stjörnuliðið hafði yfirburði á öllum sviðum handknattleiksins í gær enda var gríska liðið afar lélegt og það langslakasta sem sýndi listir sínar á fjölum Ásgarðs um helgina. Sigurinn stóri nægði þó ekki til að hreppa efsta sætið í riðlinum. Það fór til svissneska liðsins Spono Nottwill sem vann tyrkneska liðið Eskisehir Osmangazi, 32-22, í lokaumferðinni í gær.

Stjörnustúlkur fóru rólega af stað í leiknum og leiddu með sjö mörkum í hálfleik, 14-7. Í síðari hálfleik tóku þær hins vegar öll völd og hreinlega kaffærðu tyrkneska liðið.

Erlendur Ísfeld, þjálfari Stjörnunnar, var sáttur þegar Fréttablaðið ræddi við hann í leikslok. Hann sagði fyrir leiki helgarinnar að markmiðið væri að komast áfram og það tókst.

„Við náðum þeim markmiðum sem við settum okkur og það er ég gríðarlega ánægður með. Stelpurnar stóðu sig frábærlega en mér finnst þær eiga enn meira inni. Liðið á eftir að toppa og ef það gerist á næstunni þá er allt mögulegt í sextán liða úrslitunum,“ sagði Erlendur en dregið verður í sextán liða úrslitum á þriðjudaginn.

**oskar@frettabladid.is**


**EITT MARK AF 35** Hind Hannesdóttir sést hér skora eina mark sitt í fádæma öruggum sigri Stjörnunnar á gríska liðinu APS Makedonikas í Áskorendakeppni Evrópu í gær. Fréttablaðið/E. Ól

#### HUGSANLEGIR MÓTHERJAR STJÖRNUNNAR

| | |
|---|---|
| ZRK Split | Króatíu |
| CJF Fleury les Aubrais | Frakklandi |
| BSV Buxtehude | Þýskalandi |
| Bayer Leverkusen | Þýskalandi |
| WHC Kumanovo | Makedóníu |
| MKS Vitarel Jelfa | Póllandi |
| Colegio de Gaia | Portúgal |
| Oltchim Valcea | Rúmeníu |

### Áskorendakeppni Evrópu

**STJARNAN–MAKEDONIKAS 35–13**
**Mörk Stjörnunnar:** Elísabet Gunnarsdóttir 7, Anna Blöndal 6, Hekla Daðadóttir 5, Kristín Clausen 4, Anna Einarsdóttir 3, Kristín Guðmundsdóttir 2, Lilja Lind Pálsdóttir 2, Ásdís Sigurðardóttir 2, Rut Steinsen 2, Hind Hannesdóttir 1, Elsa Rut Óðinsdóttir 1.
**Varin skot:** Helga Vala Sigurðardóttir 12, Helga Dóra Magnúsdóttir 1.
**SPONO–ESKISEHIR 32–22**

#### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SPONO | 3 | 2 | 1 | 0 | 99–57 | 5 |
| STJARNAN | 3 | 2 | 1 | 0 | 89–60 | 5 |
| ESKISEHIR | 3 | 1 | 0 | 2 | 75–75 | 2 |
| MAKEDON. | 3 | 0 | 0 | 3 | 37–108 | 0 |

Þrír hringir á búnir á Mercedes-mótinu í golfi:

# Singh leiðir á Hawaii

GOLF Það verður ekki auðvelt fyrir Tiger Woods að fylgja Vijay Singh eftir þrátt fyrir gott gengi hans að undanförnu en Singh leiðir nú Mercedes-mótið á Hawaii á nítján undir pari en næstir honum koma Jonathan Kaye frá Bandaríkjunum, höggi á eftir, og aðeins aftar þeir Ernie Els og Stewart Cink.

Ástralinn Stuart Appleby og Tiger Woods koma þar rétt á eftir en Appleby sigraði þetta mót einmitt á síðasta ári.

Það segir meira en mörg orð um Fiji-búann að hann hefur ekki enn farið holu yfir pari í keppninni en haldið forystunni frá fyrsta hring og sýnir þess engin merki að hann ætli sér að láta hana af hendi. ■


**EKKERT GEFIÐ EFTIR** Vijay Singh byrjar nýja árið með stæl og er efstur eftir þrjá hringi á Maui á Hawaii.

Ekkert hefur heyrst frá Jaliesky Garcia frá því að hann fór til Kúbu:

# Viggó tekur ákvörðun í dag

HANDBOLTI Forysta Handknattleikssambands Íslands og landsliðsþjálfarinn Viggó Sigurðsson munu taka ákvörðun, um hvort stórskyttan Jaliesky Garcia verði í landsliðshópnum sem fer á heimsmeistaramótið í Túnis, í dag. Garcia hefur ekkert látið í sér heyra frá því að hann fór til Kúbu til að vera viðstaddur jarðarför föður síns á milli jóla og nýárs og sagði Viggó í samtali við Fréttablaðið í gær að framkoma Garcia væri furðuleg.

„Hann á að mæta hjá Göppingen á morgun og það verður gaman að sjá hvort hann birtist þar. Við höfum reynt allar leiðir til að hafa uppi á honum á Kúbu en ekki haft erindi sem erfiði. Við vonumst til að heyra í honum í dag eða á morgun og fá skýringar á fjarveru hans og munum taka ákvörðun í framhaldinu,“ sagði Viggó í gær.

Hann sagði aðspurður að það væri ekkert stórmál ef Garcia yrði ekki með í Túnis. „Það er enginn ómissandi en ég neita því ekki að ég hafði hugsað mér að nota Garcia í skyttuhlutverkið. Við eigum hins vegar menn eins og Markús Mána Michaelsson og Vilhjálm og ég treysti þeim fullkomlega til að leysa þessa stöðu,“ sagði Viggó. **-ósk**


**JALIESKY GARCIA** Týndur og tröllum gefinn á Kúbu og ljóst að þátttaka hans á HM í Túnis er í uppnámi. Fréttablaðið/Pjetur

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Varnarmaðurinn **Gestur Gylfason**, sem er orðinn 36 ára gamall, er genginn í raðir Keflvíkinga og mun spila undir stjórn **Guðjóns Þórðarsonar** í Landsbankadeildinni á komandi tímabili. **Gestur** hefur spilað með Grindvíkingum undanfarin þrjú ár en var samningslaus nú um áramótin. **Gestur** er uppalinn Keflvíkingur og hefur leikið 158 leiki með liðinu í efstu deild og skoraði í þeim fjögur mörk.



Franski framherjinn **Nicolas Anelka**, sem leikur með Manchester City, vildi ekki spila með félaginu gegn Arsenal í ensku úrvalsdeildinni á dögunum og þóttist vera meiddur. **Anelka** vildi ekki láta lækni liðsins líta á sig og sagði **Kevin Keegan**, knattspyrnustjóri Manchester City, að framkoma hans væri óþolandi. **Anelka** vill fara frá Manchester City og ljóst er að **Keegan** mun selja hann um leið og viðunandi tilboð berst í kappann.



Fjölnismaðurinn **Ívar Björnsson** er genginn til liðs við Landsbankadeildarlið Fram. **Ívar**, sem er tvítugur, á að baki fimm leiki með U-19 ára landsliðinu og sex leiki með U-17 ára landsliði Íslands en hann var einn af bestu mönnum Fjölnisliðsins í 1. deildinni á síðasta tímabili. **Ívar** lék alla átján leiki liðsins og skoraði fjögur mörk. Hann er fjórði leikmaðurinn sem gengur í raðir Framara í vetur en áður höfðu **Þórhallur Dan Jóhannsson**, **Víðir Leifsson** og **Kristinn Darri Röðulsson** skrifað undir samning við Safamýrarliðið.

Ítalski leikmaðurinn **Paolo Di Canio** gæti verið í verulegum vandræðum eftir að hann fagnaði marki sínu fyrir Lazio gegn erkifjendunum í Roma að hætti fasistaforingjans **Benito Mussolini**. Sá var dyggur stuðningsmaður Lazio og þótti kveðja **Di Canios**, þar sem hann lyfti hægri höndinni í átt að stuðningsmönnum Roma, ekki við hæfi. Ítalska lögreglan skoðar nú málið og gæti **Di Canio** verið í vondum málum ef hann verður fundinn sekur um fasistalega framkomu. Sjálfur segist hann ekki hafa gert neitt rangt.



Finnski markvörðurinn **Antti Niemi**, sem leikur með Southampton, segist vera tilbúinn til að leysa markvarðavandræði Manchester United og Arsenal. **Niemi**, sem þykir vera einn af betri markvörðum ensku úrvalsdeildarinnar, sagði við enska fjölmiðla í gær að hann væri ánægður hjá Southampton en hann myndi hlusta á tilboð ef annað hvort Manchester United eða Arsenal sýndu áhuga.



Ítalski framherjinn **Antonio Cassano**, sem leikur með Roma, segist vel geta hugsað sér að spila fyrir spænska stórliðið Real Madrid. **Cassano** hefur oft lent upp á kant við forráðamenn félagsins og sagði við ítalska fjölmiðla að Real Madrid væri draumaliðið sitt. „Félagið heillar mig og er draumafélag fyrir alla knattspyrnumenn. Það eru nokkur félög utan Ítalíu sem ég gæti hugsað mér að spila fyrir en Real Madrid er efst á óskalistanum,“ sagði **Cassano** sem verður að öllum líkindum seldur frá ítalska félaginu þar sem hann vill ekki skrifa undir nýjan samning.






**SÁTTIR MEÐ SITT** Leikmenn Yeading gengu sáttir af velli í leikslok þrátt fyrir tap gegn Newcastle í enska bikarnum í gær.

Tveir leikir fóru fram í ensku bikarkeppninni í gær:

# Naumt hjá Arsenal og Newcastle

**FÓTBOLTI** Arsenal og Newcastle tryggðu sér í gær sæti í fjórðu umferð ensku bikarkeppninnar í fótbolta. Ekki var búist við því fyrirfram að liðin tvö myndu lenda í verulegum vandræðum með andstæðinga sína en annað kom á daginn. Bæði lið lentu í basli en höfðu að lokum sigur.

Newcastle sótti utandeildarliðið Yeading heim á Loftus Road, heimavöll Queens Park Rangers og lenti í vandræðum. Fyrir leikinn hafði stærsta dagblað Bretlands, The Sun, lofað markverði Yeading, Del Preddie, nýjum Ford Focus ef honum tækist að halda markinu hreinu í leiknum. Preddie stóð vaktina vel í markalausum fyrri hálfleik og segja má að Yeading hafi fengið besta færi hálfleiksins þegar Stephen Harper, markvörður Newcastle, varði glæsilega aukaspyrnu frá David Clarke.

Newcastle náði hins vegar að brjóta ísinn þegar sex mínútur voru liðnar af síðari hálfleik en þá skoraði Lee Bowyer eftir fallegan undirbúning frá Craig Bellamy. Shola Ameobi bætti síðan öðru marki við fyrir Newcastle tíu mínútum síðar en leikmenn Yeading gáfu ekki tommu eftir og komu í veg fyrir að leikmenn Newcastle skoruðu fleiri mörk.

Johnson Hippolyte, knattspyrnustjóri Yeading, var í skýjunum eftir leikinn og lýsti sínum mönnum sem hetjum.

„Ég er mjög stoltur af strákunum sem eru allir hetjur. Margir af þessum leikmönnum hafa orðið fyrir vonbrigðum á ferlinum en ég vissi að þeir hefðu þann karakter sem þeir sýndu í dag. Við vissum að við vorum áhugamenn að spila við atvinnumenn en strákarnir stóðu sig frábærlega,“ sagði Hippolyte.

Arsenal lenti einnig í vandræðum gegn 1. deildarliði Stoke á Highbury. Varnarmaðurinn Wayne Thomas kom Stoke yfir eftir hálftíma leik en Arsenal hristi af sér slyðruorðið í síðari hálfleik og mörk frá Jose Antonio Reyes og Robin van Persie tryggðu þeim sigurinn.

Leikmenn Arsenal voru þó stálheppnir því Gael Clichy, varnarmaður Arsenal, bjargaði á marklínu og Ade Akinbiyi, sóknarmaður Stoke, átti þrumufleyg í þverslá.

oskar@frettabladid.is

Knattspyrnumenn frekir til fjárins víða um heim:

# Heimtufrekja í Brasilíu

**FÓTBOLTI** Mario Sergio, yfirmaður knattspyrnumála hjá einu stærsta félagsliði Brasilíu, Gremio, kvartar sáran yfir því hversu þarlendir knattspyrnumenn séu orðnir frekir til fjárins og segir næsta ómögulegt að verða sér úti um nýja leikmenn án þess að greiða fádæma fúlgur fyrir.

Þetta kom fram í viðtalsþætti í Brasilíu og kom mörgum á óvart enda Gremio eitt fárra félaga sem eiga digra sjóði og hefur félagið sjálft grætt vel á leikmönnum sem halda þaðan til Evrópu. Segir Sergio að ekki einungis sé verð á leikmönnum gríðarlegt heldur eru launakröfur jafnvel meðalmanna í brasilíska boltanum komnar út í öfgar. Hann nefnir sem dæmi að nýlega hafi leikmaður úr annarri deild sem Gremio hafði áhuga á sett fram kröfur um tvær milljónir króna í vikulaun og hafi viðræðum lokið snögglega eftir það. ■



**BRASILÍSKIR ÁHORFENDUR** Þarlendir knattspyrnumenn hafa fært sig verulega upp á skaftið hvað varðar launakröfur þrátt fyrir að knattspyrnan sé eina leið margra unglinga úr gettóum og sárri fátækt víða í landinu.




heima
ármúli 23 | 108 reykjavík | 568 4242
útsala
10 - 50% afsláttur!
mán - fös 11.00 - 18.00
laugard 11.00 - 16.00
Grafíska smiðjan ehf. 01-05

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
ÚTSALA ÚTSALA
ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
ÚTSALA ÚTSALA
10. - 15. janúar
Frábær tilboð í gangi:
50% afsl. af jólaskrauti
25% afsl. af vefnaðarvöru
25% afsl. af blúndum
25% afsl. af pakkningum
25% afsl. af útsaumspk.
10 OS litir á kr. 2.000.-
hausverk / 3721
VÖLUSTEINN
fyrir fima fingur
Mörkinni 1 / Sími 588 9505 / www.volusteinn.is

TIL&LBOÐ
20% AFSLÁTTUR
Létt & laggott er viðbit með litlu fituinnihaldi og bragðast líkt og smjör. Nú á 20% afslætti í næstu ver
ENNEMM / SÍA



# Viðhaldsfrítt skiltakerfi fyrir fjölbýlishús

Breytingar prentaðar á venjulegan prentara!




www.merkismenn.is

BJÓÐUM EINNIG:
- Sandblástursfilmu
- Bílamerkingar
- Varúðar- og bannmiða

MERKISMENN Skiltagerð

Ármúla 36 • Sími: 544 2030



# Geymslu-gámar




Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.

HAFNARBAKKI

Suðurhöfninni Hafnarfirði
Sími: 565-2733 • www.hafnarbakki.is




## STUÐ MILLI STRÍÐA | Taugaáfall af völdum tvíbura

**SMÁRI JÓSEPSSON** HITTI MANN SEM SAGÐI TVÍBURA VERA AF HINU ILLA



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ungur og hæfileikaríkur maður varð á vegi þess sem þetta ritar fyrir einhverjum árum síðan. Er það ekki frásögu færandi nema fyrir þær sakir að kappinn á tvíburabróður og hafði skemmtilega sögu fram að færa.

Kapparnir tveir, sem voru mestu mátar, höfðu skömmu áður valdið félaga sínum nettu áfalli í afmælisveislu kappans. Formáli sögunnar er þannig að rétt um ári fyrir veisluna kynntust þeir þessum manni og mikil bræðrabönd mynduðust þeirra á milli.

Sá eldri, sem er sá sem færði mér söguna, hitti þennan nýja vin sinn annað slagið en kippti sér lítið sem ekkert upp við það að stundum ávarpaði hann sig með nafni bróður síns, eitthvað sem flestir tvíburar eru vanir.

Nema hvað þegar kom var að afmæli nýja vinarins var þeim eldri ekki boðið. Var sá skiljanlega sár yfir uppátækinu en ákvað engu að síður að mæta óboðinn í afmælið.

Þegar þangað var komið vatt hann sér að afmælisbarninu og óskaði honum til hamingju með afmælið. Var gestgjafinn hálf vandræðalegur á svipinn en þakkaði engu að síður fyrir sig. Því næst fékk spurningin stóra að fjúka; „Hvers vegna var mér ekki boðið í afmælið?“ Afmælisbarnið sagðist hafa sent út kort og því væri þetta mál fremur furðulegt.

Tvíburinn hafði ekki frekari áhyggjur af málinu og þefaði bróður sinn uppi. Þeir sátu drykklanga stund saman og skeggræddu málin í teitinu. Báðir hrukku þeir snögglega í kút við skaðræðisóp afmælisbarnsins þegar hann sá þá sitja saman í sófanum. Hafði hann þá lifað í þeirri trú að þeir væru einn og sami maðurinn og aldrei grunað að til væru tvö eintök af sama manninum. Það tók hann töluverðan tíma að ná sér eftir áfallið mikla. ■

# myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott







# Vertu sýnilegri

- Skiltamerkingar
- Gluggamerkingar
- Auglýsingastandar
- Bílamerkingar
- Risaprentun

ferró skiltagerð

Langholtsvegi 130 • Sími 553 3553 • www.ferroehf.is



# Farðu ekki á hausinn

- Settu SLIDE STOP undir sólann




SLIDE STOP er hrjúfur límborði sem passar undir flesta skó og þú stendur styrkari fótum.

hausverk / 4447

HAGKAUP
Meira úrval - betri kaup



**SUNGIÐ TIL HJÁLPAR** Poppstjarnan Nicholas Tse var meðal þeirra listamanna sem komu fram á Tsunami Aid tónleikunum til styrktar fórnarlömbum flóðanna í Asíu.

## SKRÍTNA FRÉTTIN

# Sektaði tvíbura

Kanadískur lögreglumaður vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið þegar hann stöðvaði, á einum og sama degi, eineggja tvíbura fyrir of hraðan akstur – á sama bílnum.

Lögregluþjónninn Chris Legere, stöðvaði fyrst átján ára konu frá Akwesasne þar sem hún ók á 96 kílómetra hraða á klukkustund snemma dags. Hann sektaði stúlkuna eins og lög gera ráð fyrir og hélt starfi sínu áfram.

Nokkrum klukkustundum síðar stöðvaði hann sama bílinn á 92 kílómetra hraða þar sem hann ók á sömu götu en í andstæða átt. Í fyrstu hélt lögregluþjónninn að hann væri að stöðva sömu manneskjuna fyrir sama brotið en við nánari eftirgrennslan komst hann að því að um tvíburasystur hinnar var að ræða.

„Þær óku ekki aðeins um á sama bílnum heldur notuðu sömu afsökun," sagði lögregluþjónninn en bætti við: „Þær munu einnig fá sömu sekt." ■



**HRAÐAKSTUR** Lögreglumaður þurfti að hugsa sig vel um áður en hann áttaði sig á því að hann hafði stöðvað tvíburasystur sama daginn á sama bílnum.

## TÓNLIST

# Syngur með Boy George

Boy George og Sir Cliff Richard ætla að taka upp dúett og vonast til að safna um tveimur milljónum punda til styrktar fórnarlömbum flóðanna í Asíu. Lagið heitir Grief Never Grows Old, eða Sorgin eldist ekki, og var samið af útvarpsmanninum Mike Read.

Aðrir listamenn munu leggja hönd á plóginn, þar á meðal Ronan Keating, Jamie Cullum, Chris Rea og Robin og Barry Gibb úr Bee Gees. Grease-stjarnan Olivia Newton-John ætlar einnig að taka þátt. ■



**CLIFF RICHARD** Hann ætlar að syngja dúett með Boy George og vonast til að safna milljónum.





Bréfabindi
A4 8cm kjölur
A4 5cm kjölur
148.- m.vsk

Mopak ljósritunarpappír
500 blöð í búnti
278.- m.vsk

Töflutúss 2mm
4 lita sett
298.- m.vsk

Skrifstofuvörur á tilboði í janúar
Ljósritunarpappír, bréfabindi, töflutúss og gatapokar

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

QUELLE. STÓR Útsala
Þú færð ekki betra verð!
Blússur Kr. 990 Bolir stutterma Kr. 690
Peysur Kr. 990 Yfirhafnir Kr. 2.990
Bolir Kr. 990 Dragtir Kr. 1.890
Buxur Kr. 990
Mikið úrval af stökum pottum á frábæru útsölu verði!
Blússa og vesti Útsala kr. 990,-
Þýsk gæði!
Bolir 2 í setti Útsala kr. 990,-
Vandaðar svart-röndóttar buxur Útsala kr. 1.290,-
Jogging – galli Útsala kr. 1.490,-
Jeans - leggings Útsala kr. 990,-
Vandaður undirfatnaður Útsala 2 sett saman kr. 1.890,-
Quarz – úr með 2 aukaólum Útsala kr. 399,-
Hnífasett Útsala kr. 2.290,-
Hnífasett í fallegum hnífastandi. Skæri fylgja með. Hnífar sem endast og prýða hvert eldhús.
Þýskur gæðafatnaður í úrvali!
Stór og lítil númer
Gerðu góð kaup strax, athugið takmarkað magn!
Verslun Dalvegi 2 • Kópavogi • Sími 564 2000 • www. quelle.is

„Við mælum með Bridgestone loftbóludekkjum - eftir að hafa reynt þau í tvo vetur"
15% AFSLÁTTUR AF BRIDGESTONE BLIZZAK LOFTBÓLUDEKKJUM



segja bræðurnir Rúnar og Baldur Jónssynir - Íslandsmeistarar í Rallyakstri 2003
• Meira öryggi og akstursánægja
• Mun betra veggrip
• Mun styttri hemlunarvegalengd
• Mikið skorin og mjúk
• Ónegld og hljóðlát
• Minna slit á malbikinu
• Umhverfisvænni
TILBOÐ Í 2 VIKUR
BRÆÐURNIR ORMSSON
www.ormsson.is
LÁGMÚLA 9 · SÍMI 530 2800
SALA · SÍMI 530 2842 VERKSTÆÐI · SÍMI 530 2846
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu













**AUSTURBÆR**

Fös.14/01 kl: 20.00 Sæti laus
Lau.21/01 kl: 20:00 Sæti laus
Lau.22/01 kl: 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
www.vodkakurinn.is og www.midi.is

"... að þeim tækist að fá salinn til að liggja úr hlátri lungann úr sýningunni, enda textin yfirleitt bráðfyndinn sem og gervi hinna mismunandi persóna"
S.A Morgunblaðið



**Í KARLATÍMARITI** Leikkonan Teri Hatcher verður næsta forsíðustúlka í karlatímaritinu FHM sem kemur út í febrúar. Teri, sem er fertug, lék eitt sinn Lois Lane í Superman og er ein af Bond-stelpunum.

**Tosca**
eftir Puccini
Frumsýning 11. febrúar

Frumsýning fös. 11. feb. kl. 20.00 - UPPSELT - 2 sýning. sun. 13. feb. kl. 19.00
3. sýning fös. 18. feb. kl. 20.00 - 4. sýning sun. 20. feb. kl. 19.00 - FÁAR SÝNINGAR

**Miðasala á Netinu: www.opera.is**

www.opera.is | midasala@opera.is | **Sími miðasölu: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 virka daga.

**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Í kvöld kl 20 - aukasýning - **UPPSELT**
Lau 15/1 kl 20 - rauð kort - **UPPSELT**
Su 16/1 kl 20 - græn kort - **UPPSELT**
Fö 21/1 kl 20 - blá kort
Lau 22/1 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 29/1 kl 20 - **UPPSELT**, Su 30/1 kl 20
Lau 5/2 kl. 20, Sun 6/2 kl 20
Fö 11/2 kl 20, Lau 12/2 kl 20

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Fö 14/1 kl 20, Su 23/1 kl 20, Fö 28/1 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**
*e. Astrid Lindgren*
Í dag kl 14, Su 16/1 kl 14, Su 23/1 kl 14
Su 30/1 kl 14

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**
*Fjölskyldusýning*
*THE MATCH, ÆFING Í PARADÍS, BOLTI*
Lau, 15/1 kl 14, Lau 22/1 kl 14

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ*

**BELGÍSKA KONGÓ**
*e. Braga Ólafsson*
*Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki*
Fö 14/1 kl 20
Su 16/1 kl 20
Fi 20/1 kl 10
Su 23/1 kl 20

**AUSA eftir Lee Hall og STÓLARNIR eftir Ionesco**
*Í samstarfi við LA*
Í kvöld kl 20, Fi 13/1 kl 20,
Lau 15/1 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Fö 14/1 kl 20, Fi 20/1 kl 20

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**
*eftir Agnar Jón Egilsson*
Í samstarfi við TÓBÍAS
Frumsýning Su 16/1 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 22/1 kl 20, Fi 27/1 kl 20, Su 30/1 kl 20

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**
**- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI -**
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:**
**10-18 mánudaga og þriðjudaga,**
**10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga**
**12-20 laugardaga og sunnudaga**

**Miðasölusími 568 8000**
**midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**

# Krónprinsinn felldi tár

Friðrik krónprins af Danmörku hefur sýnt að hann er viðkvæm sál með hlýtt hjarta. Slíkt hlýtur að teljast mikill kostur hjá verðandi þjóðarleiðtoga. Flestum er ógleymanlegt hversu snortinn hann varð í eigin brúðkaupi þegar hamingjutár hrundu niður hvarma þegar brúðurin Mary Donaldson gekk inn kirkjugólfið.

Enn á ný átti Friðrik bágt með að halda aftur af tárum sínum og tilfinningum þegar hann og krónprinsessan heimsóttu Rauða krossinn í Kaupmannahöfn í gær til að heyra um aðstæður þeirra þúsunda barna og unglinga sem lifðu af flóðin í Asíu. Mary laut höfði í meðaumkun þegar hún heyrði um miskunnarlaust hlutskipti barna á Srí Lanka.

Í heimsókninni var Friðrik spurður hvort hann hefði sjálfur átt vini eða ættingja sem fórust í hamförunum, og sagði hann til allrar hamingju svo ekki vera. Krónprinsessan spurði hversu lengi mætti reikna með að líf barnanna kæmist í fastar skorður, en fékk fá svör enda erfitt að spá þar um. Friðrik var spurður hvort hann hefði íhugað að heimsækja flóðasvæðin og svaraði hann því játandi en sagði aðstæður þar erfiðar í augnablikinu svo rétt væri að bíða þar til ástandið batnaði ögn. Friðrik brosti á ný þegar hann sá stórt ljósaskilti með kátum grænlenskum börnum á vegg. ■



**HUGSANDI OG VIÐKVÆMT HJARTA** Friðrik krónprins er maður tilfinninga og sýndi heiminum í annað sinn að hann er ófeiminn að fella tár á hvarmi þegar hann heyrði um hörmungar barna í Asíuflóðinu. Þessi mynd er tekin á handboltaleik Danmerkur og Suður-Kóreu á ólympíuleikunum í sumar.

## IMBAKASSINN




## TÓNLIST

# Ósáttur við Drottninguna

Robbie Williams er sagður afar ósáttur við að hafa ekki fengið að syngja með hinni goðsagnakenndu sveit The Queen. Paul Rodgers úr hljómsveitinni Free var valinn til að fara með sveitinni í tónleikaferðalag á þessu ári.



Robbie segist ekki vera sáttur við þá ákvörðun. „Ég hefði drepið mann til að fá að syngja með strákunum," sagði Íslandsvinurinn sem er ekki vanur að liggja á skoðunum sínum. „Ég söng með þeim We Are the Champions fyrir bíómynd og þeir sögðu að ég hefði staðið mig vel."

John Deacon, bassaleikari Queen, var ekki lengi að svara fyrir hönd sveitarinnar. „Ég vil ekki vera leiðinlegur en Robbie er ekki Freddie Mercury. Það er enginn sem getur komið í stað Freddie – allra síst Robbie." ■











# Nýr söngvari Franz Ferdinand?

Bassaleikari hljómsveitarinnar Franz Ferdinand, Bob Hardy, mun kannski syngja eitt lag á næstu plötu. Upptökur munu hefjast í mars og vonast hljómsveitin til að ný plata komi út næsta sumar. „Við byrjum að taka upp í mars og það ætti ekki að taka nema tvær vikur. Nýja platan ætti því að koma út seint í sumar eða snemma í haust,“ sagði söngvari hljómsveitarinnar, Alex Kapranos.

Hann sagði einnig að eitt lag hefði verið samið í þeim tilgangi að láta bassaleikarann Bob Hardy syngja það. Lagið heitir I've Got Ten Pounds.

„Ég fílaði það alltaf í botn á gömlu Bítlaplötunum þegar við eitt lagið stóð til dæmis „Ringo syngur“ eða eitthvað álíka. En hann hefur hingað til neitað að koma nálægt þessari heimskulegu hugmynd minni svo það er ekki víst hvort lagið verði á plötunni,“ sagði Kapranos í viðtali við The Guardian.

„Það er mjög spennandi að vera á þessu stigi. Við höfum nú þróað okkar eigið „sánd“ og framkomu og viljum þróast áfram og gera eitthvað nýtt. Ég skil ekki afhverju margar hljómsveitir forðast það að gera hlutina smám saman öðruvísi. Það er ekki eins og fólk hræðist þá staðreynd að hljómsveitir breytast. Ég get ekki ímyndað mér að margir Bítlaaðdáendur hafi kvartað yfir því að Revolver platan hljómaði öðruvísi en With The Beatles,“ sagði Kapranos. Fyrsta plata þeirra drengja sem hét einfaldlega Franz Ferdinand sló í gegn um allan heim og spennandi verður að sjá á næsta ári hvort önnur plata sveitarinnar geri það sama. ■



**FRANZ FERDINAND** Fyrsta plata þeirra drengja sló í gegn og spennandi verður að sjá hvort önnur plata sveitarinnar geri það sama.

# Mynd um ríkisstjórann

Bandaríska kapalstöðin A&E vinnur nú að mynd um ríkisstjórann Arnold Schwarzenegger sem frumsýnd verður í lok mánaðarins. Myndin fjallar um vöðvatröllið í kringum 1970 þegar hann gerði allt sem í sínu valdi stóð til að verða valinn Mr. Olympía. Schwarzenegger sigraði keppnina að sjálfsögðu en þá bjó hann í Austurríki.

Myndin ber nafnið „See Arnold Run“ en ríkisstjórann leikur Roland Kickinger auk þess sem Mariel Hemingway og Jurgen Prochnow bregður fyrir í henni. ■



**EINS OG ARNOLD** Roland Kickinger er sláandi líkur Arnoldi á þessari mynd.










igma verslun
Útsalan hafin
40-70% afsláttur
Kleppsmýrarvegi 8, 104 Rvk. (gegnt Bónus Skútuvogi)
Opið mán - föst frá 11-18 og laug 10-14, sími: 553-1144, www.igma.is



KARATE
Byrjendanámskeiðin hefjast 11 janúar.
Karatefélag Reykjavíkur
Kjallara Laugardalslaugar
Sími 553 5025 kfr@simnet.is
www.karatedo.is

AXE HITABLÁSARAR
Rafmagns- gas- og steinolíublásarar



Margar stærðir og gerðir
MÚRBÚÐIN
Smiðjuvegur 72 · 200 Kópavogur
Sími 544 5470 · www.murbudin.is

TILBOÐ
fiskibollur 699,-
nýlagað fiskfars 399,-
nýbakað rúgbrauð frá HP á Selfossi
Tilboðið gildir mánudag 10.jan og þriðjudag 11.jan.
Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70



Viltu vinnna?
10 hver vinnur!
Klikkaður útsölu-leikur!
Allir sem taka þátt fá glaðning!
Aðal-vinningur er MEDION XXL MEDION með 17" flatskjá!
Sendu SMS skeytið BT UTS á númerið 1900 og þú gætir unnið.
Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.
Klikkaðir aukavinningar!
MEDION M6 farsíma • Samsung GSM símar • Playstation tölvur • Panasonic heimabíó • Kodak myndavél • 14", 21" og 29" Harwa sjónvörp • DVD spilarar • Leikurinn Grand Theft Auto PS2 • Spider-Man 2 á DVD • Killzone PS2 • Grettir á VHS og DVD • U2 á DVD og geisladisk • Van Helsing á DVD • Sims 2 PC • This is Football 2005 PS2 • Bíómiðar á In Good Company • Kippur af Coke og enn meira af DVD, geisladiskum, tölvuleikjum og fleira!
*Aðalvinningur verður dreginn út úr öllum innsendum SMS skeytum • Vinningar verða afhendir í BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið

# VIÐ TÆKIÐ

## Horft á allt nema hvort annað

ÞÓRDÍS LILJA GUNNARSDÓTTIR RAKST Á MERKILEG SPAKMÆLI Í DAGBÓK NÝJA ÁRSINS

Sjónvarpið hefur sannað að fólk horfir á hvað sem er til að þurfa ekki að horfa hvort á annað. Þessi speki kallaði til mín af síðum nýju vinnudagbókarinnar á fyrsta vinnudegi ársins. Sannarlega orð að sönnu. Það er kappnóg að líta inn um glugga borgarbúa til að sjá tómleg augnaráð þeirra stara án frekari meðvitundar í sömu glampandi átt hinna bláblikkandi vistarvera.

Það voru ekki bara hin hrópandi spakmæli sem mættu þessari arfaslöppu sjónvarpsdís í ársbyrjun heldur tjáðu mér tveir samstarfsmenn sama daginn og í óspurðum fréttum að sjónvarpið væri á góðri leið með að skerða þau sjálfsögðum lífsgæðum. Annar sagðist á góðri leið með að verða heiladauður af eirðarlausu flakki á milli alltof margra sjónvarpsstöðva og tímafreku en tilgangslitlu sjónvarpsglápi kvöld eftir kvöld. Áramótaheitið yrði að slökkva á imbakassanum en eyða kvöldunum frekar í faðmlög og spjall við konuna, heimsóknir til fjölskyldu og vina, hlustun á tónlist eða lestur sér til skemmtunar og fróðleiks.

Hinn sagðist hafa áttað sig á að sjónvarpið væri að ræna hann dýrmætum vetrarkvöldum og upplifun þess að vera á lífi hvern einasta dag eftir vinnu. Sökum ógefandi sjónvarpskássu væri hann að missa af þessum froststilltu kvöldum þegar fegurð vetrarríkisins beinlínis hrópaði á fólk að koma fremur



út í göngutúr en að horfa á enn eina sápuóperuna. Áramótaheitið hefði því verið notalegheit með fjölskyldunni; spil, spjall og göngutúrar á löngum síðkvöldum. Sjálf strengdi ég engin áramótaheit í þá áttina, en lofaði sjálfri mér að herða mig aðeins í sjónvarpsgláp-inu til að vera meira með á nótunum. Það er nefnilega enginn hægðarleikur að skrifa dálk um sjónvarpsefni þegar aldrei er stoppað við það.



20.20 *Fræðsla*

**Den usynlige fjende i Arktis. Dönsk heimildarmynd um PCB-mengun í Diskóflóa en eiturefnið safnast upp í efstu lögum lífkeðjunnar.**



20.00 *Raunveruleiki*

**The Block. Fjögur áströlsk pör fá að innrétta íbúð eftir eigin höfði en eitthvað um rifrildi hefur verið í húsinu upp á síðkastið.**



21.00 *Drama*

**Dragnet. Þátturinn fjallar um störf úrvalssveitar lögreglunnar í Los Angeles í Bandaríkjunum.**

## SJÓNVARPIÐ

**15.45** Helgarsportið **16.10** Opna breska meistaramótið í golfi **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Myndasafnið **18.01** Brandur lögga (10:26) **18.09** Kóalabræður (24:26) **18.19** Bú! (46:52)

**18.30** **Spæjarar (51:52)** (Totally Spies II)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Frasier** Bandarísk gamanþáttaröð. Í aðalhlutverkum eru þau Kelsey Grammer, David Hyde Pierce, John Mahoney og Jane Leeves.
▶ **20.20** **Ósýnilegur óvinur** (Den usynlige fjende i Arktis)
**21.15** **Lögreglustjórinn** (The District III) Sakamálasyrpa um Jack Mannion, lögreglustjóra í Washington, sem stendur í ströngu í baráttu við glæpalýð og við umbætur innan lögreglunnar.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Eldlínan (2:13)** (Line of Fire) Bandarískur myndaflokkur um unga alríkislögreglukonu og baráttu hennar við glæpaforingja. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.05** Opna breska meistaramótið í golfi **0.00** Kastljósið **0.20** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey (e) **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Perfect Strangers **13.05** Auglýsingahlé Simma og Jóa **13.35** Grateful Dawg **15.15** Last Comic Standing **16.00** Ævintýri Papírusar **16.25** Töframaðurinn **16.50** Sagan endalausa **17.15** Jimmy Neutron **17.40** Póstkort frá Felix **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **The Simpsons 14 (20:22) (e)** (Simpson fjölskyldan)
▶ **20.00** **The Block 2 (8:26)**
**20.45** **Six Feet Under 4 (10:12)** (Undir grænni torfu. Bræðurnir David og Nate reka útfararþjónustu Fisher-fjölskyldunnar. Þetta er harður bransi og þeir mega hafa sig alla við til að lenda ekki undir í samkeppninni. Bönnuð börnum.
**21.35** **60 Minutes II**
**22.20** **Pandaemonium** (Ringulreið) Hér segir frá ljóðskáldunum William Wordsworth og Samuel Taylor Coleridge sem kynntust undir lok 18. aldarinnar. Vinátta þeirra og samstarf var stormasamt. Wordsworth, sem var undir miklum áhrifum frá frönsku byltingunni, var bæði afbrýðisamur og þunglyndur en Coleridge var ópíumfíkill.

**0.20** Mile High (13:13) (e) (Bönnuð börnum) **1.05** Navy NCIS (20:23) (e) **1.50** Shield (10:15) (e) (Stranglega bönnuð börnum) **2.35** Fréttir og Ísland í dag **3.55** Ísland í bítið (e) **5.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**18.15** Bak við tjöldin - A Long Engagement

**18.45** **Heimildamynd um gerð kvikmyndarinnar Alexander** Heimildamynd sem Sean Stone gerði um föður sinn, Oliver Stone, sem leikstýrði stórmyndinni ALEXANDER.
**20.00** **Dead Like Me** Daisy, George og Mason ætla sér að verða rík með aðstoð afturgenginnar ríkrar konu.
▶ **21.00** **Dragnet** Dragnet fjallar um störf úrvalssveitar lögreglunnar í Los Angeles, Rán-og morðdeildarinnar undir stjórn Joe Friday rannsóknarlögreglumanns.
**21.50** **The Handler** Spennuþættir um aðgerðarsveit innan FBI sem þjálfar menn í að fara huldu höfði til þess að hafa uppi á harðsvíruðum glæpamönnum og uppræta hættuleg glæpagengi.
**22.45** **Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal og má með sanni segja að fína og fræga fólkið sé í áskrift að kaffisopa í settinu þegar mikið liggur við.

**23.30** Law & Order: SVU (e) **0.15** Óstöðvandi tónlist

## BÍÓRÁSIN

**8.15** The Spanish Prisoner **9.45** Music of the Heart **11.45** The House of Mirth **14.00** The Spanish Prisoner **16.00** Music of the Heart **18.00** Ocean's Eleven (B. börnum) **20.00** Rollerball (Strangl. b. börnum) **22.00** Quicksand (Strangl. b. börnum) **0.00** Out of Control (Strangl. b. börnum) **2.00** Ocean's Eleven (B. börnum) **4.00** Quicksand (Strangl. b. börnum) **6.00** The Shrink Is In (B. börnum)

## OMEGA

**16.00** Blandað efni **18.00** Joyce Meyer **19.30** Samverustund **20.30** Maríusystur **21.00** Um trúna og tilveruna Friðrik Schram (e) **21.30** Joyce Meyer **22.00** Í leit að vegi Drottins **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Kvöldljós (e) **1.00** Nætursjónvarp

## AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** **20.15** Korter **21.00** Níubíó. The Land Girls **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS

**10.00** SKY News Today **13.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **19.30** SKY News **20.00** News on the Hour **21.00** Nine O'clock News **21.30** SKY News **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS News **1.00** News on the Hour **5.30** CBS News

### CNN INTERNATIONAL

**8.00** Business International **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** Business International **12.00** World News Asia **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News Asia **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** Your World Today **19.30** World Business Today **20.00** World News Europe **20.30** World Business Today **21.00** World News Europe **21.30** Living Golf **22.00** Business International **23.00** Insight **23.30** World Sport **0.00** CNN Today **2.00** Larry King Live **3.00** Newsnight with Aaron Brown **4.00** Insight **4.30** World Report

### EUROSPORT

**7.30** Rally: Rally Raid Dakar **8.00** Olympic Games: Olympic Magazine **9.00** Ski Jumping: World Cup Willingen Germany **10.00** Football: National Championship Greece **11.30** Rally: Rally Raid Dakar **12.00** Ski Jumping: World Cup Willingen Germany **13.15** Cycling: World Cup (track) Manchester **14.45** Football: International Tournament of Maspalomas Spain **16.30** Football: Eurogoals **17.15** Football: Goooal ! **17.30** All sports: WATTS **18.00** Sumo: Kyushu Basho Japan **19.00** Football: EFES Pilsen Cup **21.00** All sports: WATTS **21.30** Rally: Rally Raid Dakar **22.15** Football: Eurogoals **23.00** News: Eurosportnews Report **23.15** Boxing **0.00** Rally: Rally Raid Dakar

### BBC PRIME

**7.35** S Club 7: Viva S Club **8.00** Changing Rooms **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Big Strong Boys in the Sun **9.45** Trading Up **10.15** Bargain Hunt **10.45** The Weakest Link Special **11.30** Classic EastEnders **12.00** Classic EastEnders **12.30** Antiques Roadshow **13.00** English Time: Get the Meaning **13.20** Muzzy in Gondoland **13.25** Muzzy in Gondoland **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Zingalong **14.45** Tikkabilla **15.05** S Club 7: Viva S Club **15.30** The Weakest Link Special **16.15** Big Strong Boys **16.45** Bargain Hunt **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Diet Trials **18.30** EastEnders **19.00** Holby City **20.00** NCS Manhunt **20.55** NCS Manhunt **21.50** Black Cab **22.00** Lenny Henry in Pieces **22.30** I'm Alan Partridge **23.00** Born and Bred **0.00** Supernatural Science **1.00** Century of Flight **2.00** Ancient Voices **3.00** Make Or Break **3.30** Make Or Break **4.00** Follow Me **4.15** Follow Me **4.30** Kids English Zone

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**16.00** Last of the Dragons **17.00** Battlefront: Battle of Anzio **17.30** Battlefront: Invasion of Sicily **18.00** Egypt Detectives: Mystery of the Rebel Pharaoh **18.30** Tales of the Living Dead: One Armed Skeleton **19.00** Totally Wild **19.30** Monkey Business **20.00** Last of the Dragons **21.00** Built for the Kill: Shark **22.00** Mankillers - Africa's Giants **23.00** Battlefront: the Last Strong Hold **23.30** Battlefront: D-day **0.00** Built for the Kill: Shark **1.00** Explorations: Survival - Beyond Evolution

### ANIMAL PLANET

**16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** Growing Up... **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** O'Shea's Big Adventure **20.00** Mad Mike and Mark **21.00** Emergency Vets **21.30** Hi-Tech Vets **22.00** Natural Comparisons **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed all About It **0.00** Vets in Practice **0.30** Emergency Vets **1.00** O'Shea's Big Adventure **2.00** Mad Mike and Mark **3.00** Emergency Vets **3.30** Hi-Tech Vets **4.00** The Planet's Funniest Animals **4.30** Amazing Animal Videos

### DISCOVERY CHANNEL

**16.00** Hooked on Fishing **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A Racing Car is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Incredible Medical Mysteries **21.00** Trauma - Life in the ER **22.00** Skin Sculptors **23.00** Forensic Detectives **0.00** Weapons of War **1.00** Gladiators of World War II **2.00** Hooked on Fishing **2.30** Rex Hunt Fishing Adventures **3.00** Globe Trekker **4.00** Battle of the Beasts

### MTV EUROPE

**9.00** Top 10 at Ten **10.00** Just See MTV **12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** European Top 20 **20.00** Making the Video **20.30** Jackass **21.00** Surviving Nugent **22.00** MTV Mash **22.30** Pimp My Ride **23.00** The Rock Chart **0.00** Just See MTV

### VH1 EUROPE

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Weather Report Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** VH1 Hits **16.00** So 80's **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** 2004 Remembered **21.00** Celebrity Superspenders **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

### CARTOON NETWORK

**7.30** The Grim Adventures of Billy & Mandy **7.55** Courage the Cowardly Dog **8.20** Scooby-Doo **8.45** Spaced Out **9.10** Dexter's Laboratory **9.35** Johnny Bravo **10.00** The Addams Family **10.25** The Jetsons **10.50** The Flintstones **11.15** Looney Tunes **11.40** Tom and Jerry **12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### OCEAN'S ELEVEN

*Bíórásin* **kl. 18.00**

*Einkunn á imdb.com: 7,5*

## *Ekkert blóð*

Þegar Daniel Ocean losnar úr fangelsi í New Jersey er hann strax búinn að skipuleggja næsta rán. Skotmörk Dannys eru þrjú spilavíti í Las Vegas: Bellagio, Mirage og MGM Grand sem eru í eigu Terry Benedict.
Danny safnar saman atvinnumönnum alls staðar af landinu. Það er spilatöframaðurinn Rusty Ryan, vasaþjófurinn Linus Caldwell og Basher Tarr. Reuben Tishkoff sér um fjármálin, bræðurnir Virgil og Turk Malloy ætla að keyra bílinn og Frank Catton fær vinnu á spilavíti til að læra inn á það. Og það eru aðeins þrjár reglur sem gilda. Númer 1: Ekkert blóð. Númer 2: Ræna bara þá sem eiga það skilið. Númer 3: Rændu eins og þú hafir engu að tapa.



Matt Damon og George Clooney leika tvö af aðalhlutverkunum.

Aðalhlutverk leika George Clooney, Andy Garcia, Julia Roberts, Matt Damon og Brad Pitt.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„How can I be out of danger if I'm not dead?"**

**Svar:** Rachel Cameron úr kvikmyndinni Rachel, Rachel frá árinu 1968.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.03** Laufskálinn **9.40** Af minnisstæðu fólki **9.50** Morgunleikfimi **10.15** Stefnumót **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.05** Í hosíló **14.03** Útvarpssagan, Blindingsleikur **14.30** Miðdegistónar **15.03** Af álfum var það nóg **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir

**18.26** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Nú, þá, þegar **21.00** Litla stúlkan með eldspýturnar **21.55** Orð kvöldsins

**22.15** Úr tónlistarlífinu

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir

**18.26** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert með The Darkness **22.10** Hringir

**0.10** Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**6.00** Arnþrúður Karlsdóttir. **7.00** Gústaf Níelsson. **9.00** Ólafur Hannibalsson. **10.00** Arnþrúður Karlsdóttir - símatími. **11.00** Arnþrúður Karlsdóttir.

**12.00** Smáauglýsingar. **13.00** Jóladagskrá - Jörundur Guðmundsson. **14.00** Gústaf Níelsson. **15.00** Þorgrímur Gestsson. **16.00** Viðskiptaþátturinn. **17.00** Arnþrúður Karlsdóttir **18.30** Fréttir **20.00** Ólafur Hannibalsson - endurflutningur **21.00** Arnþrúður Karlsdóttir - endurflutningur.



**22.30** *Spjall*

**David Letterman. David fær fræga fólkið í spjall til sín og Paul Shaffer sér um góðu tónlistina á milli atriða.**

## SÝN

**16.30** Íslenski popplistinn **17.00** Jing Jang **17.45** David Letterman

**18.30** **Amerískí fótboltinn** (NFL 04/05)
**20.30** **Boltinn með Guðna Bergs** Evrópuboltinn frá ýmsum hliðum. Sýnd verða mörk úr fjölmörgum leikjum og umdeild atvik skoðuð í þaula. Góðir gestir koma í heimsókn og segja álit sitt á því fréttanæmasta í fótboltanum hverju sinni. Umsjónarmenn eru Guðni Bergsson og Heimir Karlsson.
**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.
**22.30** **David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

**23.15** Boltinn með Guðna Bergs.

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **7.40** Meiri músík **17.00** Jing Jang **18.00** 17 7 **19.00** Game TV (e) **19.30** Headliners (e) **20.00** Crank Yankers **21.00** Kenny vs. Spenny **21.30** Idol Extra **22.00** Fréttir **22.03** Jing Jang **22.40** The Man Show **23.10** Popworld 2004 **0.10** Meiri músík

**15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

**FOX KIDS**

**7.15** Magic School Bus **7.40** Tiny Planets **7.50** Little Wizards **8.15** Three Little Ghosts **8.45** Sylvanian Families **9.10** Happy Ness **9.35** Bad Dog **9.50** Three Friends and Jerry I **10.05** Dennis **10.30** Life With Louie **10.55** Inspector Gadget **11.20** Gadget and Gadgetinis **11.45** Black Hole High **12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM MOVIE CHANNEL**

**9.10** Rosebud **11.15** Crossplot **12.50** Say Yes **14.20** Fatal Memories **15.55** Taras Bulba **18.00** Breakheart Pass **19.35** The Last Time i Saw Archie **21.15** For Better Or for Worse **22.50** Bayou **0.15** Posse **2.05** Deadly Intent **3.30** Report to the Commissioner

**TCM**

**20.00** Brainstorm **21.45** Brewster McCloud **23.30** Hot Millions **1.15** International Velvet **3.10** Somewhere I'll Find You

**HALLMARK**

**8.00** Cupid & Cate **9.45** Dynasty: Behind The Scenes **11.15** Early Edition **12.00** A Child's Cry For Help **13.45** In the Beginning **15.15** Cupid & Cate **17.00** Dynasty: Behind The Scenes **18.30** Early Edition **19.30** Law & Order III **20.30** Sudden Fury **22.15** The Inspectors 2: A Shred of Evidence




## HRÓSIÐ



*...fær Bibbi Curver fyrir fyrsta alíslenska raunveruleikasjónvarpsefnið. Vinnuferli tiltektargjörnings hans má sjá í lífsstílsþættinum Innlit/Útlit á SkjáEinum. Ekki er vitað til þess að raunveruleikasjónvarp af þessu tagi hafi verið framkvæmt annars staðar í heiminum.*

## SÉRFRÆÐINGURINN

**Tímatal:** Gregoríanska tímatalið er nákvæmt en ruglingslegt.

# Tímatöl rekast á

Margir hafa væntanlega veitt því athygli að Rússar halda ekki jól á sama tíma og við. Þegar menn héldu upp á þrettándann hér á landi var kominn aðfangadagur í Rússlandi.

Ástæðan er sú að rússneska rétttrúnaðarkirkjan og fleiri kirkjur í Austur-Evrópu notast enn við gamla júlíanska tímatalið, sem núna er þrettán dögum á eftir okkar tímatali. Þetta gerir það að verkum að í dag er 28. desember í dagatali rússnesku kirkjunnar, þótt kominn sé 10. janúar hér á landi.

„Þessi ákvörðun kirkjunnar manna í Austur-Evrópu stafar náttúrlega af því að það var páfinn sem hafði forgöngu um að breyta tímatalinu, og þeim var illa við allt sem frá páfanum kom,“ segir Þorsteinn Sæmundsson, ritstjóri Almanaks Háskóla Íslands.

„Þetta hefur svo ýmsar afleiðingar. Þeir halda auðvitað upp á jól og þrettándann, en ekki á sama tíma og við. Svo koma páskarnir, en dagsetningarnar verða oftast nær allt aðrar. Páskadagur er mjög oft seinna hjá þeim, en þó ekki alltaf. Í fyrra var til dæmis páskadagurinn sá sami, en í ár erum við með 27. mars en hjá þeim 18. apríl, en sá dagur er reyndar 1. maí hjá okkur.“

Stjórnvöld og almenningur í Rússlandi hafa reyndar notað sama tímatal og við í rúmlega áttatíu ár, þótt kirkjan þráist enn við gamla stílinn. Gregoríanska tímatalið hefur hins vegar marga kosti umfram hið júlíanska, en Þorsteinn segir samt langt frá því að það sé gallalaust.

„Það tímatal sem við búum við er mjög nákvæmt í sjálfu sér. Samt er í því margt ruglingslegt, mismunandi langir mánuðir og páskarnir sem sífellt færast til. Margar tillögur hafa komið fram um að breyta þessu þannig að páskadagur verði til dæmis alltaf fyrsta sunnudag í apríl. En þessu er afar erfitt að breyta því við búum við svo langa hefð í þessum málum.“

Margvíslegar hugmyndir hafa verið settar fram um ný tímatöl, sem myndu einfalda útreikninginn til muna en erfitt gæti reynst að hrinda þeim í framkvæmd.

Þorsteinn segir reyndar að gamla íslenska tímatalið standi alltaf fyrir sínu og hafi marga kosti, sem önnur tímatöl geta ekki státað af.

„Mánuðirnir voru til dæmis allir jafn langir og byrjuðu alltaf á sömu vikudögum. Í staðinn fyrir að nota hlaupársdaga notuðu menn hlaupársviku, ef svo má segja. Einni viku var skotið inn í með reglulegu millibili. Fræðilega má segja að þetta hafi verið betra tímatal, en ég er hræddur um að það geti orðið erfitt að taka það upp.“



**ÞORSTEINN SÆMUNDSSON** Gamla íslenska tímatalið hefur marga kosti umfram önnur tímatöl.



**Lárétt:** **1** verslun, **5** bættu við, **6** grastotti, **7** sólguð, **8** fantur, **9** spjall, **10** keyri, **12** fuglahljóð, **13** að utan, **15** sönghópur plús r, **16** heyhrúga, **18** tanna.

**Lóðrétt:** **1** siðprýði, **2** keyra, **3** tveir eins, **4** viðbitstegund, **6** fíkniefni, **8** starfsgrein, **11** sterk, **14** eins um t, **17** félagasamtök.

**LAUSN**

**Lárétt:** **1** kaup, **5** uku, **6** tó, **7** ra, **8** fól, **9** rabb, **10** ek, **12** gal, **13** inn, **15** kó, **16** sáta, **18** naga.
**Lóðrétt:** **1** kurteisi, **2** aka, **3** uu, **4** sólblóma, **6** tóbak, **8** fag, **11** kná, **14** ntn, **17** aa.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 6

1. Vegna þess að liðið gerði jafntefli við utandeildarliðið Exeter.
2. Um 25%.
3. Palestínu.

**Í.R.A.**: GEFUR MUNAÐARLAUSUM DRENGJUM Í ÚGANDA NÝTT ÚTVARP

# Muwango er ekta amatör

Félag íslenskra radíóamatöra hefur ákveðið að gefa tveimur munaðarlausum drengjum frá Úganda, þeim Muwango og Peter, nýtt útvarp.

Tilefnið er grein sem birtist 16. október í Fréttablaðinu um hátt hlutfall alnæmissmitaðra í Úganda. Fyrir vikið er fjöldinn allur af börnum munaðarlaus, þar á meðal þeir Muwango og Peter. Í greininni kom fram að Muwango hafði útbúið loftnet úr reiðhjólagjörð og gaddavír og gat þannig hlustað á fimm útvarpsstöðvar en hann hefur mikinn áhuga á fréttum og umheiminum. Hingað til hefur hann notast við gamalt og lúið útvarpstæki sem er tengt frumstæðum hátalara úr vatnsbrúsa sem hann hefur sjálfur búið til. Útvarpið gengur fyrir rafhlöðum sem eru mjög dýrar og því nauðsynlegt að fara sparlega með þær.

Haraldur S. Ólafsson, formaður Félags íslenskra radíóamatöra, segir að Muwango sé ekta amatör. „Þetta er akkúrat það sem þetta snýst um, að prófa sig áfram og finna út að eitt er betra en annað. Við hrifumst að þessari grein og ákváðum að gefa honum nýtt útvarp og rafhlöður,“ segir Haraldur. Félagið hefur þegar afhent Jónasi Þóri Þórissyni, framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar, pening sem hann mun síðan nota til að kaupa stuttbylgjuútvarp í Úganda, því þau eru mikið notuð í Afríku.

Félag íslenskra radíóamatöra, Í.R.A., var stofnað árið 1946 og verður því 60 ára á næsta ári. Meðlimir eru um 120 talsins og til að fá inngöngu þarf að taka próf hjá Póst- og fjarskiptastofnun sem eru haldin tvisvar á ári.

Félagið er til húsa í gamla Skeljungshúsinu í Skerjafirði. „Sumir eru í loftinu, þ.e. í samböndum um allan heim. Aðrir spjalla um tæknimál og bara um daginn og veginn líka,“ segir Haraldur um starfsemina og vill minna á heimasíðuna ira.is. Hún tengist ekkert hryðjuverkasamtökunum alræmdu eins og einhverjir kynnu að halda.

freyr@frettabladid.is



**FÁTÆKIR BRÆÐUR** Bræðurnir Muwango og Peter búa við þröngan kost í Úganda. Muwango, til hægri, situr við loftnetið sem hann bjó til úr reiðhjólagjörð og gaddavír. Þeir fá brátt nýtt og glæsilegt útvarp frá Félagi íslenskra radíóamatöra.



**HJÁLPARSTOFNUN FÆR PENING** Haraldur S. Ólafsson, formaður Félags íslenskra radíóamatöra, afhendir Hjálparstofnun kirkjunnar pening fyrir nýju útvarpi og rafhlöðum.











# Hlutlaus gleraugu djössuð upp

Gleraugnaverslunin Optic Reykjavík býður upp á hin frönsku Zenka gleraugu frá fyrirtækinu Tand'M. Gleraugun eru sérstök að því leyti að með einföldum hætti er hægt að skipta út hluta af umgjörðinni og fá þannig allt aðra stemningu í gleraugun og útlitið. Grunnumgjörðin gæti því verið svört en með henni er hægt að kaupa ýmiss konar „skreytiklemmur“ til þess að lífga upp á tilveruna. „Hugmyndin kemur frá franskri konu, Patriciu Charmoille, sem er sjónfræðingur að mennt. Henni leiddist meðalmennskan í gleraugum og ákvað að hanna sína eigin línu. Hún byggði hugmyndina á því að taka umgjarðir sem væru í senn „zen“, klæðilegar og yfirvegaðar og djassa þær upp við ólík tækifæri,“ segir Axel Örn Ársælsson, sjónfræðingur og annar eigenda Optic.

Af þessari hugmynd er „Zenka“ gleraugnalínan sprottin og ásamt eiginmanni sínum, Lionel sem er líka sjónfræðingur, hafa þau Patricia rutt af stað bylgju um alla Evrópu sem sér ekki fyrir endann á. „Fólk er alltaf að veigra fyrir sér að kaupa dýr og áberandi gleraugu í skærum lit. Ástæðan er sú að fólk vill ekki ganga með áberandi gleraugu alla daga og langar þá jafnvel að eiga tvenn eða þrenn, en þyrfti þá að kaupa fleiri umgjarðir og ný gler í hverja einustu.

Með tilkomu Zenka gleraugnanna hefur þetta breyst því fólk getur breytt um útlit á gleraugunum án þess að þurfa að kaupa sér önnur. Gleraugun koma í títaníum, málmi og plasti og skreytiklemmurnar eru allar úr stáli. Auðvelt er að smella þeim á og taka þær aftur af og ætlun Zenka línunnar er að koma með nýjar klemmur á tveggja mánaða fresti.“ ■



**ZENKA GLERAUGNALÍNAN** Býður upp á þann kost að hægt er að skipta út hluta af umgjörðinni og fá þannig allt aðra stemningu í gleraugun.

# Útsala

√ Flott borð
√ DVD spilari
√ Spiderman
í kaupbæti!

SONY



DVD spilari fylgir að verðmæti 12.950!

KV-32FQ86
**32" 100Hz sjónvarp**
• Picture Power
• Avanceret 100 Hz Digital Motion
• Mynd og mynd • Fjarstýring fyrir fjölda tækja
**Verð 14.995 krónur**
**vaxtalaust* í 12 mán. eða**
**179.940 krónur staðgreitt**



Þrír 1GB HiMD diskar og taska fylgir!

MZ-NH700/S
**Sony Hi-MD mini-disk 700**
• Geymir öll gögn (músík/PC gögn) 1 GB
• USB tengi bus powered (PC Upload)
• High Speed data transfer (100X)
Verð áður 39.950 krónur
**Verð 29.950 krónur**



Ótrúlegt verð!

D-EJ100/SC
**Ferðageislaspilari**
• G-Protection Jog Proof hristivörn
• Digital MEGA BASS
• Heyrnatól og straumbreytir fylgja
Verð áður 9.995 krónur
**Verð 4.995 krónur**



NW-HD1
Sony Harddisk Walkman 20 GB
• Geymir öll gögn (músík/PC gögn/video)
• G-Protection hristivörnin verndar gögnin
• Rafhlöðuending allt að 30 klst.
Verð áður 59.950 krónur
**Verð 44.950 krónur**



Ótrúlega nett mynda-vél en ekkert gefið eftir í gæðum!

DSC-T3
**Stafræn myndavél**
• 5.1 milljón effective Super HAD CCD
• Carl Ceiss Vario-Tessar linsa
• 3x optical aðdráttur (6x precision digital)
Verð áður 65.950 krónur
**Verð 44.950 krónur**



DCR-HC14E
**DV tökuvél**
• 800.000 pixla Super HAD myndflaga
• Carl Zeiss Vario-Sonnar linsa
• 2.5" Litaskjár (snertiskjár)
**Verð 3.995 krónur**
**vaxtalaust* í 12 mán. eða**
**47.940 krónur staðgreitt**

Tekur beint upp á DVD diska!



DCR-DVD101E
**DVD tökuvél**
• 800.000 pixla Super HAD myndflaga
• Carl Zeiss Vario-Sonnar linsa
• 2.5" Litaskjár (123.000 pixlar,snertiskjár)
Verð áður 119.950 krónur
**Verð 99.950 krónur**

## Kauptu Sony hjá Sony

You make it a Sony

*Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Sony Center Kringlunni

www.sonycenter.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**Dreifing:** 515 7520 **Auglýsinga- og markaðsdeild:** 550 5010 – fax 550 2727, auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






BAKÞANKAR
ÞRÁINS BERTELSSONAR

## Að hætta við uppskurð?

Ekki nóg með að pólitísk umræða á landinu sé á villigötum heldur rekur skoðanakönnun Gallup smiðshöggið á delluna með því að spyrja þjóðina spurninga sem eru svo vitlausar, að utanríkisráðherrann segist hefði lent í vandræðum að svara þeim. Gallup asnaðist til að spyrja fólk hvort Ísland eigi að vera á lista með þeim þjóðum sem styðja hernaðaraðgerðir Bandaríkjamanna og Breta í Írak. Þótt það sé of seint í rassinn gripið er augljóst að vísindalegra hefði verið að spyrja: Viltu að utanríkisráðherrann hætti að fara í uppskurðinn í fyrrasumar?

**AUÐVITAÐ** er þetta öldungis rétt hjá ráðherranum sem bendir á að hann yrði settur á Klepp ef hann gerði sér ferð upp á Landspítala til að heimta að uppskurðurinn sem hann fór í fyrir nokkrum mánuðum verði tekinn til baka.

**SVONA** rök getur enginn hrakið, og allra síst þegar ráðherrann bætir því við að Íslendingar hafi aldrei verið í hópi svonefndra „staðfastra þjóða“ – og reyndar aldrei í „neinum sérstökum hópi“. Þar fyrir utan bendir hann á að villandi upplýsingar hafi borist úr utanríkismálanefnd: Formaður Framsóknarflokksins og óbreyttur framsóknarmaður (reyndar bara kona) í nefndinni eru missaga um hvort málið hafi komið fyrir nefndina. Þar stendur orð á móti orði, og því er ástæðulaust að ræða það frekar. Og hvað ákvörðunina um stuðninginn varðar var þessi ákvörðun ekki beinlínis „ákvörðun“ heldur meira svona „pólitísk yfirlýsing“ og þeir sem gáfu hana voru þeir sem eiga að gefa „pólitískar yfirlýsingar“ samkvæmt íslenskri stjórnskipan. Þetta hljóta allir að sjá að er fínasta lögfræði.

**VIÐ ÞETTA** léttir af manni þungu fargi. Maður hélt að Íslendingar væru staðfastir stuðningsaðilar innrásar í fullvalda ríki og bæru ábyrgð samkvæmt því. Nú kemur á daginn að þetta er allt saman tóm della og enginn ber ábyrgð á nokkrum sköpuðum hlut, nema því að hafa látið stjórnarandstöðuna og Gallup leiða sig á villigötur. Maður vonar bara að utanríkisráðherrann taki ekki skyndilega upp á því að afturkalla uppskurðinn sem forsætisráðherrann samþykkti að undirgangast.

7/9

SJÖ AF NÍU INNLÁNSREIKNINGUM KB BANKA SKILUÐU HÆSTU ÁVÖXTUN SAMBÆRILEGRA INNLÁNSREIKNINGA BANKA OG SPARISJÓÐA Á ÁRINU 2004

KB BANKI
– kraftur til þín!

FÁ FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Innritun fyrir vorönn 7. – 17. janúar á www.fa.is

Skólameistari